

Ársskýrsla Fjármálaeftirlitsins

2018



FJÁRMÁLAEFTIRLITID
THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

Ársskýrsla Fjármálaeftirlitsins 2018

Útgefandi:

Fjármálaeftirlitið

Katrínartúni 2

105 Reykjavík

Sími: 520 3700 / Símbref: 520 3727

Tölvupóstur: fme@fme.is

Ritstjórn: Jón Þór Sturluson, Bjarki Vigfússon, Sigurður G. Valgeirsson og Sigurður Freyr Jónatansson

Hönnun & umbrot: ENNEMM

Ljósmyndir: Birgir Ísleifur Gunnarsson

Efnisyfirlit

Ávarp forstjóra	7
1 Starfsemi Fjármálaeftirlitsins	11
1.1 Eftirlitsstarfsemi	11
1.2 Viðurlög og breytingar á réttarheimildum fjármálamarkaðar	18
1.3 Viðskiptahættir og neytendamál	22
1.4 Innviðir	23
1.5 Rekstur og fjármál	24
2 Fjármálamarkaðurinn	26
2.1 Efnahagshorfur	26
2.2 Verðbréfamarkaður	28
2.3 Lánamarkaður	31
2.4 Vátryggingamarkaður	34
2.5 Lífeyrissjóðir og vörsluaðilar lífeyrissparnaðar	36
2.6 Rekstrarfélög verðbréfasjóða, verðbréfa- og fjárfestingasjóðir og fagfjárfestasjóðir	39
3 Annáll ársins	42
3.1 Helstu atburðir frá maí 2017 til aprílloka 2018	42
3.2 Yfirlit yfir ákvarðanir og gagnsæistilkynningar frá 1. maí 2017 til aprílloka 2018	52
3.3 Yfirlit yfir tölublöð Fjármála og greinar frá 1. maí 2017 til aprílloka 2018	53
4 Aðilar undir eftirliti Fjármálaeftirlitsins	55
4.1 Fjöldi aðila undir eftirliti Fjármálaeftirlitsins	56
4.2 Starfsemi erlendra aðila á Íslandi	57



Efni ársskýrslunnar

Efnisumfjöllun ársskýrslu Fjármálaeftirlitsins 2018 tekur í meginatriðum til tímabilsins frá 1. maí 2017 til 30. apríl 2018. Í skýrslunni er sagt frá helstu verkefnum Fjármálaeftirlitsins. Einnig er fjallað um stöðu og þróun á bankamarkaði, lífeyris- og váttryggingamörkuðum og verðbréfa- og verðbréfasjóðamarkaði á árinu 2017. Í skýrslunni er einnig að finna margvíslegar upplýsingar er varða fjármálamarkaðinn og fyrirkomulag opinbers eftirlits með fjármálastarfsemi. Skýrslan er birt á íslensku og ensku á vef Fjármálaeftirlitsins.

Stjórn og stjórnendur Fjármálaeftirlitsins

Yfirstjórn Fjármálaeftirlitsins er í höndum þriggja manna stjórnar. Hlutverk hennar er að móta áherslur í starfi og fylgjast með starfsemi og rekstri Fjármálaeftirlitsins. Meiri háttar ákvarðanir skal bera undir stjórnina til samþykktar eða synjunar. Stjórnin ræður forstjóra sem fer með daglega stjórnun eftirlitsins. Í stjórn sitja eftirfarandi í maí 2018: Ásta Þórarinsdóttir hagfræðingur, sem er formaður, Guðrún Þorleifsdóttir skrifstofustjóri, sem er varaformaður og Arnór Sighvatsson

aðstoðarseðlabankastjóri, tilnefndur af Seðlabanka Íslands. Varamenn eru: Friðrik Ársælsson lögmaður, Guðrún Ögmundsdóttir, forstöðumaður í Seðlabanka Íslands og Andri Fannar Bergþórsson, lektor við lagadeild Háskólans í Reykjavík. Harpa Jónsdóttir sat í stjórn Fjármálaeftirlitsins sem varamaður fram á mitt ár 2017 þegar Guðrún Ögmundsdóttir tók sæti hennar. Ástríður Jóhannesdóttir sat í stjórn Fjármálaeftirlitsins sem varamaður til ársloka 2017 er Andri Fannar Bergþórsson tók sæti hennar.

Stjórnendur Fjármálaeftirlitsins

Forstjóri *

Unnur Gunnarsdóttir

Aðstoðarforstjóri *

Jón Þór Sturluson

Yfirlögfræðingur

Anna Mjöll Karlsdóttir

Eftirlitssvið

Björk Sigurgísladóttir

framkvæmdastjóri hlýtingar og úttekta

Finnur Sveinbjörnsson

framkvæmdastjóri banka

Páll Friðriksson

framkvæmdastjóri markaða og viðskiptahátta

Rúnar Guðmundsson

framkvæmdastjóri lífeyris og váttrygginga

Stoðsvið

Ingibjörg Sigrún Stefánsdóttir

framkvæmdastjóri rekstrarsviðs

Árni Ragnar Stefánsson

mannauðsstjóri

Bjarni Þór Gíslason

upplýsingatæknistjóri

* Unnur Gunnarsdóttir er í námsleyfi fram til júní 2018. Það kom því í hlut Jóns Þórs Sturlusonar aðstoðarforstjóra að rita ávarp forstjóra í þessa ársskýrslu.



Ávarp forstjóra

Fjármálakreppan sem leiddi til hruns íslenska fjármálakerfisins og hófst fyrir meira en tíu árum er okkur flestum í fersku minni og áhrif hennar sjást enn víðs vegar. Þó svo að efnahagslífið hafi að nýju komist á gott skrið og tiltölulega gott jafnvægi náðst á ýmsum sviðum fjármáلالífsins er enn ýmislegt í grunngerð þess sem mótast af hruninu.

Meiriháttar fjármálaáföll valda gríðarlegu tjóni á ýmsum sviðum. Því er til vinnandi að fyrirbyggja sem kostur er og draga úr afleiðingum sambærilegra áfalla í framtíðinni. Hin mikla áskorun undanfarinna ára hefur verið að styrkja undirstöður fjármálamarkaðarins með umbótum á regluverki og eflingu eftirlits. Mestu máli skipta nýir alþjóðlegir staðlar um mat á áhættu og mildun hennar og bestu framkvæmd í eftirliti.

Ísland er hluti af Evrópska efnahagssvæðinu og ber því að taka upp tilskipanir og reglugerðir Evrópusambandsins er varða fjármálafyrirtæki, váttryggingamarkaðinn og verðbréfamarkaðinn. Heildarendurskoðun á evrópska regluverkinu í kjölfar fjármálakreppunnar er að mestu leyti lokið. Hérlandis er þó enn verulegur uppsafnaður upptökuhalli sem gerir það að verkum að á næstu misserum og árum verður áframhald á örri þróun laga og reglna á fjármálamarkaði. Enn er ólokið innleiðingu á mikilvægum tilskipunum á sviði verðbréfasjóða, verðbréfamiðstöðva, innstæðutrygginga, endurskipulagningar og skilameðferðar fjármálafyrirtækja og greiðslumiðlunar, svo eitthvað sé nefnt. Enn er ekki búið að innleiða fjórðu bankatilskipunina (CRD IV) frá 2013 að fullu, þó svo að búið sé að leggja fram drög að þeirri fimmtu. Upptökuhallinn stafar af því að hérland stjórnvöld hafa ekki gert nægar ráðstafanir til að mæta fjölda og umfangi Evróputilskipana og reglugerða. Verði ekkert að gert, mun ekki ganga á innleiðingarskuld Íslands á sviði fjármálamarkaða í bráð.

Fjöl margar breytingar hafa verið gerðar á íslenskum lögum að innlendu frumkvæði í kjölfar hrunsins. Svo dæmi sé tekið hefur lögum um fjármálafyrirtæki verið breytt 22 sinnum frá árinu 2008, bæði í stóru og smáu. Sem dæmi um séríslensk ákvæði eru: Verulega takmarkað svigrúm fjármálafyrirtækja til lánveitinga til stjórnarmanna, stjórnenda og lykilstarfsmanna; lægra

þak á kaupaukum og víðtækara gildissvið kaupaukareglna en almennt þekktist; takmarkanir á eignarhaldi banka á fyrirtækjum í óskyldum rekstri og bann við lánveitingum með veði í eigin hlutabréfum.

Það hefur verið meginstefna íslenskra stjórnvalda síðustu áratugi að reglur á íslenskum fjármálamarkaði séu í sem mestu samræmi við gildandi reglur á Evrópska efnahagssvæðinu. Um þessa stefnu ríkir sátt á fjármálamarkaði. Sumir ganga svo langt að segja að farsælast sé að engar séríslenskar reglur gildi á þessu sviði. Evróputilskipanir fela þó almennt ekki í sér fullkomna samræmingu á milli landa og jafnvel í reglugerðum eru valkvæð ákvæði og svigrúm fyrir sértækar lausnir. Af hreinum praktískum ástæðum gengur þessi hugmynd því ekki upp. Það væri heldur ekki æskilegt að reglurnar tækju ekki, að einhverju leyti að minnsta kosti, tillit til séraðstæðna á hverjum stað. Öll ríki á EES svæðinu hafa í einhverjum mæli sett sértækar reglur á sviði fjármálamarkaða.

Eflaust eru dæmi um séríslenskar reglur sem settar voru strax í kjölfar hrunsins, sem vert er að endurskoða í ljósi reynslunnar og í samhengi við þróun á alþjóðavettvangi. Jafnframt er þó mikilvægt að huga að sviðum sem Evrópureglur ná ekki til. Þar ber spurninguna um hvort aðskilja eigi fjárfestingarbankastarfsemi frá viðskiptabankastarfsemi ef til vill hæst. Á því sviði hafa Evrópuríki farið ólíkar leiðir, allt frá því að aðhafast ekkert til að setja strangar kröfur um rekstrarlegan aðskilnað.

Fjármálaeftirlitið leggur reglulega mat á áhættu vegna eigin stöðutöku fjármálafyrirtækja og annarra markaðsviðskipta. Undanfarin ár hefur slík áhætta mælst tiltölulega hófleg hér á landi, að minnsta kosti hjá kerfislega mikilvægum bönkum, og því er auðvelt að draga þá ályktun að ekki sé rík ástæða til lagasetningar á þessu sviði. Á hinn bóginn má benda á að skjótt skipast veður í lofti og að rök geti verið fyrir því að skilgreina fyrirfram eðlilegar varnarlínur og tryggja Fjármálaeftirlitinu

heimildir til að mæla fyrir um rekstrarlegan aðskilnað ef markaðsáhætta fer yfir fyrirfram skilgreind mörk og aðrar varúðarkröfur nægja ekki til áhættumildunar.

Oft heyrir sú skoðun að hið nýja regluverk á fjármálamarkaði sé um of miðað við síðasta fjármálaáfall. Það sé fyrst og fremst hannað til að koma í veg fyrir síðustu fjármálakreppu, á meðan allar líkur séu á því að næsta fjármálakreppa verði allt annars konar. Það er rétt ályktað að reynt hefur verið að draga lærdóm af síðustu kreppu og efla viðnámsþrótt, þar sem hann hefur ekki reynst nægur, og takmarka óæskilega hvata til óhöflegar áhættutöku. Það er hins vegar rangt að einungis sé litið í baksýnispegilinn. Ný umgjörð um varúðareftirlit er með allt öðrum og framsýnni hætti en áður. Til að mynda er nú stór hluti af eftirliti með fjármálafyrirtækjum og váttryggingarfélögum með áherslu á stjórnarhætti og viðskiptalíkon viðkomandi fyrirtækja. Mikil áhersla er lögð á greiningu á nýjum áhættum og lífvænleika viðskiptalíkana. Ennfremur hafa kröfur um hæfi og hæfni stjórnarmanna og stjórnenda fyrirtækja gjörbreyst og ábyrgð þeirra verið aukin.

Markmið fjármálaeftirlits eru þrenns konar. Að varðveita fjármálastöðugleika, gæta að réttindum og hagsmunum neytenda og fjárfesta og efla traust og trúverðugleika fjármálamarkaðarins. Ýmislegt hefur áunnist á öllum þessum sviðum á síðustu árum, þó enn sé langt í að traust á fjármálamarkaði nái sama stigi og fyrir hrun. Eins og fram kemur í ritinu *Verðskuldað traust*, sem inniheldur áherslur Fjármálaeftirlitsins og sýn á fjármálamarkaðinn til 2020 og gefið var út fyrir einu og hálfu ári, þarf markvisst átak til að endurheimta tiltrú almennings á fjármálafyrirtækjum á Íslandi. Fjármálaeftirlitið hefur, í því samhengi, sett sér metnaðarfull markmið um framsýnt og áhættumiðað varúðareftirlit, aukna áherslu á neytendamál og aukid gagnsæi, svo eitthvað sé nefnt.

Mikilvæg skref hafa verið stigin í átt að þessum markmiðum. Áhættumat, fyrir einstaka eftirlitsskylda aðila og markaðinn í heild, er orðið lykilþáttur í starfsemi Fjármálaeftirlitsins. Niðurstöður áhættumats hafa bæði áhrif á varúðarkröfur hvers konar og forgangsroðun í eftirlitsstarfsemi Fjármálaeftirlitsins. Athugunum er byggja á ábendingum neytenda eða sem snúa fyrst og fremst að hagsmunum viðskiptavina fjármálafyrirtækja hefur fjölgað á síðasta ári og lögð hefur verið aukin áhersla á sýnileika í starfi Fjármálaeftirlitsins í þágu almennings. Fjármálaeftirlitið hefur um nokkurt skeið starfað eftir gagnsæisstefnu en megininntak hennar er að greina skuli frá öllum niðurstöðum athugana þess. Fjöldi gagnsæistilkynninga ber merki þess að á Íslandi er rekið virkt og aðhaldssamt fjármálaeftirlit. Þessu þarf þó að koma enn betur til skila á aðgengilegan hátt og er þátttaka Fjármálaeftirlitsins á samfélagsmiðlum og aukin tíðni

kynningarfunda viðleitni til að gera betur.

Mögulega er þetta starf nú þegar að skila sér í auknu trausti til Fjármálaeftirlitsins, en samkvæmt könnun Maskínu frá í febrúar voru 30% aðspurðra jákvæðir í garð stofnunarinnar á meðan 25,8% voru neikvæðir (aðrir voru hlutlausir). Þetta er veruleg framför frá fyrra ári þegar 19,3% kváðust jákvæðir. Fjármálaeftirlitið var einnig hástökkvari ársins í síðustu mælingu Gallup á trausti til stofnana. Vitanlega er það ekki markmið í sjálfu sér að Fjármálaeftirlitið njóti trausts. Meiru máli skiptir að fjármálafyrirtækjum sé treyst og að þau séu traustsins verð. Samkvæmt fyrrnefndri könnun Gallup bera nú um 20% aðspurðra traust til banka, sem einnig er umtalsverð styrking frá fyrra ári (14%). Þetta er vísbending um að landið sé að rísa í þessu tilliti. Aðrar vísbendingar benda í sömu átt. Til að mynda er almenningur farinn að treysta bönkum í auknum mæli fyrir sparifé sínu og ágreiningsmálum á milli fjármálafyrirtækja og viðskiptavina þeirra fækkar stöðugt. Fjöldi mála sem vísað var til Úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki náði hámarki á árinu 2012, en þá voru þau 202 talsins. Á síðasta ári voru þau 53.

Fyrirtæki á fjármálamarkaði þurfa sjálf að halda áfram að byggja upp traust viðskiptavina sinna með því að stunda heilbrigða og eðlilega viðskiptahætti og bregðast hratt og örugglega við frávikum og mistökum sem upp koma. Aðeins þannig, í samspili við virkt og gagnsætt eftirlit, getur fjármálageirinn áunnið sér traust til lengri tíma og þannig styrkist hann sem bakhjarl fyrir heimili og fyrirtæki í landinu.



Stjórn og stjórnendur Fjármálaeftirlitsins

Á myndinni má sjá sitjandi frá vinstri: Guðrúnu Þorleifsdóttur varaformann, Ástu Þórarinsdóttur formann og Arnór Sighvatsson stjórnarmann. Standandi frá vinstri eru: Jón Þór Sturluson, aðstoðarforstjóri, Anna Mjöll Karlsdóttir, yfirlögfræðingur og varamenn í stjórn þau: Andri Fannar Bergþórsson, Guðrún Ögmundsdóttir og Friðrik Ársælsson.

Hlutverki stjórnar Fjármálaeftirlitsins er lýst í lögum um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi en þar segir: „Með yfirstjórn Fjármálaeftirlitsins fer þriggja manna stjórn sem ráðherra skipar til fjögurra ára í senn. Einn stjórnarmaður skal skipaður eftir tilnefningu frá Seðlabanka Íslands. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti. Ráðherra skipar formann stjórnar og ákveður þóknun stjórnarmanna. Hlutverk stjórnar er að móta áherslur í starfi og fylgjast með starfsemi og rekstri Fjármálaeftirlitsins. Meiri háttar

ákvarðanir skal bera undir stjórnina til samþykktar eða synjunar.“ Í reglum um störf stjórnar Fjármálaeftirlitsins sem samþykktar voru í byrjun árs 2018 er fjallað nánar um hlutverk stjórnarinnar. Þar er meðal annars farið yfir verkaskiptingu stjórnar og forstjóra, hlutverk stjórnar, ákvarðanir stjórnar í meiri háttar málum, hæfi stjórnarmanna og þagnarskyldu. Enn fremur er þar fjallað um stjórnarfundi, hversu oft þeir skuli haldnir og skipulag þeirra.



1. Starfsemi Fjármálaeftirlitsins

1.1 Eftirlitsstarfsemi

Nýtt skipurit Fjármálaeftirlitsins

Samkvæmt nýju skipulagi Fjármálaeftirlitsins eru eftirlitssvið stofnunarinnar fjögur: bankar, lífeyrir og váttryggingar, markaðir og viðskiptahættir og hlítning og úttektir. Stoðsviðin eru áfram þrjú, til viðbótar við svið yfirlögfræðings og skrifstofu forstjóra. Í hinu nýja skipulagi er fjárhagslegt eftirlit og áhættugreining sameinuð inni á sviðum banka og lífeyris og váttrygginga. Eftirlit með sjóðum, viðskiptaháttæftirlit og neytendamál fylgja verðbréfaeftirliti á svið sem nú kallast markaðir og viðskiptahættir. Þrjú framangreind eftirlitssvið, sem nú skiptast eftir mörkuðum, eiga sér þannig samsvörun við evrópsku eftirlitsstofnanirnar á fjármálamarkaði, EBA, EIOPA og ESMA. Þá voru sameiginleg eftirlitsverkefni þvert á markaði sameinuð undir heitinu hlítning og úttektir en innan þess eru tveir hópar, annars vegar

hópur sérfræðinga í lagalegu eftirliti og hins vegar hópur sérfræðinga í vettvangsathugunum.

Eftirlit með fjármálafyrirtækjum

Við gildistöku CRD IV tilskipunarinnar tók Fjármálaeftirlitið upp samræmd gagnaskilaform Evrópsku bankaftirlitsstofnunarinnar (EBA). Þar sem um ýmis ný gögn er að ræða hefur verið unnið að því að bæta áreiðanleika gagna sem send eru til Fjármálaeftirlitsins. Gögn stóru viðskiptabankanna þriggja verða send til EBA í fyrsta sinn á þessu ári og munu birtast í gagnsæistilkynningu stofnunarinnar (EBA transparency exercise). Samhliða þeirri vinnu hefur Fjármálaeftirlitið unnið að aukinni sjálfvirkni við ársfjórðungslega skýrsluyfirferð, meðal annars með útfærslu á lykiláhættumælikvörðum, en þeir eru hluti af áhættumati

stofnunarinnar fyrir helstu áhættuþætti í starfsemi fjármálaafyrirtækja.

Á síðustu árum hefur verið lögð aukin áhersla á að eiga samtal við stjórnendur og eftirlitsemið fjármálaafyrirtækja. Viðtöl eru reglulega tekin við stjórnarmenn, forstjóra, framkvæmdastjóra, regluverði og innri endurskoðendur slíkra fyrirtækja. Þá á Fjármálaeftirlitið árlega tvo fundi með ytri endurskoðendum stærri fjármálaafyrirtækja, í upphafi endurskoðunar og í lok hennar. Því til viðbótar eru haldnir fundir með stærstu aðilunum á markaðnum þegar uppgjör þeirra liggur fyrir.

Hið árlega könnunar- og matsferli (SREP) var framkvæmt í samfelldu ferli vegna stóru viðskipta-bankanna þriggja eins og lögbundið er og voru niður-stöðurnar kynntar fyrir stjórnnum bankanna seinni hluta árs 2017. Þá var einnig framkvæmt könnunar- og matsferli fyrir Kviku banka hf. sem leiddi til þess að eiginfjárfkrafa bankans var endurmetin. Í könnunar- og matsferli felst meðal annars yfirferð á eigin mati bankanna á eignfjárförf vegna áhættu í starfseminni (ICAAP-ferli bankanna). Tilgangur ICAAP ferlis er að tryggja að viðkomandi banki greini, leggi mat á og fylgist sjálfur með áhættum í starfsemi sinni, að hann sé með nægilegt eigið fé í samræmi við áhættustefnu bankans og beiti traustri áhættustýringu. Í könnunar- og matsferlinu er meðal annars lagt mat á hversu áreiðanleg aðferðafræði og niðurstaða ICAAP ferlis fjármálaafyrirtækjanna þykir.

Í janúar 2018 gaf Fjármálaeftirlitið út uppfærð

Almenn viðmið og aðferðafræði vegna könnunar- og matsferlis hjá fjármálaafyrirtækjum. Tilgangur þessara viðmiða er að skilgreina og kynna aðferðafræði og framkvæmd könnunar- og matsferlis Fjármálaeftirlitsins. Aðferðafræðin er í samræmi við viðmiðunarreglur Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar (EBA) frá 2016. Í tengslum við könnunar- og matsferlið voru gerðar ýmsar athuganir, með sérstökum gagnafyrirspurnum, til að meta stöðu áhættuþátta hjá bönkunum. Gagnvart smærri fjármálaafyrirtækjum var kallað eftir einfaldri útgáfu af ICAAP skýrslu að evrópskri fyrirmynd. Reynslan af þessu þykir lofa góðu og mun Fjármálaeftirlitið halda áfram að þróa þessa aðferð við áhættumat á smærri fjármálaafyrirtækjum.

Á árinu voru afgreiddar nokkrar umsóknir viðskiptabankanna um aukningar á heimild til útgáfu sértryggðra skuldabréfa líkt og síðustu ár.

Athuganir tengdar sniðgöngu á kaupaukareglum

Fjármálaeftirlitið tók til skoðunar greiðslur Borgunar hf. til starfsmanna fyrirtæksins en um var að ræða 900.000 kr. eingreiðslu sem var umfram föst starfskjör þeirra. Lauk málinu með samkomulagi um sátt sem fólst í greiðslu sektarfjárhæðar og viðurkenndi Borgun hf. að hafa með umræddum greiðslum brotið gegn ákvæði 57. gr. a laga um fjármálaafyrirtæki um kaupauka.

Í upphafi árs 2017 tók Fjármálaeftirlitið til athugunar hvort í arðgreiðslum Arctica Finance hf. til B, C og D hluthafa, sem jafnframt voru starfsmenn

Fjármálaeftirlitið opnar þjónustuborð fyrir fjármálatækniyfyrirtæki

Mikill vöxtur hefur verið á undanförunum árum í þróun og rekstri margvíslegrar fjármálaþjónustu sem byggir á hagnýtingu upplýsingatækni, einkum í gegnum internet og snjalltæki. Hefur verið talað um fjármálatækni (e. Fintech) í þessu samhengi. Þróun fjármálatækninnar býður uppá fjölmörg tækifæri, bæði fyrir fyrirtæki og neytendur. Henni fylgja jafnframt áhættur og er það hlutverk Fjármálaeftirlitsins að fylgjast með þróuninni og tryggja öryggi íslensks fjármálamarkaðar og að lögum sé framfylgt. Um leið þarf Fjármálaeftirlitið að gæta þess að standa ekki í vegi fyrir eðlilegri framþróun nýrra lausna og vöruframboðs á fjármálamarkaði. Þar sem starfsemi fjármálatækniyfyrirtækja getur snert á öllum þáttum eftirlitsskyldrar starfsemi þarf að skoða hvaða löggjöf á við í hverju tilviki fyrir sig og hvort aðili sem býður nýja fjármálatæknilausn teljist vera eftirlitsskyldur eða ekki. Þess

vegna hvetur Fjármálaeftirlitið til samtals við fjármálatækniyfyrirtæki og smærri aðila sem eru að skoða innkomu á þennan markað.

Í september 2017 opnaði Fjármálaeftirlitið þjónustuborð um fjármálatækni í þeim tilgangi að stuðla að samskiptum við aðila sem veita eða hyggjast veita þjónustu á þessu sviði og aðstoða þá við að kanna hvar starfsemi þeirra passar inn í regluverkið. Á þjónustuborðinu er að finna gátlista sem aðilar þurfa að fylla út óski þeir eftir aðkomu eða samskiptum við Fjármálaeftirlitið. Með gátlistanum hefur eftirlitið skilgreint hvað er heppilegt að vita áður en slíkt samtal á sér stað. Eftir að listanum hefur verið skilað inn er hægt að óska eftir ráðgjöf eftirlitsins símleidis eða eftir fundi með sérfræðingum. Ennfremur er ávallt hægt að senda spurningar í tengslum við fjármálatækni á fme.is. Fjármálaeftirlitið sér fram á nokkra þróun í þessum efnunum og er reiðubúið að hefja samtal við þá sem hyggjast koma inn á þennan vettvang.

félagsins, fælist kaupauki. Var það niðurstaða Fjármálaeftirlitsins. Kaupaukinn var ekki greiddur á grundvelli kaupaukakerfis, fjárhæð kaupaukanna nam í flestum tilvikum meira en 25% af launum viðkomandi starfsmanns, ekki var farið að reglum um að halda eftir hluta kaupauka og loks var regluverði greiddur kaupauki. Vegna þessara brota ákvað stjórn Fjármálaeftirlitsins að leggja stjórnvaldssekt á félagið. Í desember höfðaði félagið dómsmál þar sem krafist var ógildingar á ákvörðun Fjármálaeftirlitsins.

Fjármálaeftirlitið tók jafnframt til skoðunar hvort í arðgreiðslum Kvikubanka hf. til B hluthafa, sem voru starfsmenn félagsins, félög í þeirra eigu eða makar þeirra, fælist kaupauki. Lauk málinu með samkomulagi um sátt sem fólst í greiðslu sektarfjárhæðar og viðurkenndi bankinn að hafa greitt kaupauka í formi arðs af hlutum í B flokki án þess að það hafi verið gert á grundvelli kaupaukakerfis, án þess að uppfyllt hafi verið skilyrði ákvæði laga og reglna um hámark fjárhæðar kaupauka og án þess að hluta greiðslna hafi verið frestað.

Sjálfsmöt á samsetningu stjórnar eftirlitsskyldra aðila

Á árinu 2017 óskaði Fjármálaeftirlitið eftir því að stjórnir tiltekinna banka, sparisjóða, váttryggingafélaga, lífeyrissjóða og Íbúðalánasjóðs gerðu sjálfsmat til að greina hvort stjórnir þeirra væru þannig samsettar að þær byggju sameiginlega yfir fullnægjandi þekkingu, hæfni og reynslu til að skilja þá starfsemi sem viðkomandi fyrirtæki stundaði, þar með talið helstu áhættuþætti. Þess má geta að í lögum, reglugerðum og leiðbeiningum um góða stjórnarhætti er gerð sú krafa að stjórnir eftirlitsskyldra aðila búi sameiginlega yfir fullnægjandi þekkingu, hæfni og reynslu.

Helsti tilgangur sjálfsmatsins var að fá stjórnir eftirlitsskyldra aðila til að horfa með gagnrýnum augum á samsetningu stjórnarinnar með hliðsjón af þekkingu, hæfni og reynslu einstakra stjórnarmanna. Niðurstöðu sjálfsmatsins gætu stjórnir helst nýtt með tvennum hætti, til að kortleggja þau þekkingar- og hæfnisviðmið sem æskilegt er að stjórn eftirlitsskylda aðilans standist í heild sinni og jafnframt til að koma auga á möguleg úrbótatækifæri. Í lögum um fjármálafyrirtæki og í reglugerð um váttryggingastarfsemi er gerð sú krafa að fyrirtæki verji fullnægjandi fjármunum og mannafla til að kynna starfsemi fyrirtækisins fyrir stjórnarmanni og tryggja að hann hljóti viðeigandi þjálfun til stjórnarsetunnar. Þá hafði sjálfsmatið þann tilgang að veita Fjármálaeftirlitinu nauðsynlegt yfirlit yfir heildarþekkingu, hæfni og reynslu stjórnar eftirlitsskyldra aðila.

Í ferlinu sjálfu kom fram afar misjafnt viðhorf stjórnar eftirlitsskyldra aðila til útfyllingar sjálfsmatsins og báru þau sjálfsmöt sem skilað var til Fjármálaeftirlitsins merki

þess. Flestir nýttu þó sjálfsmatið á þann hátt sem því var ætlað og fylltu það út á viðunandi hátt.

Eftirlit með rekstrarfélögum verðbréfasjóða

Fjármálaeftirlitið tók til athugunar hvort upplýsingagjöf og framsetning á markaðsefni rekstrarfélaga verðbréfasjóða væri í samræmi við 28. gr. reglugerðar nr. 995/2007 um fjárfestavernd og viðskiptahætti fjármálafyrirtækja, sbr. 4. mgr. 14. gr. laga nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti. Fjármálaeftirlitið krafðist úrbóta á auglýstu markaðsefni Íslandssjóða hf. og Gamma Capital Management hf. Athugasemdir vörðuðu meðal annars framsetningu á uppsafnaðri ávöxtun sem og að viðvaranir um áhættu af viðskiptum með hlutdeildarskírteini væru ekki áberandi. Í kjölfar athugasemda Fjármálaeftirlitsins var auglýsingum beggja rekstrarfélaga breytt þannig að þær samræmdust 28. gr. reglugerðarinnar og málinu lokið með birtingu gagnsæistilkynninga.

Þá gerði Fjármálaeftirlitið sátt við Kvikubanka hf. vegna brota á 1. mgr. 19. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki og 4. mgr. 14. gr. laga nr. 108/2007. Talið var að bankinn hefði brotið gróflega gegn 4. mgr. 14. gr. laga nr. 108/2007, sbr. reglugerð nr. 995/2007, þar sem í auglýsingu bankans var vísað til fjárfestingarsjóðs sem Eignaleiðar Kvikubanka án þess að tiltekið væri að um sjóð í rekstri Júpíters rekstrarfélags hf. væri að ræða. Þá var auglýsingin einnig birt án heimildar Júpíters rekstrarfélags hf. Að auki voru gerðar athugasemdir við framsetningu upplýsinga í auglýsingunni þar sem hún samræmdist ekki 28. gr. reglugerðarinnar.

Þá voru einnig teknar til skoðunar fjárfestingar sjóða í rekstri Gamma Capital Management hf. vegna óheimilla fjárfestinga sjóða í rekstri félagsins og endaði málið með því að gerð var sátt við félagið sem fólst í greiðslu sektarfjárhæðar.

Fjármálaeftirlitið hóf jafnframt sértæka skoðun á fylgni tiltekinna sjóða í rekstri Gamma Capital Management hf., Júpíters rekstrarfélags hf., Landsbréfa hf. og Stefnis hf. við fjárfestingarheimildir laga. Lauk máluðum gagnvart Gamma Capital Management hf., Júpíter rekstrarfélagi hf., Landsbréfum hf. og Stefni hf. með athugasemdum, úrbótakröfum og birtingu gagnsæistilkynninga.

Eftirlit með lífeyrissjóðum

Á árinu 2016 samþykkti Alþingi breytingu á fjárfestingarheimildum lífeyrissjóða sem tóku svo gildi í júlí 2017. Breytingarnar höfðu nokkur áhrif á störf Fjármálaeftirlitsins, en dæmi um verkefni sem rekja má til lagabreytinganna eru breytingar á gagnaskilum lífeyrissjóðanna til stofnunarinnar og mótun eftirlits með áhættustýringu lífeyrissjóðanna. Þá ber lífeyrissjóðum í fyrsta sinn að framkvæma eigið áhættumat á árinu 2018

en Fjármálaeftirlitið hefur útbúið leiðbeiningar fyrir lífeyrissjóðina um framkvæmd áhættumatsins.

Fjármálaeftirlitið hefur enn fremur metið einstaka áhættuþætti í rekstri lífeyrissjóða á borð við markaðsáhættu, stjórnarhætti, útlánaáhættu, rekstraráhættu, lausafjáráhættu og lífeyristrygginga-áhættu. Verklagsreglur vegna hagsmunaskráningar voru skoðaðar á árinu, eignastýring athuguð og úttekt á upplýsingakerfum lífeyrissjóða framkvæmd. Þá var unnið að þróun aðferðafræði og verklags, meðal annars útfærslu á áhættumælikvörðum fyrir lífeyrissjóði og mótun eftirlits með sjóðunum.

Nokkrir lífeyrissjóðir útvista öllum rekstri sínum til annars aðila og eru þá allir starfsmenn sem sinna málefnum sjóðanna starfsmenn útvistunaraðila, þar á meðal framkvæmdastjóri sjóðsins. Fjármálaeftirlitið sá nýlega ástæðu til að vekja athygli fjármála- og efnahagsráðuneytisins á þeirri afstöðu stofnunarinnar að kanna þyrfti hvort ástæða væri til að gera lagabreytingar til að girða frekar fyrir hugsanlega hagsmunaárekstra sem kunna að hljóta af útvistun á öllum rekstri lífeyrissjóða. Á árinu hóf Fjármálaeftirlitið athuganir vegna fjárfestinga lífeyrissjóða í kísilverksmiðju United Silicon í Helgufvík. Niðurstaða athugunar Fjármálaeftirlitsins á ferli fjárfestingar Frjálsa lífeyrissjóðsins í verksmiðjunni var birt í apríl 2018.

Á árinu 2017 veitti Fjármálaeftirlitið umsagnir um breytingar á samþykktum lífeyrissjóða, þar sem lífeyrissjóðir óskuðu eftir heimild til að bjóða upp á svokallaða tilgreinda séreign. Breytingarnar leiddu af ákvæðum kjarasamninga sem voru að mati Fjármálaeftirlitsins ekki í fullu samræmi við neytendavernd sem sjóðfélögum er tryggð í lögum nr. 129/1997. Leiddi það til opinberra bréfaskipta við aðila vinnumarkaðarins þar sem Fjármálaeftirlitið leitaðist við að leiðrétta rangfærslur í opinberri umræðu með hagsmunum sjóðfélaga að leiðarljósi.

Eftirlit með váttryggingastarfsemi

Eftir innleiðingu Solvency II tilskipunarinnar árið 2016 hefur Fjármálaeftirlitið unnið að þeim verkefnum sem lagasetningunni fylgdi. Fjármálaeftirlitið hefur alfarið tekið upp gagnaskilaformin sem gefin eru út af Evrópsku eftirlitsstofnuninni á lífeyris- og váttryggingamarkaði (EIOPA) og felldi úr gildi séríslenskar skýrslur fyrir váttryggingafélög. Við innleiðingu nýrra gagnaskila er óhjákvæmilegt að einhverjar villur leynist í gögnunum. Því hefur nokkur vinna farið í að tryggja gæði þeirra gagna sem send eru til eftirlitsins, þ.e. að tryggja að gögnin séu bæði rétt og fullnægjandi. Gögn allra váttryggingafélaga sem falla undir Solvency II eru send til EIOPA sem birtir valdar upplýsingar úr þeim á heimasíðu sinni og notar þau í áhættumælaborð sitt, svo eitthvað sé nefnt.

Líkt og hjá lífeyrissjóðunum lagði Fjármálaeftirlitið mat á einstaka áhættuþætti í rekstri váttryggingafélaga á borð við rekstraráhættu, viðskiptalíkan og markaðsáhættu á árinu, en einnig var lögð mikil áhersla á að skoða stjórnarhætti félaga. Í tengslum við framangreind áhættumót hefur Fjármálaeftirlitið meðal annars yfirfarið eigið áhættu- og gjaldþolsmat (ORSA) váttryggingafélaganna, skoðað samsetningu og virkni stjórnar, kannað lykilstarfssvið váttryggingafélaganna og yfirfarið fjárfestingarstefnur þeirra.

Við innleiðingu Solvency II féll út ákvæði laga um að allar ákvarðanir um lækkun hlutafjár í váttryggingafélagi skulu háðar samþykki Fjármálaeftirlitsins, en í stað þess kom ákvæði um að lækkun hlutafjár skuli tilkynnt til Fjármálaeftirlitsins. Í reglugerð nr. 2015/35/ESB er váttryggingafélögum þó gert að sækja fyrirfram um heimild fyrir endurkaupum á eigin bréfum séu þau stunduð í þeim tilgangi að lækka útgefið hlutafé. Fjármálaeftirlitið hafði samband við váttryggingafélögin vegna þessa og beindi því til þeirra að sækja um heimild til endurkaupa, hygðust þau nýta sér heimild stjórnar félagsins um endurkaup á eigin hlutabréfum. Í kjölfarið var óskað eftir því við fjármála- og efnahagsráðuneytið að ákvæði laganna yrði skýrt og samræmt við ákvæði reglugerðarinnar.

Vettvangsathuganir

Á árinu 2017 voru meðal annars gerðar athuganir er sneru að virðismatsferli bankanna á útlánum til stærstu lánþega þeirra og þeim virðismatsaðferðum sem þeir styðjast við. Fjármálaeftirlitið fékk upplýsingar um 50 stærstu lánþega hvers banka í upphafi athugunarinnar en í lokaúrtaki voru fimm félög og tengdir aðilar teknir til frekari skoðunar. Niðurstöður athugananna voru nýttar í árlegu könnunar- og matsferli eftirlitsins hjá stóru viðskiptabönkunum, Arion banka hf., Íslandsbanka hf. og Landsbankanum hf.

Hjá stóru viðskiptabönkunum þremur var einnig kannað verklag við útfyllingu á ákveðnum hluta fjárhagsupplýsingarskýrslna (e. FINREP). Athuginin beindist að því hvort bankarnir hefðu innleitt það verklag sem mælt er fyrir um í viðmiðunarreglum Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar (EBA) og hvort bankarnir væru nægilega framsýnir við mat á vanefndum. Einnig var kannað hvernig skráningu væri háttað í þeim tilfellum þegar bankar veita tilslökun frá lánaskilmálum vegna fjárhagserfiðleika viðskiptavina.

Athugun er sneri að verðmati lausafjármuna við vörslusviptingu var gerð hjá Arion banka hf., Íslandsbanka hf., Landsbankanum hf. og Lykli fjármögnun hf. Markmið athugananna var að kanna hvort verðmat fyrirtækjanna á lausafjármunum í kjölfar vörslusviptingar væri í samræmi við eðlilega og heilbrigða viðskiptahætti og

venjur á fjármálamarkaði. Sérstaklega var kannað hvort viðskiptavinir nyttu góðs af því þegar lausafjármunur er seldur af fjármálafyrirtæki á hærra verði en matsverð í uppgjöri til viðskiptavinar hljóðaði upp á.

Rekstrarfélög verðbréfa- og fjárfestingasjóða bjóða upp á ýmsa kosti þegar kemur að fjárfestingarkostum og stýringu eignasafna. Á árinu 2017 kannaði Fjármálaeftirlitið með hvaða hætti fjárfestingarsjóðir beita virkri stýringu við fjárfestingar sjóðanna, líkt og kemur fram í markaðsupplýsingum margra þeirra. Fjármálaeftirlitið kynnti sér stýringu fjárfestingarsjóða hjá Gamma Capital Management hf., Íslandssjóðum hf., Júpíter rekstrarfélagi hf. og Landsbréfum hf. Grein byggð á framangreindum kynningum á stýringu fjárfestingarsjóða var birt í Fjármálum, vefriti Fjármálaeftirlitsins, 1. tölublaði 2018.

Á árinu 2017 lauk athugun er varðaði innri endurskoðun Kviku banka hf. Stefnt var að því að draga fram hvernig henni væri háttað og var sérstaklega lögð áhersla á að meta og kanna hana með viðtali við innri endurskoðanda bankans og formann áhættu-, endurskoðunar- og starfskjaranefndar.

Hjá Borgun hf. og Valitor hf. voru gerðar athuganir á árinu. Annars vegar var skoðuð framfylgni félaganna við lög um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka vegna færsluhirðingar þeirra erlendis. Markmið þeirrar athugunar var að kanna hvort verklag félaganna í tengslum við könnun á áreiðanleika upplýsinga um viðskiptamenn, reglubundið eftirlit, tilkynningaskyldu og innra eftirlit væri í lagi. Hins vegar var um að ræða athuganir er beindust að framkvæmd áhættustýringar samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki og því hvernig stjórn félaganna sinnti hlutverki sínu þar að lútandi. Hins vegar beindust athuganir að tilteknum atriðum er vörðuðu stjórnir félaganna.


Fjöldi fjármálafyrirtækja fjárfestir fyrir hönd viðskiptavina sinna og fór Fjármálaeftirlitið í vettvangsathugun til að kanna hvort fjárfestingar fjármálafyrirtækja fyrir hönd viðskiptavina eignastýringarviðs væru í samræmi við skilgreinda fjárfestingarstefnu eignastýringarsamninga. Fjármálaeftirlitið fékk, hjá þeim fjármálafyrirtækjum sem athugunin náði til, kynningu á því hvernig ferli við fjárfestingarákvörðun fyrir hönd viðskiptavina í eignastýringu væri háttað. Auk þess var tekið úrtak úr hópi viðskiptavina og kannað hvort fjárfestingar þeirra væru í samræmi við samninga. Þau fjármálafyrirtæki sem athugunin beindist að voru Íslandsbanki hf., Kvika banki hf. og Virðing hf.

Fjármálafyrirtækjum ber skylda til að senda tilkynningar til Fjármálaeftirlitsins um viðskipti með fjármálagerninga sem teknir hafa verið til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði samkvæmt lögum um verðbréfavíðskipti. Fjármálaeftirlitið kannaði utanumhald og ferla fjármálafyrirtækjanna Fossa markaða hf., Íslandsbanka hf. og Landsbankans hf. sem miðuðu að því að uppfylla lögbundna skyldu fyrirtækjanna til að senda tilkynningar um viðskipti með fjármálagerninga. Fjármálaeftirlitið tók einnig úrtak hjá hverju fyrirtæki fyrir sig og sannreynði innsend gögn.

Á árinu var farið í athugun hjá Verði tryggingum hf., Sjóvá-Almennum tryggingum hf., Vátryggingafélagi Íslands hf. og Tryggingamiðstöðinni hf. á gæðum gagna sem skilað er til Fjármálaeftirlitsins. Í athuguninni kynntu vátryggingafélögin fyrir Fjármálaeftirlitinu þau kerfi og það skipulag sem er til staðar til að tryggja að gögn sem skilað er til Fjármálaeftirlitsins séu fullnægjandi, sbr. 2. mgr. 31. gr. laga nr. 100/2016 um vátryggingastarfsemi.

Á mynd 1 má sjá fjölda vettvangsathugana sem lokið var á árinu 2017 og eru þær flokkaðar eftir tegund

Mynd 1 Fjöldi vettvangsathugana sem lokið var á árunum 2016 og 2017



eftirlitsskyldra aðila. Til viðmiðunar má einnig sjá fjölda athugana sem lokið var við á árinu 2016. *Yfirlit yfir ákvarðanir og gagnsæistilkynningar* Fjármálaeftirlitsins frá 1. maí 2017 til 30. apríl 2018 er á bls. 53.

Hæfisumsóknir, virkir eignarhlutir og leyfisveitingar

Á árinu 2017 barst Fjármálaeftirlitinu fjöldi tilkynninga um nýja stjórnarmenn og framkvæmdastjóra og var mat lagt á hæfi þeirra. Fjöldi stjórnarmanna í eftirlitsskyldum aðilum er nú á bilinu 600 til 700 og fara á milli 100 til 200 nýir stjórnarmenn alla jafna í hæfismat hjá Fjármálaeftirlitinu á ári hverju.

Fjármálaeftirlitið metur hæfi aðila sem hyggjast eignast virkan eignarhlut í fjármálafyrirtækjum og váttryggingafélögum en virkur eignarhlutur er bein eða óbein hlutdeild í félagi sem nemur 10% eða meira af hlutfé, stofnfé eða atkvæðisrétti eða gerir kleift að hafa veruleg áhrif á stjórnun viðkomandi félags. Talsvert var um breytingar á eignarhaldi fjármálafyrirtækja og váttryggingafélaga á árinu og afgreiddi Fjármálaeftirlitið meðal annars tilkynningar Kvikubanka hf. og Váttryggingafélags Íslands hf. um að fara með virkan eignarhlut í Virðingu hf. og Rekstrarfélagi Virðingar hf., Kortabjónustunni hf. og Öldu sjóðum hf.

Í mars 2017 var tilkynnt um kaup fjögurra erlendra aðila á rúmlega 29% hlut Kaupskila ehf., dótturfélags Kaupþings ehf., í Arion banka hf. Við söluna var jafnframt tilkynnt um kauprétt hinna nýju eigenda sem jafngilti um 22% hlut í bankanum. Í kjölfarið tilkynntu Taconic Capital Advisors LP og tengdir aðilar, Attestor Capital LLP og tengdir aðilar sem og Kaupþing ehf. til Fjármálaeftirlitsins um fyrirhugaðan virkan eignarhlut í bankanum í samræmi við VI. kafla laga nr. 161/2002. Lagði Fjármálaeftirlitið ítarlegt mat á hæfi þessara aðila og komst að þeirri niðurstöðu um miðjan september sama ár að annars vegar Attestor Capital LLP og tengdir aðilar væru hæfir til að fara með allt að 20% virkan eignarhlut og Taconic Capital Advisors LP og tengdir aðilar og Kaupþing ehf. hins vegar væru hæf til að fara sameiginlega með allt að 33% virkan eignarhlut þar sem þau teldust vera í samstarfi. Við mat Fjármálaeftirlitsins var sérstaklega horft til þess að bankinn teldist kerfislega mikilvægt fjármálafyrirtæki samkvæmt skilgreiningu fjármálastöðugleikaráðs og kannaði því stofnunin sérstaklega getu þessara aðila til að styðja fjárhagslega við bankann við sérstakar aðstæður. Ákvarðanirnar gagnvart Taconic Capital Advisors LP og tengdum aðilum og Kaupþingi ehf. taka gildi þegar hlutabréf í Arion banka hf. hafa verið tekin til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði en stefnt er að því á árinu 2018. Fram að því munu skilyrði Fjármálaeftirlitsins frá 8. janúar 2010, um eignarhald Kaupþings ehf. í bankanum í gegnum Kaupskil ehf., gilda óbreytt. Í lok sama mánaðar

var síðan tilkynnt um að Attestor Capital LLP og tengdir aðilar hefðu nýtt sér fyrrnefndan kauprétt að litlu leyti og bætt við sig 0,44% hlut.

Í lok febrúar 2018 var tilkynnt um sölu Kaupskila ehf. á 2,54% hlut í Arion banka hf. til 24 sjóða í rekstri fjögurra innlendra rekstrarfélaga verðbréfasjóða, 2% hlut til Attestor Capital LLP og tengdra aðila og 0,8% til ELQ Investors II Ltd. Kaupskil ehf. nýtti sér jafnframt kauprétt á 13% hlut ríkissjóðs í bankanum í samræmi við hluthafasamkomulag sem gert var þegar gengið var frá stofnfjármögnun Arion banka hf. í september 2009. Samhliða framangreindu keypti Arion banki hf. 9,5% af eigin bréfum af Kaupskilum ehf. að fengnu fyrirframsamþykki Fjármálaeftirlitsins.

Þá afgreiddi Fjármálaeftirlitið tilkynningu RedRiverRoad ehf. um að fara með virkan eignarhlut í Íslenskum fjárfestum hf. og tilkynningu Adix ehf. um að fara með virkan eignarhlut í Centra Fyrirtækjaráðgjöf hf. Í síðarnefnda málinu barst Fjármálaeftirlitinu ekki tilkynning um virkan eignarhlut fyrr en eftir að hann hafði myndast og endaði málið með því að gerð var sátt við Adix ehf. sem fólst í greiðslu sektarfjárhæðar.

Á árinu samþykkti Fjármálaeftirlitið samruna Virðingar hf. við Kvikubanka hf.

Í byrjun árs 2018 veitti Fjármálaeftirlitið Inkasso ehf. (áður Mynta ehf.) innheimtuleyfi en félagið tók yfir rekstur Innheimturáðgjafar (áður Inkasso ehf.). Innheimtuleyfið tekur til frum- og milliinnheimtustarfsemi gjaldfallinna peningakrafna fyrir aðra og innheimtu eigin peningakrafna sem aðili hefur keypt í þeim tilgangi að innheimta þær sjálfur í atvinnuskyni. Þá var Iceland Tax Free ehf. í lok marsmánaðar 2018 skráð sem gjalddeyrisskiptastöð, sbr. 25. gr. a laga nr. 64/2006 um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka.

Um mitt ár 2017 afturkallaði Fjármálaeftirlitið innheimtuleyfi T-9 ehf. að beiðni félagsins. Í byrjun aprílmánaðar 2018 var Iceland Travel Assistance ehf. felld af skrá Fjármálaeftirlitsins yfir gjalddeyrisskiptastöðvar þar sem bú félagsins hafði verið tekið til gjaldþrotaskipta og uppfyllti því ekki lengur skilyrði skráningar, sbr. 2. mgr. 25. gr. b laga nr. 64/2006.

Þá kom starfsemi Kletta Capital ehf. til sérstakrar skoðunar á árinu og endaði skoðunin með því að Fjármálaeftirlitið lagði stjórnvaldssekt á félagið fyrir að hafa mótttekið og miðlað fyrirmælum um einn eða fleiri fjármálagerninga án þess að hafa til þess starfsleyfi.

Í lok aprílmánaðar fékk Fossar markaðir hf. auknið stafsleyfi til að sinna fyrirtækjaráðgjöf

Verðbréfamarkaðseftirlit

Á árinu 2017 voru 47 mál tekin til rannsóknar með tilliti

til þess hvort lög hefðu verið brotin á verðbréfamarkaði. Til samanburðar voru 48 mál tekin til rannsóknar á árinu 2016. Athuganir á 11 málum hófust á grundvelli ábendinga frá Nasdaq Iceland (Kauphöllin), samanborið við 24 mál á árinu 2016. Athuganir á öðrum málum hófust að frumkvæði Fjármálaeftirlitsins eða vegna annarra ábendinga. Tegundir mála voru eftirfarandi:

- 20 mál vörðuðu upplýsingagjöf en þar undir fellur birting innherjaupplýsinga (122. gr. vvl.), flöggunartilkygningar (IX. kafli vvl.) og birting ársreikninga (57. gr. vvl.)
- 17 mál vörðuðu markaðssvik (117. og 123. gr. vvl.)
- 4 mál vörðuðu tilkynningarskyldu innherja (125., 126. og 127. gr. vvl.)
- 1 mál varðaði efni lýsingar (45. gr. vvl.)
- 2 mál vörðuðu endurkaupaáætlun útgefanda (viðauki með reglugerð nr. 630/2005)
- 1 mál varðaði tilkynningarskyldu um skortstöðu (lög nr. 55/2017)
- 2 mál – annað

Flestum þessara athugana hefur verið lokið án aðgerða, þ.e. ekki var talið að um brot væri að ræða eða að hægt væri að sýna fram á að brot hefði verið framið. Einu málanna var vísað til rannsóknar hjá danska fjármálaeftirlitinu. Þá voru tvö mál kærð til héraðssaksóknara. Fjallað er sérstaklega um beitingu viðurlaga í kafla 1.2.

Fjármálaeftirlitið tók í notkun nýtt kerfi um áramótin 2017/2018 til að taka á móti tilkynningum um viðskipti með fjármálagerninga, svokallað TRS II kerfi. Kerfið er hluti af innleiðingu nýs regluverks á verðbréfamarkaði, þ.e. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2014/65/ESB (MiFID II) og reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins nr. 600/2014/ESB (MiFIR). Undirbúningur fyrir innleiðingu kerfisins stóð yfir stóran hluta ársins 2017. Haldnir voru tveir kynningarfundir með fjármálafyrirtækjum vegna þessa. Meðal nýjunga kerfisins má nefna að allir aðilar fyrir utan einstaklinga eru nú auðkenndir með LEI auðkenni (e. legal entity identifier) en það er 20 stafa alþjóðlegt auðkenni lögaðila. Með TRS II kerfinu fær Fjármálaeftirlitið mun ítarlegri upplýsingar en áður um viðskipti með fjármálagerninga sem hafa verið teknir til viðskipta á viðskiptavettvangi og tengda fjármálagerninga. Gögnin eru mikilvæg fyrir eftirlit með viðskiptum á verðbréfamarkaði og hefur Fjármálaeftirlitið um nokkurt skeið staðið fyrir átaksverkefni til að tryggja gæði gagnanna. Sú vinna heldur áfram á næstu misserum.

Hinn 1. júlí 2017 tóku gildi lög nr. 55/2017 um skortsölu og skuldatryggingar. Með lögnum var innleidd reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2012/236/ESB um skortsölu og tiltekna þætti skuldatrygginga.


Með lögnum varð í fyrsta skipti á Íslandi til heildstætt regluverk um skortsölu fjármálagerninga, skortstöður og tiltekna þætti skuldatrygginga. Innleiðingunni fylgja ný eftirlitsverkefni fyrir Fjármálaeftirlitið. Samkvæmt lögnum er aðilum sem eru með verulegar hreinar skortstöður í hlutabréfum sem tekin hafa verið til viðskipta á viðskiptavettvangi og ríkisskuldagerningum skylt að tilkynna þær til Fjármálaeftirlitsins. Þá eru skortstöður í hlutabréfum birtar opinberlega á heimasíðu Fjármálaeftirlitsins ef þær ná tilteknum viðmiðunarmörkum. Á tímabilinu 1. júlí 2017 til 31. mars 2018 bárust Fjármálaeftirlitinu 30 tilkynningar um skortstöðu í hlutabréfum, þar af tvær sem voru birtar opinberlega. Hreinar skortstöður skilgreindar sem tengsl milli eins aðila og eins útgefanda hlutabréfa frá fyrstu tilkynningu um skortstöðuna voru 12 á tímabilinu í sjö félögum. Veturinn 2017-2018 gerði Fjármálaeftirlitið athugun á mögulegri tilkynningarskyldri skortstöðu aðila í tilteknum hlutabréfum á tímabilinu 1. ágúst til 31. október 2017. Gera má ráð fyrir að niðurstöður liggja fyrir í byrjun sumars 2018.

Fjármálaeftirlitið gerði einnig ýmsar smærri athuganir er vörðuðu verðbréfamarkaðinn.

Fulltrúi Fjármálaeftirlitsins tekur þátt í starfi norræns samstarfshóps eftirlitsstjórnvalda sem starfræktur er til að samræma eftirlit með Nasdaq kauphöllunum á Norðurlöndunum. Helsta hlutverk hópsins, auk þess að framkvæma sértækar athuganir, er að meta og hafa eftirlit með helstu áhættuþáttum í rekstri Nasdaq kauphallanna á Norðurlöndunum. Á síðastliðnu ári hefur mikil vinna farið fram innan hópsins við að hafa eftirlit með innleiðingu á nýju regluverki á fjármálamarkaði. Nasdaq kauphallirnar reka sameiginlega öll helstu grunnkerfi starfsemi sinnar og því hefur Kauphöll Íslands, í samvinnu við systurkauphallir sínar, að mestu leyti innleitt MiFID II og MiFIR í starfsemi sína, þrátt fyrir að innleiðing í íslensk lög sé ekki fyrirséð fyrr en á árinu 2019.

Hinn 20. október 2017 veitti fjármála- og efnahagsráðuneytið Verðbréfamiðstöð Íslands hf. starfsleyfi til að starfa sem verðbréfamiðstöð samkvæmt lögum nr. 131/1997 um rafræna eignarskráningu verðbréfa. Fjármálaeftirlitið hafði þá farið á vettvang og skoðað starfsstöð Verðbréfamiðstöðvar Íslands hf. og lokið yfirferð sinni yfir umsóknina en samkvæmt fyrrnefndum lögum á Fjármálaeftirlitið að veita ráðuneytinu umsögn um að það hvort félag uppfylli skilyrði laganna áður en starfsleyfi er veitt. Verðbréfamiðstöð Íslands hf. mun reka verðbréfauppgjörskerfi og annast uppgjör viðskipta með rafrænt skráð bréf. Í því felst meðal annars að félagið mun annast þörun viðskipta, framkvæma fyrirmæli vegna uppgjör, annast staðfestingu viðskipta og önnur atriði sem tengjast ferli við uppgjör verðbréfa.

Alls voru 19 lýsingar staðfestar árið 2017. Engin

Mynd 2 Innlend verðbréfaútgáfa bankanna í milljörðum króna

Heimild: Fjármálaeftirlitið

hlutabréfalýsing var staðfest á árinu og voru því allar lýsingarnar vegna skuldabréfa. Staðfestir viðaukar við lýsingar voru 14. Staðfestar grunnlýsingar ársins voru níu talsins og 183 endanlegir skilmálar voru birtir á vef Fjármálaeftirlitsins. Fjöldi endanlegra skilmála dregst örlítið saman og hefur útgáfum viðskiptabankanna þriggja á víxlum og sértrygðum skuldabréfum fækkað en fjárhæðir hafa þó hækkað milli ára. Útgáfum annarra aðila hefur fjölgað. Má þar meðal annars nefna Orkuveitu Reykjavíkur, Lánasjóð sveitarfélaga ohf., Lykil fjármögnun

hf., Regin hf. og Reiti fasteignafélag hf.

Hægt hefur á aukningu í útgáfu bankanna á verðbréfum sem tekin eru til viðskipta á aðalmarkaði Nasdaq Iceland eins og sjá má á mynd 2. Aukningin milli 2015 og 2016 var nokkur en hún nam 56,5%. Á milli árunna 2016 og 2017 varð 10,4% aukning, útgáfan fór úr rétt rúmum 144 milljörðum króna í rúma 159 milljarða króna. Meirihluti útgáfunnar var í formi sértryggðra skuldabréfa og var hlutfall sértryggðu útgáfunnar 66,1% af heildarútgáfunni árið 2017. Árið 2016 var hlutfall sértryggðra skuldabréfa 45,1%.


Árið 2017 var Landsbankinn hf. með 33,5% útgáfunnar, Íslandsbanki hf. með 31,8%, Arion banki hf. með 30,2% og Kvika banki hf. með 4,5%.

1.2 Viðurlög og breytingar á réttarheimildum fjármálamarkaðar

Þvingunarúrræði og viðurlög

Breytt framkvæmd við álagningu dagsekta vegna reglubundinna gagnaskila

Til að tryggja betur jafnræði við álagningu dagsekta, skv. 11. gr. laga nr. 87/1998, þannig að þær leggist með sambærilegum þunga á alla eftirlitsskylda aðila, var framkvæmd Fjármálaeftirlitsins við álagningu dagsekta á eftirlitsskylda aðila vegna dráttar á reglubundnum gagnaskilum breytt 1. janúar 2018. Fjárhæð dagsekta tekur nú mið af stærð og fjárhagslegum styrkleika eftirlitsskylds aðila og nemur frá 25.000 krónum til

Mynd 3 Heildarútgáfa bankanna í milljörðum króna

Heimild: Fjármálaeftirlitið

100.000 króna á dag, en fram til 1. janúar 2018 námu dag-sektir lægstu mögulegu fjárhæð þ.e. 10.000 krónum á dag.

Tilkynningar um brot á fjármálamarkaði

Fjármálaeftirlitið tekur við og fylgir eftir tilkynningum um brot, grun um brot og tilraunir til brota á lögum og stjórnvaldsfyrirmælum sem gilda um aðila sem lúta opinberu eftirliti með fjármálastarfsemi. Sérstakt viðmót, undir yfirskriftinni uppljóstrun, hefur verið útbúið til að taka við slíkum tilkynningum á vefsíðu Fjármálaeftirlitsins. Viðmótið tryggir að tilkynning um brot verður ekki rakin til þess sem kemur henni á framfæri nema sá hinn sami kjósi að koma fram undir nafni. Hvort sem tilkynningin er sett fram undir nafni eða nafnlaust ber Fjármálaeftirlitinu að tryggja leynd um allar upplýsingar sem rekja má beint eða óbeint til þess sem tilkynnir um brot, nema skylt sé að veita upplýsingar til lögreglu eða á grundvelli dómsúrskurðar. Fjármálaeftirlitið hvetur til þess að tilkynningar um brot á fjármálamarkaði séu settar fram undir nafni með tilliti til trúverðugleika þeirra og möguleika á eftirfylgni.

Stjórnvaldssektir og sáttir

Til að tryggja jafnræði og varnaðaráhrif hefur Fjármálaeftirlitið að jafnaði tekið mið af heildarveltu lögaðila við ákvörðun sektarfjárhæða vegna brota sem áttu sér stað eftir gildistöku laga nr. 58/2015 þann 16. júlí 2015. Lögín fólu meðal annars í sér að hámarksfjárhæð stjórnvaldssekta á lögaðila og einstaklinga var hækkuð umtalsvert og heimilt varð að miða fjárhæð stjórnvaldssekta við allt að 10% af heildarveltu lögaðila.

Sáttir og ákvarðanir um álagningu stjórnvaldssekta eru að jafnaði birtar á vefsíðu Fjármálaeftirlitsins í samræmi við gagnsæisstefnu stofnunarinnar frá 16. apríl 2014. Á tímabilinu 1. maí 2017 til 30. apríl 2018 birti Fjármálaeftirlitið tvær tilkynningar um mál sem lokið var með álagningu stjórnvaldssekta og átta tilkynningar um mál sem lokið var með samkomulagi um sátt. Tilkynningarnar vorðu eftirtalda aðila:

Klettur Capital ehf.

Stjórnvaldssekt var lögð á Kletta Capital ehf. vegna brots gegn a lið 6. tölul. 1. mgr. 3. gr. laga nr. 161/2002. Brotið fólst í því að móttaka og miðla fyrirmælum um einn eða fleiri fjármálagerninga án þess að hafa til þess starfsleyfi. Stjórn Fjármálaeftirlitsins tók ákvörðun um að leggja 2.500.000 króna stjórnvaldssekt á félagið.

Arctica Finance hf.

Stjórnvaldssekt var lögð á Arctica Finance hf. vegna brota gegn 57. gr. a laga nr. 161/2002 og reglum nr. 700/2011 og 388/2016 um kaupaukakerfi. Brotin fólust í því að hafa greitt starfsmönnum kaupauka í formi arðs af B, C og

D hlutum í félaginu frá og með 2012 til og með 2017. Þá krafðist Fjármálaeftirlitið þess að Arctica Finance hf. léti þegar í stað af kaupaukagreiðslum í formi arðgreiðslna til B, C og D hluthafa. Stjórn Fjármálaeftirlitsins tók ákvörðun um að leggja 72.000.000 króna stjórnvaldssekt á félagið.

Landsbankinn hf.

Sátt var gerð við Landsbankann hf. vegna brots gegn 1. mgr. 86. gr. laga nr. 108/2007. Brotið fólst í því að bankanum láðist að tilkynna um breytingu á verulegum hlut atkvæðisréttar bankans í N1 hf. innan lögbundins tímafrests. Samkomulagið kvað á um greiðslu sektar að fjárhæð 11.800.000 krónur.

Borgun hf.

Sátt var gerð við Borgun hf. vegna brots gegn 57. gr. a laga nr. 161/2002, sbr. reglur nr. 388/2016 um kaupaukakerfi. Brotið fólst í því að Borgun hf. greiddi starfsmönnum tryggðan kaupauka. Samkomulagið kvað á um greiðslu sektar að fjárhæð 11.500.000 krónur.

Kvika banki hf.

Sátt var gerð við Kviku banka hf. Annars vegar vegna brots gegn 1. mgr. 19. gr. laga nr. 161/2002 með því að hafa birt opinberlega auglýsingu um tiltekinn fjárfestingarsjóð án heimildar rekstrarfélagsins sem rekur sjóðinn. Hins vegar vegna grófs brots gegn 4. mgr. 14. gr. laga nr. 108/2007, sbr. reglugerð nr. 995/2007 um fjárfestavernd og viðskiptahætti fjármála fyrirtækja, þar sem upplýsingar í fyrrnefndri auglýsingu voru ekki í samræmi við a-, b- og d-lið 2. mgr. og a-, b-, d- og f-lið 4. mgr. 28. gr. reglugerðarinnar. Samkomulagið kvað á um greiðslu sektar að fjárhæð 2.300.000 krónur fyrir brot á 4. mgr. 14. gr. laga nr. 108/2007 en ekki var gerð sérstök sekt vegna brots á 19. gr. laga nr. 161/2002.

Gamma Capital Management hf.

Sátt var gerð við Gamma Capital Management hf. vegna fimm brota gegn 1. mgr. 59. gr., sbr. 30. gr. og 43. gr. laga nr. 128/2011. Brotin fólust í því að Gamma fjárfesti í eignarhlutum í einkahlutafélögum fyrir hönd fjárfestingarsjóða í rekstri þess og tilkynnti ekki Fjármálaeftirlitinu um fjárfestingarnar. Samkomulagið kvað á um greiðslu sektar að fjárhæð 23.000.000 krónur.

Adix ehf.

Sátt var gerð við Adix ehf. vegna brots gegn 1. mgr. 40. gr. laga nr. 161/2002. Brotið fólst í því að félagið eignaðist virkan eignarhlut í Centra Fyrirtækjaráðgjöf hf. án þess að tilkynna kaupin fyrirfram til Fjármálaeftirlitsins. Samkomulagið kvað á um greiðslu sektar að fjárhæð 250.000 krónur.

Kvika banki hf.

Sátt var gerð við Kviku banka hf. vegna brots gegn 57. gr. a laga nr. 161/2002 og 3. gr., 1. mgr. 6. gr. og 7. gr. reglna nr. 388/2016 um kaupaukakerfi. Brotið fólst í því að hafa í mars 2017 greitt tilteknum starfsmönnum, félögum í eigu þeirra eða maka kaupauka í formi arðs af hlutum í B flokki hlutabréfa í málsaðila. Samkomulagið kvað á um greiðslu sektar að fjárhæð 37.500.000 krónur.

Hagar hf.

Sátt var gerð við Haga hf. vegna brots gegn 1. mgr. 87. gr. laga nr. 108/2007. Brotið fólst í því að birta ekki innan tilsettra tímamarka tilkynningu um breytingu á verulegum hlut atkvæðisréttar í félaginu. Samkomulagið kvað á um greiðslu sektar að fjárhæð 6.750.000 krónur.

Origo hf.

Sátt var gerð við Origo hf. vegna brots gegn 1. mgr. 122. gr. laga nr. 108/2007. Brotið fólst í því að félagið birti ekki innherjaupplýsingar um að það hefði falið alþjóðlegum fjárfestingarbanka að hefja formlegt sölufrelsi á verulegum eignarhlut félagsins í Tempo ehf. Upplýsingarnar lágu fyrir 2. október 2017 kl. 16:15 en voru ekki birtar fyrr en 3. október 2017 kl. 09:03:24. Samkomulagið kvað á um greiðslu sektar að fjárhæð 2.200.000 krónur.

Þess má geta að fimmtán brotum, sem áttu sér stað eftir gildistöku laga nr. 58/2015, hefur verið lokið með sátt eða stjórnvaldssekt. Tólf málum var lokið með samkomulagi um sátt, þar sem málsaðilar gengust við brotum og féllust á greiðslu sektarfjárhæða. Þrem málum var lokið með álagningu stjórnvaldssekta á málsaðila. Tveir af þrem þeirra aðila sem lögð var stjórnvaldssekt á, Eimskipafélag Íslands hf. og Arctica Finance hf., höfðuðu mál fyrir dómstólum til ógildingar á stjórnvaldssektarákvörðun stjórnar Fjármálaeftirlitsins. Kröfum Eimskipafélags Ísland hf. um ógildingun og lækkun sektarfjárhæðar hefur verið hafnað í héraðsdómi.

Breytingar á réttarheimildum fjármálamarkaðar

Fjármálaeftirlitið tekur virkan þátt í að móta regluverkið sem gildir á fjármálamarkaði hér á landi, bæði með setningu eigin reglna, með útgáfu leiðbeinandi tilmæla og með þátttöku í að semja lög og reglugerðir sem gilda um fjármálaþjónustu. Fjármálaeftirlitið tekur þátt í störfum nefnda og starfshópa á vegum fagráðuneyta sem undirbúa lagafrumvörp sem gilda um starfsemi eftirlitsskyldra aðila. Hlutverk Fjármálaeftirlitsins í slíkum nefndum og hópum er einkum að hafa yfirsýn yfir þær réttarheimildir sem gilda á íslenskum fjármálamörkuðum, þekkja innihald þeirra og kunna skil á breytingum sem eru í farvatninu innan Evrópska efnahagssvæðisins. Þá gegnir Fjármálaeftirlitið lykilstöðu á fjármálamarkaði

varðandi vöktun tæknilegra staðla (e. technical standards) og viðmiðunarreglna (e. guidelines) og tilmæla (e. recommendations) sem gefin eru út af evrópsku eftirlitsstofnunum á fjármálamarkaði (EBA, ESMA og EIOPA). Tæknilegir staðlar eru innleiddir eftir atvikum með reglum eða reglugerðum. Viðmiðunarreglur og tilmæli eru gefin út af evrópsku eftirlitsstofnunum en tilgangur þeirra er að koma á samræmdri, árangursríkri og skilvirkri eftirlitsframkvæmd innan Evrópska efnahagssvæðisins. Þær viðmiðunarreglur sem innleiddar hafa verið eru birtar á heimasíðu Fjármálaeftirlitsins.

Nokkur lög um fjármálaþjónustu voru samþykkt á Alþingi á síðasta ári og má þar nefna lög um tilkynningar um brot á fjármálamarkaði nr. 23/2017, lög um evrópskt eftirlitskerfi á fjármálamarkaði nr. 24/2017, lög um lánsþæfismatsfyrirtæki nr. 50/2017, lög um skortsölu og skuldatryggingar nr. 55/2017, lög um váttryggingasamstæður nr. 60/2017 og lög um viðbótareftirlit með fjármálasamsteypum nr. 61/2017. Þá hefur Alþingi á þessu ári samþykkt lög um afleiðuviðskipti, miðlæga mótaðila og afleiðuviðskiptaskrár til að innleiða svokallaða EMIR reglugerð (European Market Infrastructure Regulation). Reglugerðin var lögfest með svokallaðri tilvísunaraðferð sem felur í sér að EMIR er veitt lagagildi hér á landi og vísað til birtingar hennar í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins. Meginefni EMIR er að tilkynna skal um afleiðusamninga til afleiðuviðskiptaskrár, stöðustofna skal hjá miðlægum mótaðila þá OTC-afleiðusamninga (e. over-the-counter eða afleiður sem átt er viðskipti með utan markaða) sem falla undir stöðustofnunarskylduna, nýjar kröfur eru um áhættustýringu vegna OTC-afleiðusamninga sem ekki eru stöðustofnaðir miðlægt og útbúin er umgjörð um starfsemi miðlægra mótaðila og afleiðuviðskiptaskráa. Lög sem innleiða Omnibus II tilskipunina voru nýverið samþykkt. Lögin fela í sér breytingar á lögum nr. 100/2016, um váttryggingastarfsemi, sem tilkomnar eru að mestu leyti vegna valdheimilda Evrópsku váttrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunarinnar (EIOPA) sem tóku gildi með lögum nr. 24/2017, um evrópskt eftirlitskerfi á fjármálamarkaði.

Enn bíður nokkur fjöldi gerða lögfestingar en hér er fjallað stuttlega um helstu gerðir sem verða innleiddar á komandi árum:

BRRD

Frumvarp til innleiðingar á fyrsta hluta BRRD tilskipunarinnar hefur verið lagt fram á Alþingi en um er að ræða breytingar á lögum nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki. Í þessum hluta innleiðingarinnar eru ákvæði um endurbótaáætlanir (e. recovery plan), tímanleg inngrip (e. early intervention) og fjárstuðning innan samstæðu (e. intra-group financial support).

Þessar heimildir lúta allar eftirliti og ákvarðanatöku Fjármálaeftirlitsins og falla því undir starfssvið Fjármálaeftirlitsins. Í sama frumvarpi er einnig um að ræða lagabreytingar á grundvelli CRD IV tilskipunarinnar sem varða eftirlit með samstæðum.

AIFMD

Vinnu nefndar til innleiðingar á tilskipun um starfsemi sérhæfðra sjóða stendur yfir. AIFMD tekur til starfsemi annarra sjóða en verðbréfasjóða (UCITS sjóða) og markmið hennar er að samræma regluverk milli aðildarríkja, tryggja einsleitni á innri markaði Evrópska efnahagssvæðisins, tryggja fjármálastöðugleika, auka fjárfestavernd og efla traust og eftirlit með starfsemi sérhæfðra sjóða og rekstraraðila þeirra.

MiFID II/MiFIR

Á árinu 2018 tekur Fjármálaeftirlitið þátt í nefndarvinnu til að semja löggjöf til innleiðingar á MiFID II tilskipuninni og MiFIR reglugerðinni um markaði með fjármálagerninga, sem fjalla meðal annars um fjárfestavernd, skipulag viðskiptavettvanga og verðbréfafyrirtækja og gagnsæi í viðskiptum. MiFID II/MiFIR hafa víðtækara gildissvið en MiFID I og taka mið af tækninýjungum sem komið hafa fram á sjónarsviðið síðustu ár. Jafnframt fylgir þeim fjöldi tilskipana og reglugerða gefnum út af framkvæmdastjórn ESB. MiFID II/MiFIR er ætlað að auka gagnsæi og bæta virkni markaðar fyrir fjármálagerninga innan Evrópska efnahagssvæðisins.

PSD II

Fjármálaeftirlitið tekur þátt í nefndarvinnu vegna frumvarps til að innleiða aðra tilskipun Evrópusambandsins um greiðsluþjónustu á innri markaðnum. Þessi tilskipun kann að hafa veruleg áhrif á greiðslumiðlun hér á landi þar sem tilteknum aðilum á fjármálamarkaði verður gert kleift að fá aðgang að gögnum um greiðsluþjónustu sem einungis bankar hafa hingað til búið yfir. Einnig verður starfsemi fjártæknifyrirtækja sem búa yfir nýjum leiðum og nýjum tæknilausnum í greiðslumiðlun gerð starfsleyfisskyld, eða eftir atvikum skráningarskyld. Gerðar verða ríkar kröfur til greiðsluþjónustuveitenda um öryggi þessara nýju tæknilausna með áherslu á neytendavernd.

IDD

Unnið er að frumvarpi til innleiðingar á tilskipun um dreifingu/sölu váttrygginga í fjármála- og efnahagsráðuneytinu og tekur Fjármálaeftirlitið þátt í vinnunni. Tilskipunin gerir meðal annars kröfu um skráningu þeirra sem hafa milligöngu um sölu váttrygginga og falla fleiri aðilar undir tilskipunina en undir núgildandi

löggjöf. Þá gerir tilskipunin ráð fyrir sjálfstæðri úrskurðarnefnd og er gerð krafa um símenntun og þjálfun þeirra sem selja váttryggingar.

MAR

Vinna er hafin í fjármála- og efnahagsráðuneytinu við að undirbúa breytingar á lögum um verðbréfavíðskipti nr. 108/2007 til að innleiða reglugerð Evrópusambandsins um markaðssvik í íslenskan rétt. Fjármálaeftirlitið tekur þátt í nefndarvinnunni.

Endurskoðunartilskipunin

Þá stendur yfir vinna við gerð lagafrumvarps til innleiðingar á endurskoðunartilskipun Evrópusambandsins og reglugerð um endurskoðun á einingum tengdum almannahagsmunum hjá atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu en Fjármálaeftirlitið er þátttakandi í vinnunni.

AML IV

Fjármálaeftirlitið tekur þátt í nefndarvinnu sem hefur það hlutverk að semja frumvarp til innleiðingar á tilskipun um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka. Tilskipunin fjallar m.a. um áhættumat sem framkvæma þarf af aðildarríkjum, lögbærum stjórnvöldum og tilkynningarskyldum aðilum. Þá þurfa tilkynningarskyldir aðilar að veita upplýsingar um raunverulega eigendur til miðlægrar skrár sem heldur utan um þær. Þá er skilgreiningin á einstaklingum í áhættuhópi útvíkkuð þannig að hún tekur til innlendra og erlendra aðila.

Endurskoðun ESAs og ESRB reglugerðanna

Á árinu 2016 voru teknar upp í EES samninginn reglugerðir ESB um stofnun þriggja eftirlitsstofnana á sviði fjármálaþjónustu (EBA, EIOPA og ESMA, einu nafni nefndar ESAs) ásamt reglugerð um stofnun kerfisáhætturáðs (ESRB) Evrópusambandsins sem tóku gildi í ESB á árinu 2010. Við aðlögun gerðanna að EES samningnum var Eftirlitsstofnun EFTA faldar þær valdheimildir sem hinar evrópsku eftirlitsstofnanir hafa til að taka ákvarðanir gagnvart stjórnvöldum, eftirlitsskyldum aðilum og markaðsaðilum í EFTA ríkjunum. Reglugerðirnar voru innleiddar í íslenskan rétt með lögum nr. 24/2017 um evrópskt eftirlit á fjármálamarkaði.

Á árinu 2017 hófst á vettvangi ESB endurskoðun á regluverkinu um ESAs og ESRB. Gefið var út umræðuskjal og óskað eftir umsögnum haghafa. Fjöldi athugasemda bárust og sendu meðal annars EES-EFTA ríkin inn sameiginlega umsögn. Í kjölfarið lagði framkvæmdastjórn ESB fram tillögur að breytingum á ESAs reglugerðunum ásamt breytingum

á nokkrum efnisgerðum.

Almennt eru breytingatillögurnar miðaðar að því að styrkja hinar evrópsku eftirlitsstofnanir og færa þeim auknar valdheimildir. Þeim verði í auknum mæli falið að hafa beint eftirlit með fjármálafyrirtækjum og markaðsaðilum, veita starfsleyfi, samþykkja lýsingar, óska eftir upplýsingum, fara í vettvangsathuganir og beita sektum og dagsektum.

Einnig hefur framkvæmdastjórnin lagt fram tillögu til breytinga á ESRB reglugerðinni og má þar helst nefna að með þeim breytingum er opnað fyrir að EES-EFTA ríkin geti samið um sambærilega aðild að kerfisáhætturáðinu og þau hafa hjá ESAs.

Tillögurnar eru núna í rýni innan stofnana ESB. EFTA ríkin hafa skilað inn sameiginlegum athugasemdum. Mikilvægt er fyrir EFTA ríkin að standa vörð um þá tveggja stöðla lausn sem náðist með samkomulagi þeirra við ESB þann 14. október 2014 og var nánar útfærð í aðlögunartextum við ESAs reglugerðirnar og tengdar efnisgerðir.

Setning reglna og útgáfa leiðbeinandi tilmæla á árinu 2017

Á árinu 2017 setti Fjármálaeftirlitið nokkurn fjölda reglna til að innleiða tæknilega staðla evrópsku eftirlitsstofnananna á fjármálamarkaði. Um er að ræða reglur um tæknilega staðla vegna gagnaskila fjármálafyrirtækja nr. 505/2017, reglur um tæknilega staðla varðandi upplýsingaskyldu fjármálafyrirtækja nr. 506/2017, reglur um tæknilega staðla vegna eiginfjárgrunns nr. 507/2017, reglur um tæknilega staðla vegna útlánaáættu nr. 508/2017, reglur um tæknilega staðla vegna stórra áhættuskuldbindinga nr. 509/2017, reglur um tæknilega staðla varðandi yfirferða útlánaáættu vegna verðbréfunar nr. 960/2017, reglur um tæknilega staðla vegna markaðsáættu nr. 961/2017, reglur um tæknilega staðla vegna innri aðferða við útreikning á eiginfjárkröfum fjármálafyrirtækja nr. 962/2017 og reglur um tæknilega staðla um vörpun lánshæfismats við útreikning á eiginfjárkröfum á grundvelli staðalaðferðar og vegna verðbréfunar nr. 963/2017.

Þá setti Fjármálaeftirlitið reglur um framkvæmd hæfismats framkvæmdastjóra og stjórnarmanna fjármálafyrirtækja nr. 150/2017, reglur um fyrirgreiðslur fjármálafyrirtækis til venslaðra aðila nr. 247/2017, reglur um hámark veðsetningarhlutfalls fasteignalána til neytenda nr. 666/2017, reglur um eðlilega og heilbrigða viðskiptahætti fjármálafyrirtækja nr. 672/2017, reglur um eðlilega og heilbrigða viðskiptahætti váttryggingafélaga nr. 673/2017, reglur um útreikning á vogunarhlutfalli fjármálafyrirtækja nr. 959/2017 og reglur um framkvæmd hæfismats forstjóra, stjórnarmanna og starfsmanna sem

bera ábyrgð á lykilsstarfssviðum váttryggingafélaga nr. 285/2018.

Fjármálaeftirlitið birtir á heimasíðu sinni áætlun um setningu allra reglna og útgáfu leiðbeinandi tilmæla. Birtingin er liður í að undirbúa eftirlitsskylda aðila fyrir þær breytingar sem í vændum eru. Þá er á heimasíðu Fjármálaeftirlitsins að finna yfirlit yfir allar réttarheimildir sem gilda á fjármálamarkaði.

1.3 Viðskiptahættir og neytendamál

Eitt af hlutverkum Fjármálaeftirlitsins er að annast eftirlit með viðskiptaháttum eftirlitsskyldra aðila. Til að sinna framangreindu eftirlitshlutverki er meðal annars tekið við ábendingum frá almenningi um starfshætti eftirlitsskyldra aðila. Jafnframt sinnir Fjármálaeftirlitið upplýsinga- og leiðbeiningarhlutverki í samræmi við ákvæði stjórnsýslulaga og geta viðskiptavinir eftirlitsskyldra aðila beint fyrirspurnum til eftirlitsins. Fjármálaeftirlitið hefur á undangengnum árum lagt aukna áherslu á þetta hlutverk sitt og sinnir nú sérstakur hópur starfsmanna innan stofnunarinnar því.

Á vefsíðu Fjármálaeftirlitsins er að finna nánari upplýsingar um þessa þjónustu og framkvæmd hennar. Hægt er að senda erindi í gegnum heimasíðuna, með tölvupósti eða símtali. Öll erindi eru svo áframsend til þeirra starfsmanna sem sinna viðskiptaháttaeftirliti og er þeim svarað eins fljótt og auðið er. Þar sem fyrirspurnir og ábendingar snerta á flestum hliðum eftirlits með fjármálamarkaði er mikið og gott samstarf þvert á öll svið Fjármálaeftirlitsins þegar kemur að úrvinnslu þessara erinda.


Á árinu 2017 bárust Fjármálaeftirlitinu 173 ábendingar og fyrirspurnir frá viðskiptavinum eftirlitsskyldra aðila.

Fjármálaeftirlitið tekur enn fremur virkan þátt í starfsemi evrópsku eftirlitsstofnananna á fjármálamarkaði sem nú leggja aukna áherslu á eftirlit með viðskiptaháttum. Markvisst hefur verið unnið að því innan Fjármálaeftirlitsins að styrkja framvirkt varúðareftirlit og frumkvæðisathuganir á þessu sviði. Þátttaka Fjármálaeftirlitsins í alþjóðlegu samstarfi og aukið vægi málaflokksins innan eftirlitsins hefur stuðlað enn frekar að því.

Verkefni tengd eftirliti með viðskiptaháttum voru fjölbreytt á árinu og má hér sjá upplýsingar um nokkur þeirra, en á vefsíðu Fjármálaeftirlitsins má finna frekari upplýsingar og gagnsæistilkynningar eftir því sem við á:

- Endurskoðun reglna um eðlilega og heilbrigða viðskiptahætti fjármálafyrirtækja.
- Setning reglna um eðlilega og heilbrigða

Skipurit Fjármálaeftirlitsins



viðskiptahætti váttryggingafélaga.

- Athugun á innheimtuferli við frum- og milliinnheimtu hjá völdum eftirlitsskyldum aðilum.
- Athugun á verðmati lausafármuna við vörslusviptingu hjá Arion banka hf., Íslandsbanka hf. (Ergo), Landsbankanum hf. og Lykli fjármögnun hf.
- Athugun á stofnun óumbeðinna krafna í netbanka hjá viðskiptabönkum.
- Athugun á hvort breytingar á stýrivöxtum hafi haft áhrif á þróun útlánavaxta hjá Arion banka hf., Íslandsbanka hf., Landsbankanum hf., Sparisjóði Austurlands hf. og Sparisjóði Strandamanna ses.
- Athugun á upplýsingagjöf lánastofnana til viðskiptavina.

Meðal stefnumarkandi áherslna Fjármálaeftirlitsins er að leggja aukna áherslu á neytendamál og með það að leiðarljósi er nú unnið að uppfærslu á vefsíðu Fjármálaeftirlitsins þar sem aukið verður verulega við upplýsingagjöf í formi fræðsluefnis og leiðbeininga til neytenda. Jafnframt mun Fjármálaeftirlitið áfram vera virkt á Facebook, en um helmingur efnis á Facebook síðu Fjármálaeftirlitsins eru upplýsingar ætlaðar neytendum.

1.4 Innviðir

Á liðnum árum hefur mikil vinna verið lögð í uppbyggingu á innviðum stofnunarinnar. Áhersla hefur verið lögð á að laða að og halda í hæft starfsfólk sem hefur tekist vel. Unnið hefur verið að uppbyggingu markviss ferlaskipulags auk þess sem upplýsingatæknikerfi stofnunarinnar hafa verið stórefld sem auðveldar gagnavinnslu og vöktun á áhættumælikvörðum. Megintilgangur þessarar vinnu er

að stuðla að bættum vinnubrögðum, aukinni skilvirkni og betri árangri í rekstri. Þá hafa stefna stofnunarinnar, stefnumarkandi áherslur og markmið verið útfærð til samræmis við hlutverk hennar.

Niðurstöður úr fyrsta heildstæða áhættumati stofnunarinnar benda til að innviðir séu traustir en jafnframt gefur matið góða yfirsýn yfir ýmis umbótataækifæri og hvernig skuli forgangsraða verkefnum til að bæta starfseminna.

Á árinu var sérstök áhersla lögð á endurskoðun og umbætur á nokkrum lykilþáttum í starfseminni. Má þar meðal annars nefna verkefni er lýtur að endurskoðun á svonefndu könnunar- og matsferli fjármálafyrirtækja (SREP). Megináhersla þess verkefnis var að endurbæta ferlið í samræmi við nýjar áherslur. Þá var haldið áfram vinnu við að auka hagkvæmni í gagnaskilum til Fjármálaeftirlitsins sem miðar að betri nýtingu á tíma sérfræðinga stofnunarinnar og til hagsbóta fyrir eftirlitsskylda aðila. Þá er hafin vinna við þróun rafrænnar þjónustugáttar til samræmis við þær áherslur stofnunarinnar að taka að fullu upp rafræn skil á öllum innsendum gögnum fyrir árið 2020.

Skipulagsbreytingar

Í lok árs 2017 var unnin greining á stjórnskipulagi stofnunarinnar. Greiningin leiddi í ljós að tækifæri voru til úrbóta og ráðist var í fyrsta áfanga skipulagsbreytinga strax í byrjun árs 2018. Í meginatriðum lúta markmið þessara breytinga að því að styrkja samspil starfseminnar við stefnu og áherslur Fjármálaeftirlitsins, skapa skýrari verkaskiptingu og auka skilvirkni í stjórnun með dreifingu ábyrgðar og heimilda til ákvarðanatöku, en jafnframt að aðlagða skipurit stofnunarinnar að skipulagi evrópsku eftirlitsstofnanna á fjármálamarkaði.

Í nýju skipuriti eru fjögur eftirlitssvið. Þau eru; bankar, lífeyrir og váttryggingar, markaðir og viðskiptahættir og hlítning og úttektir. Svið banka hefur eftirlit með bönkum og öðrum fjármálafyrirtækjum, lífeyrir og váttryggingar með lífeyrissjóða- og váttryggingamörkuðum, markaðir og viðskiptahættir hafa eftirlit með verðbréfamarkaði, verðbréfasjóðum og viðskiptaháttum og svið hlítningar og úttekta ber ábyrgð á lagalegum málefnum þvert á markaði (svo sem starfsleyfismálum, mati á hæfi o.fl.) og vettvangsathugunum. Auk þessara breytinga var ábyrgð á reglusetningum færð yfir á svið yfirlögfræðings og þjóðahagsvarúð færð undir skrifstofu forstjóra.

1.5 Rekstur og fjármál

Samkvæmt fyrirbyggjandi drögum að ársreikningi Fjármálaeftirlitsins fyrir árið 2017 námu rekstrargjöld samtals 2.079,1 m.kr. og höfðu aukist um 2,2% frá árinu 2016 þegar rekstrargjöldin námu 2.035,1 m.kr. Launakostnaður er stærsti einstaki kostnaðarliður í rekstri Fjármálaeftirlitsins og nam hann 1.696,1 m.kr. á árinu 2016 samanborið við 1.643,4 m.kr. árið á undan og hækkaði um 3,2% milli ára. Hækkun launa á árinu er nokkuð undir almennum launahækkunum á markaði og endurspeglar hagræðingu sem náðist í mannahaldi á árinu. Fjöldi reiknaðra stöðugilda var alls 116,2 á árinu 2017 samanborið við 117,5 árið 2016. Útgjöld vegna tveggja úrskurðarnefnda sem vistaðar eru hjá stofnuninni eru meðtalin í rekstrargjöldum, en launakostnaður nefndanna nam 15,2 m.kr. á árinu 2017 og er endurkrafinn.

Heildarrekstrartekjur Fjármálaeftirlitsins námu 2.228,9 m.kr. á árinu 2017. Þar af voru tekjur af eftirlitsgjaldi 2.166,6 m.kr. á móti 1.710,1 m.kr. á árinu 2016. Aðrar rekstrartekjur námu samtals 62,3 m.kr., en þar af voru fjármagnstekjur 21,9 m.kr., sértekjur vegna selds fæðis 10,5 m.kr., endurkrafinn kostnaður vegna úrskurðarnefnda 13,2 m.kr. og ýmsar aðrar tekjur vegna

gjaldskrárskyldrar starfsemi 16,7 m.kr.

Tekjur umfram gjöld á árinu 2017 voru því 149,8 m.kr. sem skýrist fyrst og fremst af töfum á innleiðingu nýrra tilskipana og framkvæmd á tengdum eftirlitsverkefnum. Eigið fé Fjármálaeftirlitsins í árslok 2017 nam 286,5 m.kr. en var í ársbyrjun 136,6 m.kr. Eigið fé í lok árs að frádregnum varasjóði, sem nemur að hámarki 5% af eftirlitsgjaldi næsta árs, kemur til lækkunar á eftirlitsgjaldi næsta árs samkvæmt ákvæðum laga nr. 99/1999, um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi. Varasjóður samkvæmt framangreindu er 113,4 m.kr. í árslok 2017.

Rekstraráætlun ársins 2018

Í skýrslu til fjármála- og efnahagsráðherra um rekstraráætlun ársins 2018, sem lögum samkvæmt var send í júní 2017, var áætlað að útgjöld stofnunarinnar næmu samtals 2.392,4 m.kr. árið 2018. Ennfremur var áætlað að tekjur stofnunarinnar næmu 2.370,2 m.kr. Lagt var til að tap að fjárhæð 17,2 m.kr. yrði fært yfir í eigið fé þannig að varasjóður næmi sem næst 5% af áætluðu eftirlitsgjaldi næsta árs. Í fjárlögum sem samþykkt voru fyrir árið 2018 á Alþingi í desember 2017 nema heildartekjur 2.369,7 m.kr., þar af álagt eftirlitsgjald samkvæmt lögum nr. 99/1999 um 2.305,7 m.kr.

Skipting ráðstöfunartíma

Samkvæmt lögum nr. 99/1999, um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, skulu eftirlitsskyldir aðilar standa straum af kostnaði við rekstur Fjármálaeftirlitsins með sérstöku eftirlitsgjaldi. Í rekstraráætlun stofnunarinnar þarf því hverju sinni að leggja mat á þróun starfseminnar með tilliti til þess tíma sem ætla má að farið hafi í eftirlit með hverjum flokki eftirlitsskyldra aðila. Þetta mat er stutt upplýsingum úr tímaskráningarkerfi stofnunarinnar. Tafla 1 sýnir skiptingu ráðstöfunartíma stofnunarinnar á helstu flokka eftirlitsskyldra aðila á árunum 2015 til 2017:

Tafla 1 Hlutfallsleg skipting ráðstöfunartíma Fjármálaeftirlitsins milli flokka eftirlitsskyldra aðila

	2017	2016	2015
Lánastofnanir	59,1%	56,5%	61,3%
Váttryggingafélög og váttryggingamiðlarar	12,0%	13,0%	12,2%
Lífeyrissjóðir	12,4%	12,9%	12,3%
Rekstrarfélög verðbréfasjóða	8,3%	8,3%	4,8%
Verðbréfafyrirtæki	4,2%	4,8%	2,8%
Útgefendur hluta- og skuldabréfa	1,9%	2,1%	4,7%
Ýmsir aðilar	2,1%	3,0%	1,8%
	100,0%	100,0%	100,0%



2. Fjármálamarkaðurinn

2.1 Efnahagshorfur

Hagvöxtur í heiminum hefur hægt og rólega tekið við sér undanfarin misseri og Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn telur hagvaxtarhorfur í heimsbúskapnum ágætar. Í Evrópu og Bandaríkjunum eru margar hlutabréfavísitölur í sögulegu hámarki. Á sama tíma mælast áhættuvæntingar markaða fremur litlar, þrátt fyrir að nokkur óvissa hafi verið um efnahagsstefnu nokkurra stærri ríkja. Síðastliðin ár hafa alþjóðlegir fjármálamarkaðir notið greiðs aðgangs að lánsfé sökum lágra vaxta, sérstaklega í Evrópu og Bandaríkjunum. Með auknum hagvexti og verðbólguþrýstingi kann þó að verða viðsnúningur á þessu. Stýrivextir í Bandaríkjunum hafa verið hækkaðir í skrefum síðastliðin tvö ár og á síðasta ári hækkaði Englandsbanki stýrivexti í fyrsta skipti frá árinu 2008. Evrópski seðlabankinn hefur þó enn sem komið er ekki gefið merki um að hann hyggist hækka stýrivexti á allra næstu misserum.

Hér á landi var hagvöxtur minni á síðasta ári en árið á undan, en samkvæmt bráðabirgðatölum mældist hann 3,6% árið 2017, samanborið við 7,5% árið 2016. Helsta skýringin er hægari vöxtur ferðaþjónustunnar. Hinn mikli hagvöxtur ársins 2016 var að miklu leyti drifinn áfram af auknum umsvifum í ferðaþjónustu en vöxtur ársins 2017 einkum af aukinni einkaneyslu. Að öllum líkindum má einnig rekja hluta þessarar þróunar til mikillar styrkingar á gengi krónunnar, sem hefur leitt af sér aukinn innflutning og dregið úr afgangi af utanríkisviðskiptum.

Í kjölfar þess að fjármagnshöft voru losuð í mars 2017 jókst flökt á gengi krónunnar en síðustu mánuði hefur flöktið minnkað verulega. Á seinni hluta síðasta árs hægði einnig á styrkingu krónunnar og virðist gengið hafa náð ákveðnum stöðugleika sem stendur. Verðbólga hefur í kjölfarið aukist þar sem dregið hefur úr verðlækkunum á innfluttum vörum. Verðbólga mældist 2,8% í mars

síðastliðnum. Það var í fyrsta skipti síðan í byrjun árs 2014 sem 12 mánaða hækkun vísitölu neysliverðs mældist hærri en 2,5% verðbólguþáttur Seðlabanka Íslands.

Dregið hefur úr framleiðsluspennu samhliða hægari hagvexti en hún er þó engu að síður talsverð. Skuldavöxtur á árinu 2017 var 3,9% að raunvirði og jókst því hraðar en landsframleiðsla. Mælst hefur nokkur skuldavöxtur heimila, en skuldir þeirra hafa þó vaxið nokkuð hægar en fyrirtækja. Í kjölfar mikilla hækkana á verði íbúðahúsnæðis á fyrri hluta síðasta árs hefur veðrými heimila aukist talsvert.

Einn af stærstu óvissuþáttunum á fjármálamarkaði í dag eru þau áhrif sem hægari vöxtur ferðaþjónustunnar kann hugsanlega að hafa á afkomu og fjárfestingar innan geirans. Einnig er hætta á því að rýmra svigrúm heimila til skuldsetningar leiði af sér ósjálfbæran útlánvöxt.

Reglur um veðsetningarhlutfall fasteignalána

Vaxandi spennu gætti á húsnæðismarkaði árið 2016 og á fyrri hluta ársins 2017. Talsverð þensla hafði verið í þjóðarbúskapnum og kaupmáttur hafði aukist mikið. Árið 2016 hækkaði vísitala íbúðaverðs á höfuðborgarsvæðinu um 16,26% og árið 2017 um 12,26%. Hæst nam árshækkun íbúðaverðs meira en 20% að raunvirði á öðrum ársfjórðungi 2017.

Fjármálaeftirlitið setti reglur þann 20. júlí 2017 sem hámarka leyfilegt veðsetningarhlutfall nýrra fasteignalána í samræmi við 1. mgr. 25. gr. laga nr. 118/2016 um fasteignalán til neytenda. Samkvæmt reglunum skal hámark veðsetningarhlutfalls vera 85% af markaðsverði fasteignar en allt að 90% af markaðsverði þegar um fyrstu fasteignakaup er að ræða í samræmi við 2. mgr. fyrrnefndrar greinar. Reglurnar tóku strax gildi og ná til allra lánveitenda fasteignalána hér á landi. Tilgangur reglnanna er að varðveita og treysta viðnámsþrótt lánveitenda og lántaka við mögulegum viðsnúningi á fasteignamarkaði.

Mikil hækkun húsnæðisverðs er oft undanfari fjármálaáfalls og þegar vöxtur á fasteignamörkuðum er drifinn áfram af skuldavexti verða niðursveiflur á fjármálamörkuðum dýpri. Hámark veðsetningarhlutfalls gerir auknar kröfur til lántaka og hefur þannig bein áhrif á eftirspurn eftir fasteignalánum. Rannsóknir hafa einnig sýnt að vanskil verða meiri ef lán eru veitt með háu veðsetningarhlutfalli í upphafi. Lægra veðsetningarhlutfall eykur því viðnámsþrótt heimila fyrir áföllum á fasteignamarkaði og dregur um leið úr framtíðar útlánatöpum fjármálafyrirtækja. Að auki eru vísbendingar um að takmarkanir af þessu

tagi dragi úr væntingum markaðsaðila um hækkandi húsnæðisverð í framtíð og geti því haft dempanði áhrif á verðhækkun húsnæðis.

Þó að framsetning og framkvæmd kunni að vera mismunandi hafa mörg önnur ríki en Ísland horft til lögbundins hámarks á veðsetningarhlutfalli fasteignalána til þess að stemma stigu við aukinni áhættu á fasteignamörkuðum. Til að mynda hefur Englandsbanki heimildir til að setja slíkar reglur og á Írlandi hefur um nokkurra ára skeið verið óheimilt að veita fasteignalán að hærri upphæð en sem nemur 80% af virði fasteignar eða 90% ef um fyrstu kaup er að ræða. Eins hafa eftirlitsstofnanir á Kýpur, í Hollandi, Eistlandi, Tékklandi, Litháen, Rúmeníu, Póllandi og Slóvakíu heimildir til að setja reglur um hámarks veðsetningarhlutfalls fasteignalána og hafa sumar þeirra þegar gert það.


Á Norðurlöndunum hafa einnig verið settar slíkar reglur. Í Danmörku hefur verið tekið upp leiðbeinandi 95% hámark á veðsetningarhlutfalli og í Finnlandi er lögbundið hámark 95% fyrir fyrstu kaupendur en 90% fyrir aðra. Enn fremur hafa mörg ríki gert auknar kröfur til lána með hærri veðsetningarhlutfall, til að mynda með því að fara fram á að niðurgreiðsla höfuðstóls á slíkum lánum sé meiri en annarra lána. Í Noregi hefur lögbundið hámark veðsetningarhlutfalls verið 85% en þessu til viðbótar er einnig gerð sú krafa til lána með hærri veðsetningarhlutfall en 70% að árlega séu niðurgreidd í það minnsta 2,5% af höfuðstól þeirra. Í Svíþjóð er lögbundið hámark veðsetningarhlutfalls einnig 85% en þessu til viðbótar skal lántaki niðurgreiða árlega minnst 1% af höfuðstól þeirra lána sem eru með hærri veðsetningarhlutfall en 50% og 2% af höfuðstól þeirra lána sem eru með hærri veðsetningarhlutfall en 70%. Einnig hefur öðrum þjóðhagsvarúðartækjum verið beitt samhliða hámarkun á veðsetningarhlutfalli fasteignalána og hafa bæði seðlabanki Danmerkur og sænska fjármálaeftirlitið skoðað að auka samspil hámarks veðsetningarhlutfalls og annarra þjóðhagsvarúðartækja.

Greiningar Fjármálaeftirlitsins hafa sýnt að miðað við núverandi aðstæður á fasteignamarkaði er 85% hámark á veðsetningarhlutfall nýrra fasteignalána nægjanlegt til að treysta viðnámsþrótt lántaka og lánveitenda við hugsanlegu áfalli á fasteignamarkaði. Samkvæmt 2. mgr. 25. gr. laga um fasteignalán til neytenda skal heimila aukið svigrúm vegna lána til fjármögnunar kaupa á fyrstu fasteign og því er gert ráð fyrir að veðsetningarhlutfall verði að hámarki 90% í þeim tilvikum.

Fjármálaeftirlitið mun áfram fylgjast með þróun á fasteignalána- og húsnæðismarkaði og

hafa reglur um hámark veðsetningarhlutfalls til endurskoðunar. Sömuleiðis metur Fjármálaeftirlitið með reglubundnum hætti hvort tilefni sé til að virkja önnur þjóðhagsvarúðartæki á fasteignamarkaði með það að markmiði að viðhalda fjármálastöðugleika.

Mynd 4 Veltuhraði hlutabréfa á aðalmarkaði Kauphallarinnar (XICE)



2.2 Verðbréfamarkaður


Þróun á hlutabréfamarkaði

Eftir nokkurra ára uppsveiflu á hlutabréfamarkaði lækkaði heildarvísitala Nasdaq á árinu 2016 þar sem talsvert flókt einkenndi markaðinn. Árið 2017 hófst með nokkrum hækkunum fram á mitt ár en markaðurinn tók þá að lækka aftur. Vísitalan hækkaði þó í heildina fyrir

Mynd 6 Þróun hlutabréfavisitölunnar Nasdaq OMXIGI



Mynd 5 Velta á aðalmarkaði Kauphallarinnar (XICE)




árið 2017 um 4,8% og hefur hækkað um 9,7% það sem af er ári 2018 (viðmiðunardagsetning 20. apríl 2018).

Markaðsvirði skráðra félaga á aðalmarkaði Kauphallar Íslands lækkaði í desember 2017, en þá voru hlutabréf Össurar hf. afskráð af íslenska markaðnum. Þá voru hlutabréf Bank Nordik P/F afskráð í febrúar 2017. Engar nýskráningar voru á aðalmarkaði og fækkaði því skráðum hlutafélögum um tvö á árinu og eru þau nú 16 talsins. Kauphöll Íslands rekur einnig markaðstorg fjármálagerninga undir heitinu First North Iceland. Þar voru tvo ný félög tekin til viðskipta á tímabilinu, Klappir Grænar Lausnir hf. og Kvika banki hf.

Velta og veltuhraði skráðra hlutabréfa hefur lítið breyst á árunum 2016 og 2017. Sveifluhraði, sem er mælikvarði á hlutfall veltu af markaðsvirði, hefur sveiflast í kringum 60% á tímabilinu en áberandi er mikil aukning

Mynd 7 Hlutfall markaðsaðila af heildarveltu með verðbréf á aðalmarkaði Kauphallarinnar (XICE)



Heimild: Mánaðarskýrslur Nasdaq

í febrúar 2017, sem líklega er tilkomin vegna mikilla viðskipta í kjölfar afkomuviðvörðunar frá Icelandair Group hf.

Líkt og sjá má á mynd 7 eru stóru viðskiptabankarnir þrír, Arion banki hf., Íslandsbanki hf. og Landsbankinn hf., umfangsmiklir á markaði með hlutabréf skráð á aðalmarkað Kauphallar Íslands en þeir standa að baki 71,4% af heildarveltu á markaðnum. Umfang Arion banka hf. og Landsbankans hf. hefur aukist síðastliðin þrjú ár en umfang Íslandsbanka hf. dregist talsvert saman. Í heildina virðast hlutföllin vera að jafnast milli markaðsaðila en framangreindir aðilar skera sig úr, hver um sig með yfir 20% af heildarveltu.

Þróun á skuldabréfamarkaði


Velta með skuldabréf hefur dregist saman síðastliðin tvö ár. Á árinu 2017 var heildarvelta með skuldabréf í Kauphöll Íslands 1.240 milljarðar króna. Til samanburðar

var veltan 1.476 milljarðar króna árið 2016 en 1.996 milljarðar króna árið 2015. Líkt og undanfarin ár voru mest viðskipti með óverðtryggt ríkisskuldabréf. Á árinu 2017 var heildarvelta í Kauphöll Íslands með óverðtryggt ríkisskuldabréf 847 milljarðar króna en sjö veltuhæstu skuldabréfin falla öll í þann flokk. Þá jókst velta með skuldabréf útgefin af bönkum umtalsvert á árinu 2017 frá fyrra ári eða úr 109 milljörðum króna í 164 milljarða króna, sem nemur 7% af heildarveltu með skuldabréf í Kauphöll Íslands.

Af þeim markaðsaðilum sem framkvæma viðskipti með skráð skuldabréf í Kauphöll Íslands eru viðskiptabankarnir fjórir stærstir. Frá árinu 2015 hefur sú breyting þó átt sér stað að framangreindir aðilar hafa misst talsvert af hlutdeild sinni og smærri aðilar á móti aukið við sína hlutdeild, svo sem Fossar markaðir hf. og Arctica Finance hf., sbr. mynd 8.


Þróun ávöxtunarkröfu skuldabréfa á markaði hefur verið

Mynd 8 Hlutdeild markaðsaðila á skuldabréfamarkaði



Heimild: Mánaðarskýrslur Nasdaq Iceland hf.

Mynd 9 Ávöxtunarkrafa verðtryggðra (OMXI10YI) og óverðtryggðra (OMXI10YNI) skuldabréfavisitalna Nasdaq hf.




með tvennum hætti. Ávöxtunarkrafa með verðtryggð skuldabréf hefur lækkað umtalsvert en ávöxtunarkrafa óverðtryggðra skuldabréfa nánast staðið í stað á milli árána 2016 og 2017, en talsvert flókt átti sér stað á tímabilinu. Framangreinda þróun má sjá á mynd 9, sem sýnir hvernig OMXI10YI (verðtryggð skuldabréf með 10 ára veginn binditíma) og OMXI10YNI (óverðtryggð skuldabréf með 10 ára veginn binditíma) vísitölur Nasdaq þróuðust yfir árið 2017. Verðbólguálag hækkaði talsvert eftir mitt ár 2017 og má gera ráð fyrir að stjórnarslit með tilheyrandi óvissu um fjárlög næstu ára, óvissa tengd

kjarasamningum á árinu 2018 og umfjöllun í rökstuðningi peningastefnunefndar um minnkandi spennu í hagkerfinu hafi haft áhrif.

Á mynd 10 má sjá hvernig markaðsvirði útgefinna skuldabréfa hefur þróast í Kauphöll Íslands undanfarin þrjú ár. Heildarverðmæti skráðra skuldabréfa nam 2.418 milljörðum króna árið 2017, samanborið við 2.136 milljarða króna árið 2016. Tveir nýir skuldabréfa-útgefendur voru samþykktir á árinu 2017 en í heildina voru 60 nýir skuldabréfaflokkar teknir til viðskipta og var heildarfjöldi skuldabréfa 188 í Kauphöll Íslands í árslok.

Mynd 10 Markaðsvirði skráðra skuldabréfa í árslok



2.3 Lánamarkaður

Í árslok 2017 voru starfandi fjórir viðskiptabankar, fjórir sparisjóðir og fimm lánaþyrirtæki, eða samtals 13 lánastofnanir auk Íbúðalánasjóðs, er Fjármálaeftirlitið hefur eftirlit með skv. lögum nr. 44/1998 um húsnæðismál. Heildareignir lánastofnana í árslok 2017 námu samtals 4.434 milljörðum króna en þar af námu heildareignir viðskiptabanka samtals 3.452 milljörðum króna og höfðu hækkað um 6,1% frá árslokum 2016. Eignarhald ríkissjóðs og opinberra aðila er enn mikið á lánamarkaði en hlutdeild hins opinbera lækkaði hins vegar með sölu á 13% hlut ríkisins í Arion banka hf. í febrúar 2018. Eftir fyrrgreinda sölu var hlutdeild ríkissjóðs og opinberra aðila í eigin fé lánastofnana á fyrsta ársfjórðungi 2018 samtals 65% en var 71% í árslok 2016. Arion banki hf. stefnir að skráningu á markað á árinu 2018.

Uppbygging efnahagsreiknings

Hlutfall heildareigna lánastofnana af vergri landsframleiðslu fór árlega lækkandi frá árslokum 2009 og fram til ársins 2016. Á tímabilinu lækkaði hlutfallið úr 277% í 173%. Í árslok 2017 var hlutfallið hins vegar 174% og hækkaði því lítillega frá fyrra ári. Þetta hlutfall var í kringum 900% í lok árs 2007. Skýringin á þróuninni frá árinu 2009 er einkum sú að verg landsframleiðsla hefur hækkað hlutfallslega meira en heildareignir lánastofnana sem hafa hækkað um 7% frá árslokum 2009.

Eiginfjárstaða


Í árslok 2017 nam eiginfjárgrunnur stóru viðskiptabankanna þriggja tæpum 618 milljörðum króna, samanborið við 635 milljarða króna í árslok 2016 sem er lækkun upp á tæp 3% á milli ára. Eiginfjárhlutfall þeirra í árslok 2017 var að meðaltali 25%, samanborið við 27,5% í árslok 2016. Meginástæður lækkunarinnar eru auknar áhættuvegnar eignir auk arðgreiðslna, bæði almennra og sértækra. Eiginfjárhluftöll bankanna eru eftir sem áður vel yfir viðmiðum Fjármálaeftirlitsins. Eiginfjárgrunnur stóru viðskiptabankanna þriggja er að mestu leyti samsettur af almennu eigin fé þáttar 1 (e. CET1) eða rúm 96%.

Vegið hlutfall eiginfjárþáttar 1 hjá stóru viðskiptabönkunum var að meðaltali 24,3% í árslok 2017 sem er töluvert hærra en gengur og gerist í Evrópu þar sem hlutfallið er að meðaltali um 16%. Samanburðurinn sýnir að eiginfjárstaða íslensku bankanna er sterk en vert er að benda á að með auknum alþjóðlegum eiginfjárkröfum hafa eiginfjárhluftöll erlendra banka farið hækkanði undanfarin ár á sama tíma og eiginfjárhluftöll íslenskra banka hafa farið lækkandi.

Rekstrarafkoma

Á heildina litið var rekstrarafkoma bankanna svipuð árið 2017 og árið á undan. Hagnaður stóru viðskiptabankanna þriggja eftir skatta nam rúmum 47 milljörðum króna árið 2017, samanborið við rúma 50 milljarða króna árið 2016. Arðsemi eiginfjár (e. ROE) eftir skatta lækkaði frá fyrra ári og nam 7,3% árið 2017, samanborið við 8,9% árið 2016. Arðsemi grunnrekstrar fyrir skatta jókst hins vegar lítillega á milli ára og nam 9% árið 2017, samanborið við 8,7% árið 2016. Hreinar vaxtatekjur bankanna stóðu í stað á milli ára en hreinar þóknatekjur jukust um 2 milljarða króna. Vaxtamunur nam 2,9% árið 2017, samanborið við 3% árið 2016. Rekstrarkostnaður sem hlutfall af hreinum rekstrartekjum nam 54,8% árið 2017, samanborið við 53% árið 2016. Rekstrarkostnaður sem hlutfall af eignum lækkaði í 2,5% úr 2,6% frá fyrra ári.

Mynd 11 Heildareignir lánastofnana á samstæðugrunni 31. desember 2017



Heimild: Fjármálaeftirlitið

Lausafjárstaða og fjármögnun


Stóru viðskiptabankarnir þrír eru enn með rúma lausafjástöðu eða um 160 milljarða króna umfram lágmarkskröfur reglna um lausafjárhluftfall (e. LCR) lánastofnana miðað við árslok 2017, samanborið við um 200 milljarða króna við árslok 2016. Samkvæmt reglunum er lágmarkshluftfall lausafjár alls 100% og

hið sama gildir fyrir lausafjárhlutfall í erlendum gjaldmiðlum. Vegið hlutfall lausafjár bankanna í árslok 2017 var 169% og 491% fyrir erlenda gjaldmiðla, samanborið við 153% og 404% í árslok 2016.

Í árslok 2017 var samsetning fjármögnunar þannig að 1.634 milljarðar króna eru innlán frá viðskiptavinum (48%), 885 milljarðar króna er fjármögnun á markaði (26%), 653 milljarðar króna er eigið fé (19%) og aðrir liðir 204 milljarðar króna (7%). Á síðastliðnum þremur árum hafa bankarnir aukið fjölbreytileika í fjármögnun. Hlutfall innlána frá viðskiptavinum hefur lækkað um 2,7 prósentustig, hlutfall fjármögnunar á markaði hefur aukist um 6,8 prósentustig og hlutfall eiginfjár hefur lækkað um 1,7 prósentustig. Stefna bankanna er að auka enn frekar fjölbreytileika fjármögnunar með útgáfu eiginfjárgerninga sem falla undir viðbótar eiginfjárþátt 1 eða eiginfjárþátt 2. Í tengslum við það munu þeir hafa til hlíðsjónar væntanlega MREL¹ kröfu sem er hluti af innleiðingu tilskipunar Evrópusambandsins um endurreisn og skilameðferð fjármálafyrirtækja (BRRD) sem til stendur að innleiða í íslensk lög á þessu ári og því næsta.

Á mynd 12 má sjá þróun á völdum þáttum í samsetningu fjármögnunar bankanna frá árinu 2015 til og með 2017.²

Mynd 12 Þróun samsetningar fjármögnunar viðskiptabankanna



Heimild: Fjármálaeftirlitið

Af 885 milljarða króna fjármögnun bankanna á markaði er 56% í erlendum gjaldmiðlum og 44% í íslenskum krónum. Í íslenskum krónum eru sértryggð skuldabréf fyrirferðamest en þau eru um 39% af heildarfjármögnun á markaði. Að teknu tilliti til uppgreiðslna gáfu bankarnir út skuldabréf í erlendum gjaldmiðlum fyrir um 37 milljarða króna á árinu 2017, en árið 2016 nam sambærileg hrein staða um 98 milljörðum króna.

Fjármögnun í erlendum gjaldmiðlum er um 82% í evrum, um 11% í sænskum krónum og 7% í norskum

krónum. Aukning í útgáfu sértryggðra skuldabréfa nam á árinu 2017 um 84 milljörðum króna og höfðu bankarnir gefið út sértryggð skuldabréf í árslok 2017 fyrir um 348 milljarða króna, sem er um 32% aukning á milli ára.

Vaxtakjör bankanna á erlendum lánamörkuðum hafa ekki verið hagstæðari frá hausti 2008, auk þess sem útgáfur þeirra hafa lengst. Skýringuna er helst að finna í hagstæðari markaðsaðstæðum á erlendum lánamörkuðum, meiri gæðum efnahagsreikninga bankanna með ári hverju, bættu láns hæfismati og auknu trausti á bankakerfið og íslenska hagkerfið.

Á gjalddaga í ár og næstu tvö ár er endurfjármögnunarþörf í erlendum gjaldmiðlum að fjárhæð um 148 milljarðar króna eða um 59% af útistandandi markaðsfjármögnun í erlendum gjaldmiðlum. Nýlegar skuldabréfaútgáfur bankanna í erlendum gjaldmiðlum að fjárhæð um 90 milljarðar króna hafa hins vegar lækkað endurfjármögnunarhlutfallið, hækkað meðaleftirstöðvartíma og þar með dregið úr endurfjármögnunaráhættu.

Lenging meðaleftirstöðvartíma hefur haft jákvæð áhrif á fjármögnunarhlutfall í erlendum gjaldmiðlum og eru hlutföllin töluvert umfram lágmarkskröfur reglna um fjármögnunarhlutfall í erlendum gjaldmiðlum sem er 100%. Við árslok 2017 var vegið hlutfall 162% og því enn vel yfir lágmarkskröfum.

Stór hluti af markaðsfjármögnun bankanna í íslenskum krónum eru sértryggð skuldabréf sem eru veðtryggð með íbúðalánnum. Sá hluti hefur því vægi í hlutfalli kvaðabundinna eigna en hlutfallið hefur farið lækkanði síðastliðin ár, meðal annars vegna uppgreiðslna á stofnfjármögnun bankanna. Í árslok 2017 nam vegið hlutfall 14% fyrir alla bankana en var 16% árið 2016.

Útlánaáhætta og eignagæði


Bókfært virði útlána stóru viðskiptabankanna til viðskiptavina nam 2.446 milljörðum króna í árslok 2017 en það er 8,5% aukning frá árslokum 2016 þegar útlánin námu 2.254 milljörðum króna. Verðbólga ársins 2017 var 1,9% og jókst raunvirði lánasafns bankanna því um 6,6% sem er meira en hagvöxtur ársins 2017 sem var 3,6%. Skuldir fyrirtækja og einstaklinga sem hlutfall af landsframleiðslu höfðu lækkað frá árinu 2008, en sú lækkun hefur stöðvast.

Stóru viðskiptabankarnir hafa lokið endurskipulagningu útlána vegna fyrirtækja sem lentu í fjárhags-erfiðleikum eftir fjármálaáfallið 2008 og hefur hlutfall lána í vanefnd líklega þegar náð lægsta punkti í þessari hagsveiflu. Helsti áhættuþátturinn í útlánasafni stóru viðskiptabankanna að mati Fjármálaeftirlitsins eru lán með veði í atvinnuhúsnæði en slík lán námu um 574 milljörðum króna í árslok 2017. Í kjölfar fjármálaáfallsins 2008 töpuðu bankarnir verulegum fjárhæðum vegna

¹ Krafa um eigið fé og eftirgefanlegar skuldbindingar.

² Þessir þættir veiga samtals um 93% af fjármögnunarhlíðinni.


Mynd 13 Raunverð á verslunar- og skrifstofuhúsnæði á höfuðborgarsvæðinu á tímabilinu 2000-2017



slíkra lána. Raunverð á verslunar- og skrifstofuhúsnæði á höfuðborgarsvæðinu er orðið hærra en það var í síðasta toppi hagsveiflunnar árið 2007 eins og sjá má á mynd 13.


Bókfært virði útlána viðskiptabankanna til fyrirtækja í ferðaþjónustu nam 212 milljörðum króna í árslok 2017 sem er 20% aukning frá fyrra ári. Útlánavöxturinn hefur þó dregist mikið saman frá miðju ári 2017 samhliða minnkandi vexti geirans. Útlán viðskiptabankanna til fyrirtækja í ferðaþjónustu nema 15,2% af heildarútlánnum þeirra til fyrirtækja. Útlán með veði í hótélbyggingum voru 78,2 milljarðar króna í árslok 2015, en voru komin í 114 milljarða króna í lok árs 2017 sem er um 46% hækkun eins og sjá má á mynd 14.

Mynd 14 Þróun útlána stóru viðskiptabankanna með veði í hótélbyggingum frá árslokum 2015



Útlán stóru viðskiptabankanna til bílaleiga námu 42,1 milljarði króna á miðju ári 2017 en þau drógust saman á síðustu sex mánum ársins 2017 og voru 34,5 milljarðar króna í lok árs 2017. Á mynd 15 má sjá þróun útlána stóru bankanna þriggja til bílaleiga.

Mynd 15 Þróun útlána stóru viðskiptabankanna þriggja til bílaleiga á árinu 2017



Alþjóðlegur vinnuhópur um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka

Skýrsla úttektarnefndar Financial Action Task Force (FATF) um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka á Íslandi birtist í byrjun aprílmánaðar 2018. Niðurstaða úttektarinnar að því er starfssvið Fjármálaeftirlitsins varðar er sú að umgjörð utan um starfsleyfi og skráningar sé fullnægjandi til þess að koma í veg fyrir að afbrotamenn og tengdir aðilar séu raunverulegir eigendur að virkum eignarhlutum í aðilum sem eru undir eftirliti stofnunarinnar. Þá er niðurstaðan sú að þó að Fjármálaeftirlitið hafi hafið vinnu við að greina áhættur, þá sé skilningur stofnunarinnar á áhættum tengdum peningabætti og fjármögnun hryðjuverka ekki fullnægjandi. Þar af leiðandi sé eftirliti ekki sinnt með hliðsjón af áhættumati. Að lokum er gagnrýnt af hálfu úttektarnefndarinnar að Fjármálaeftirlitið hafi ekki stjórnvaldssektarheimildir vegna brota á lögum nr. 64/2006, um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka.

Fjármálaeftirlitið hefur hafið vinnu við innleiðingu áhættumiðaðs eftirlits hjá stofnuninni í samræmi við viðmiðunarreglur evrópsku eftirlitsstofnananna

2016/72 og mun fyrsta áhættumat á tilkynningar-skyldum aðilum liggja fyrir haustið 2018. Þá er hjá dómsmálaráðuneytinu unnið að frumvarpi til nýrra heildarlaga um aðgerðir gegn peningþvætti og fjármögnun hryðjuverka. Mun frumvarpið gera ráð fyrir víðtækum viðurlagaheimildum til handa Fjármálaeftirlitinu vegna brota á lögnum.

2.4 Vátryggingamarkaður


Í árslok 2017 höfðu 11 vátryggingafélög starfsleyfi frá Fjármálaeftirlitinu en þeim fækkaði um eitt á árinu vegna samruna Varðar líftrygginga hf. og Okkar líftrygginga hf. Af félögum 11 eru fjögur félög á skaðatryggingamarkaði og jafnmörg á líftryggingamarkaði. Þar að auki eru endurtryggingafélögin Íslensk endurtrygging hf. og Trygging hf. sem eingöngu gera upp eldri skuldbindingar, auk Viðlagatryggingar Íslands sem starfar eftir sérlögum.

Efnahagur

Samanlagðar eignir allra vátryggingafélaga hér á landi í lok árs 2017 námu um 144 milljörðum króna og hækkuðu um tæplega 4% frá fyrra ári.

Á mynd 16 má sjá samsetningu skuldahlíðar efnahagsreiknings skaða- og líftryggingafélaga í árslok 2017. Eiginfjárstaðan lækkaði nokkuð frá fyrra ári. Vátryggingaskuldin hefur hækkað um tæplega 4 milljarða króna, eða 5%, en vátryggingaskuldin í ársreikningum félaganna er samhljóða viðmiðum Solvency II regluverksins.

Mynd 16 Efnahagsreikningur vátryggingafélaga



Heimild: Fjármálaeftirlitið

Markaðsáhætta myndar sem fyrr mest framlag til gjaldþolskröfunnar en á undanföllum árum hafa vátryggingafélög aukið hlutdeild sína í áhættumeiri eignaflokkum, s.s. í hlutabréfum og sjóðum um sameiginlega fjárfestingu. Næstmest framlag er vegna skaðatryggingaráhættu enda eru umsvif félaganna í skaðatryggingum meiri en í líf- og heilsutryggingum. Öll félög beita staðalreglu Solvency II til að reikna gjaldþolskröfu en henni er ætlað að meta áhrif væntanlegs tapsatburðar á 200 ára fresti á efnahag félaganna.

Gjaldþolshlutföll vátryggingafélaganna hafa lækkað nokkuð frá fyrra ári en í árslok 2017 var hlutfallið að meðaltali 1,49 fyrir öll félög á samstæðugrunni. Lækkun gjaldþolshlutfalls má að hluta rekja til aukinna fjárfestinga vátryggingafélaga í hlutabréfum og öðrum áhættusamari eignaflokkum. Einnig hefur áhrif að Vátryggingafélag Íslands dregur eignarhlut í Kviku banka hf. frá gjaldþoli og áhættan því ekki reiknuð inn í gjaldþolskröfu. Á mynd 17 má sjá samsetningu gjaldþolskröfu og gjaldþolsliða.

Fjárfestingar vátryggingafélaga


Mynd 18 sýnir eignasamsetningu vátryggingafélaga í árslok 2017. Hlutdeild hlutabréfa var 18% í árslok 2017 sem er svipað hlutfall og árið áður. Hlutdeild skuldabréfa var 31% í árslok 2017 og hefur hún dregist nokkuð saman frá fyrra ári. Vátryggingafélögin eru misjafnlega mikið útsett fyrir markaðsáhættu en hlutdeild vátryggingafélaga í áhættusamari eignaflokkum hefur aukist töluvert á síðustu árum og myndar hlutabréfaáhætta langstærstan hluta gjaldþolskröfu vegna markaðsáhættu.

Rekstur vátryggingafélaga


Afkoma skaðatryggingafélaganna var heldur lakari á árinu 2017 en árið á undan en hún ræðst annars vegar af vátryggingarekstri og hins vegar af ávöxtun fjárfestingareigna. Afkoman af þessum tveimur meginstöðum var nokkuð misjöfn eftir félögum á árinu 2017. Almenn tæring var samdráttur í afkomu af fjármálastarfsemi en hagnaður af skaðatrygginga- og líftryggingarekstri jókst og vó samdrátt í fjármálastarfsemi upp að hluta.

Áframhaldandi vöxtur var í vátryggingarekstri og jukust iðgjöld um 9% á árinu 2017 en rekstrarkostnaður jókst töluvert minna eða um 5% miðað við fyrra ár. Samsett hlutfall er algengasti mælikvarði á árangur af vátryggingarekstri en það samanstendur af tjonakostnaði og rekstrarkostnaði sem hlutfalli af iðgjöldum. Hlutfallið hefur farið lakkandi undanfarin misseri og var 96% að meðaltali á árinu 2017 í skaðatryggingastarfsemi og 65% í líftryggingastarfsemi. Vægi líftryggingastarfseminnar er á heildina lítið og hreyfir ekki meðaltalið þegar horft er til allra greina. Samsett hlutfall allra vátryggingagreina var 96% árið 2017 samanborið við 99% árið áður.


Mynd 17 Sundurliðun gjaldþolskröfu skaða- og líftryggingafélaga eftir áhættuþáttum og frádráttarliðum



Mynd 18 Samsetning eigna váttryggingafélaga 31. desember 2017



Mynd 19 Samsett hlutfalll váttryggingafélaga eftir ársfjórðungum



Heimild: Fjármálaeftirlitið

2.5 Lífeyrissjóðir og vörsluaðilar lífeyrissparnaðar

Lífeyrissjóðum fækkaði um þrjá á árinu 2017 þegar þrjár lífeyrissjóðir sameinuðust öðrum lífeyrisdeildum eða voru lagðir niður. Eftirlaunasjóður Reykjanesbæjar sameinaðist B-deild Brúar lífeyrissjóðs á fyrri hluta ársins, Lífeyrissjóður hjúkrunarfræðinga sameinaðist B-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins í ársbyrjun 2018 og Eftirlaunasjóður starfsmanna Útvegsbanka Íslands var lagður niður á sama tíma. Við niðurlagningu síðastnefnda

sjóðsins varðveitast réttindi lífeyrisþega sem fá nú greitt úr ríkissjóði.

Samtals eru nú starfandi 22 lífeyrissjóðir sem veita móttöku lögbundnu iðgjaldi til lágamarkstryggingaverndar í 26 deildum auk 42 séreignadeilda. Þá eru fimm aðrir innlendir vörsluaðilar séreignasparnaðar með samtals 31 séreignadeild auk tveggja erlendra vörsluaðila sem stunda starfsemi á grundvelli laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða.

Efnahagur


Samtals námu heildareignir lífeyrissjóða og annarra innlendra vörsluaðila séreignasparnaðar 4.062 milljörðum króna í árslok 2017. Það jafngildir 160% af áætlaðri vergri landsframleiðslu ársins 2017 og fer hlutfallið enn hækkandi milli ára. Þar af var hlutdeild samtryggingardeilda lífeyrissjóða 135% af vergri landsframleiðslu. Hlutdeild séreignasparnaðar lífeyrissjóða og annarra vörsluaðila nam 25% af vergri landsframleiðslu.

Heildareignir samtryggingadeilda lífeyrissjóða námu 3.498 milljörðum króna í lok árs 2017 og jukust um 7,0% frá fyrra ári. Heildareignir séreignadeilda lífeyrissjóða hækkuðu um 14,2% á sama tímabili og námu 382 milljörðum króna í árslok. Loks voru eignir annarra innlendra vörsluaðila séreignasparnaðar samtals 182 milljarða króna og jukust um 12% á árinu 2017.

Fjárfestingar


Lífeyrissjóðir áttu beint tæplega 48% hlutfjár í skráðum hlutafélögum hér á landi við síðustu áramót. Til viðbótar er óbeinn eignarhlutur lífeyrissjóða í gegnum

Mynd 20 Eignir samtryggingadeilda, séreignardeilda og vörsluaðila séreignar



Heimild: Fjármálaeftirlitið

Mynd 21 Sundurliðun fjárfestinga samtryggingadeilda, séreignardeilda og vörsluaðila séreignar



Heimild: Fjármálaeftirlitið

verðbréfasjóði sem fjárfesta í innlendum hlutabréfum áætlaður 3% af virði félaga í kauphöllinni. Samtals nemur bein og óbein eign lífeyrissjóða í skráðum hlutabréfum á Íslandi tæplega 12% af heildareignum lífeyrissjóðanna. Auk þess hafa lífeyrissjóðir fjárfest í skuldabréfum sömu útgefenda sem nemur 2% af heildareignum. Áhætta tengd hlutafélögum sem skráð eru á markað hér á landi nemur því um 14% af heildareignum sjóðanna. Eignir lífeyrissjóða í innlendum skráðum og óskráðum hlutafélögum námu við árslok 2017 annars vegar 380 milljörðum króna og hins vegar 70 milljörðum króna. Eignarhald lífeyrissjóða í innlendu atvinnulífi er mjög víðtækt og á sér ekki hliðstæðu í helstu samanburðarlöndum.

Tæplega þriðjungur eigna lífeyrissjóða er í ríkistryggtum skuldabréfum og víxlum og hefur það hlutfall minnkað jafnt og þétt á síðustu árum. Hlutfall skuldabréfa sem gefin eru út af sveitarfélögum hefur aftur á móti verið stöðugt sem hlutfall af heildareignum lífeyrissjóða.


Á árinu 2017 héldu lífeyrissjóðirnir áfram að auka verulega við fasteignaveðtryggt útlán sem að mestu eru lán til sjóðfélaga. Lífeyrissjóðirnir hafa um langt skeið verið stærstu aðilarnir við fjármögnun íbúðalánakerfisins, einkum með fjárfestingum í skuldabréfum Íbúðalánasjóðs og forvera hans og í gegnum fjárfestingar í sértryggtum skuldabréfum fjármálafyrirtækja. Fjárfesting lífeyrissjóða

í sértryggtum skuldabréfum fjármálafyrirtækja hefur vaxið nokkuð í krónum talið en hlutfall þeirra af heildareignum sjóðanna hélst óbreytt á milli ára í fyrra. Á allra síðustu árum hafa lífeyrissjóðirnir sótt í auknum mæli milliliðalaust inn á fjármálamarkaðarinn með lánveitingum beint til sjóðfélaga í samkeppni við banka og aðrar fjármálastofnanir. Hlutfall fasteignaveðtryggðra skuldabréfa af heildareignum samtryggingadeilda er nú um 10% og hefur það hlutfall ekki verið hærra síðan árið 2009. Á mynd 21 má sjá sundurliðun fjárfestinga samtryggingadeilda, séreignadeilda og vörsluaðila séreignar.

Lífeyrissjóðum er heimilt að fjárfesta allt að 50% af skuldbindingum sínum í fjármálagerningum í erlendum gjaldmiðlum. Merkjanleg aukning hefur orðið í nýfjárfestingu í erlendum gjaldmiðlum frá losun fjármagnshafta í mars 2017 og er áætlað að lífeyrissjóðir hafi fjárfest fyrir um 90 milljarða króna í erlendis á árinu 2017, sem er aukning um ríflega 20 milljarða króna frá fyrra ári. Erlendar eignir lífeyrissjóða eru að langmestu leyti hlutdeildarskrirteini í hlutabréfasjóðum. Hlutfall erlendra eigna lífeyrissjóða var um 27% af heildareignum þeirra í lok ársins 2017, sem er hækkan um þrjú prósentustig frá fyrra ári, en sjá má þróun hlutfallsins á mynd 22. Hækkunin skýrist að stórum hluta af nýfjárfestingum og góðri ávöxtun á árinu. Þriðjung aukningar á hlutfalli erlendra eigna sjóðanna má rekja til

Þess að Össur hf. er nú eingöngu skráður í kauphöllina í Kaupmannahöfn og eignahlutur innlendra lífeyrissjóða í félaginu því skráður í dönskum krónum.

Mynd 22 Sundurliðun fjárfestinga lífeyrissjóða eftir gjaldmiðlum



Heimild: Fjármálaeftirlitið


Afkoma

Raunávöxtun samtryggingadeilda lífeyrissjóða er áætluð um 5% á árinu 2017 en ársreikningar sjóðanna vegna ársins liggja ekki fyrir þegar þetta er tekið saman. Undanfarin 25 ár hefur raunávöxtun lífeyrissjóða verið 4,2% að meðaltali. Sé horft til skemmri tíma hefur raunávöxtun þeirra verið nokkuð sveiflukennnd. Síðastliðin 10 ár hefur hún verið 1,2% að meðaltali en 5,1% undanfarin fimm ár.

Hlutabréf og hlutdeildarskírteini í erlendum gjaldmiðlum hækkuðu um fast að fimmtungi á árinu en styrking krónunnar dró úr ávöxtun þeirra í íslenskum krónum. Raunávöxtun erlendra hlutabréfa og hlutdeildarskírteina var um 11% á árinu. Innlend hlutabréf hækkuðu að meðaltali á árinu um 3-4%.

Lækkun vaxta á Íslandi er ný áskorun sem lífeyrissjóðirnir standa frammi fyrir. Vegna þess að veginn meðallíftími skuldbindinga lífeyrissjóða er umtalsvert lengri en veginn meðaltími eigna þeirra eru ungir sjóðfélagar lífeyrissjóða viðkvæmastir fyrir því ef vaxtastig lækkar enn frekar og helst lágt um langt skeið. Lífeyrissjóðir flokka um helming ríkisskuldabréfa og -vígla á gangvirði og vegna lækkandi ávöxtunarkröfu jók það umtalsvert við ávöxtun þeirra á árinu. Það mun auka kröfu um ávöxtun á öðrum eignaflokkum í framtíðinni.

Mynd 23 Ávöxtun lífeyrissjóða 1997-2017



Heimild: Fjármálaeftirlitið

2.6 Rekstrarfélög verðbréfasjóða, verðbréfa- og fjárfestingarsjóðir og fagfjárfestasjóðir

Rekstrarfélög verðbréfasjóða eru fjármálafyrirtæki sem fengið hafa starfsleyfi samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki og reka sjóði um sameiginlega fjárfestingu samkvæmt lögum nr. 128/2011 um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestasjóði. Verðbréfasjóðir og fjárfestingarsjóðir hljóta staðfestingu Fjármálaeftirlitsins og gerðar eru ríkar kröfur til skipulags rekstrarfélaga þeirra, starfsemi og stjórnunar. Fagfjárfestasjóðir standa eingöngu fagfjárfestum til boða og eru samkvæmt gildandi löggjöf eingöngu tilkynningarskyldir til stofnunarinnar og lúta takmörkuðu eftirliti sem lýtur aðallega að upplýsingagjöf. Þá eru engar hömlur settar á fjárfestingar þeirra, ólíkt verðbréfa- og fjárfestingarsjóðum. Eftirlit með rekstraraðilum fagfjárfestasjóða mun þó aukast með tilkomu svokallaðrar AIFMD tilskipunar sem hefur verið í gildi í Evrópu undanfarin ár, en hefur ekki enn verið innleidd hér á landi. Vonir standa til að hún verði innleidd á Íslandi á árinu 2018.

Rekstrarfélög verðbréfasjóða undir eftirliti Fjármálaeftirlitsins voru tíu talsins í lok árs 2017 og hefur fjöldi þeirra verið óbreyttur frá árinu 2014. Meginstarfsemi rekstrarfélaga verðbréfasjóða felst í að reka verðbréfa- og fjárfestingarsjóði en einnig fagfjárfestasjóði, þó það séu ekki eingöngu rekstrarfélög sem hafi heimild til reksturs slíkra sjóða. Með tilkomu fyrrnefndrar AIFMD tilskipunar munu rekstraraðilar fagfjárfestasjóða þurfa að sækja um starfsleyfi sem rekstraraðilar sérhæfðra sjóða.


Verðbréfasjóðum hefur farið fækkandi undanfarin ár og fækkaði þeim um þrjá síðastliðið ár. Alls voru starfræktir 42 verðbréfasjóðir og sjóðsdeildir í lok árs 2017 en til samanburðar voru þeir 57 árið 2013. Fjölgun fjárfestingarsjóða undanfarin ár virðist hafa stöðvast en þeim fækkaði um einn síðastliðið ár. Alls voru starfræktir 60 fjárfestingarsjóðir og sjóðsdeildir í lok árs 2017. Í lok ársins 2017 námu heildareignir verðbréfa- og fjárfestingarsjóða um 488 milljörðum króna. Þar af námu eignir verðbréfasjóða um 156 milljörðum króna og eignir fjárfestingarsjóða um 332 milljörðum króna.

Eignir verðbréfa- og fjárfestingarsjóða jukust umtalsvert árin eftir fjármálaáfallið 2008 og var sú aukning mest á árunum 2015-2016, eða samtals um 150 milljarða króna. Aukningu beggja ára má rekja til fjárfestingarsjóðanna en eignir þeirra jukust um 196 milljarða króna eða 118% á þessum tveimur árum. Eignir verðbréfasjóðanna lækkuðu jafnt og þétt árin 2013-2016, eftir að hafa vaxið mikið á fyrstu árunum eftir 2008. Mest var lækkunin á árunum 2014 og 2016, um 40-45 milljarða króna eða um 20% hvort ár. Nokkur

stöðnun virðist hafa orðið á þessum sviptingum milli verðbréfa- og fjárfestingarsjóða síðastliðið ár þar sem eignir verðbréfasjóða jukust um tvo milljarða króna og eignir fjárfestingarsjóða lækkuðu um 31 milljarð króna á síðasta ári.

Fagfjárfestasjóðum undir eftirliti hefur aftur á móti fjölgað mikið undanfarin ár og þá sérstaklega á árunum 2016 og 2017, eða samtals um 26 sjóði. Í lok árs 2017 voru starfandi alls 111 fagfjárfestasjóðir í rekstri 14 aðila. Þrátt fyrir það lækkuðu heildareignir fagfjárfestasjóðanna um 19 milljarða króna á síðastliðnu ári, sem er um 4% lækkun, eftir að hafa aukist um 129 milljarða króna, eða 41% árinu áður. Hrein eign var um 212 milljarðar króna og hefur skuldsetning breyst lítið undanfarin ár, er yfirleitt í kringum 50%.

Mynd 24 Þróun eigna verðbréfa- og fjárfestingar- og fagfjárfestasjóða



Heimild: Fjármálaeftirlitið


Eignasamsetning verðbréfa- og fjárfestingarsjóða

Fjárfestingarsjóðir hafa rýmri heimildir til fjárfestinga en verðbréfasjóðir, þ.e. í einstökum útgefendum, eignaflokkum, hlutföllum í skráðum og óskráðum fjármálagerningum og jafnframt hafa þeir heimild til lántöku. Þeir eru því áhættusamari í eðli sínu en verðbréfasjóðir.

Eignasamsetning verðbréfasjóða er mjög frábrugðin eignasamsetningu fjárfestingarsjóða en um 86% af eignum verðbréfasjóðanna eru bundnar í bréfum útgefnum af eða með ábyrgð ríkis og sveitarfélaga. Eignir fjárfestingarsjóða eru töluvert dreifðari. Um 38% eru í innlánnum og reiðufé, um 19% í hlutabréfum og um 28% í skuldabréfum, þar af 13% í ríkisskuldabréfum og öðrum ábyrgðarbréfum og peningamarkaðsgerningum ríkis og sveitarfélaga og 15% í öðrum skuldabréfum og peningamarkaðsgerningum.

Eignir fagfjárfestingarsjóða eru einkum í fasteigna-veðtryggðum skuldabréfum, hlutabréfum, lánasamningum og skuldabréfum.

Mynd 25 Eignasamsetning verðbréfa- og fjárfestingarsjóða í árslok 2017



Heimild: Fjármálaeftirlitið

Fjármálaeftirlitið á Facebook

Í byrjun árs 2017 var tekin ákvörðun um að Fjármálaeftirlitið héldi úti sérstakri síðu á Facebook. Markmiðin voru meðal annars að ná betur til almennings með ýmiss konar fróðleik og stuðla þannig að bættu fjármálagæmi og að gera Fjármálaeftirlitið sem slíkt aðgengilegra og sýnilegra í almennri umræðu. Stefnt var að því að birta tvær til fjórar stöðuuppfærslur í viku hverri og að efni þeirra væri fjölbreytt. Þannig myndi síðan miðla fróðleik og fréttum af starfsemi til almennings en einnig kynna Fjármálaeftirlitið sem stofnun og vinnustað. Hinn 15. mars 2017 fór Facebook síða Fjármálaeftirlitsins í loftið. Í fyrstu færslunni var fjallað um ritið Verðskuldað traust sem Fjármálaeftirlitið gaf út í lok árs 2016 en þar er einmitt fjallað um aukna áherslu stofnunarinnar á neytendamál. Á því rúma ári sem liðið er hafa um 170 færslur verið birtar, og telja má að stærstur hluti þeirra, eins og fréttir af

lagabreytingum, umfjöllun um úrskurðarnefndir á fjármálamarkaði, umfjöllun um ýmsar greinar og skýrslur og margs konar annar fróðleikur, hafi skýrt fræðslugildi fyrir almenning. Aðrar færslur eru svo af nokkuð öðrum toga, en til að mynda hefur „hin hliðin“ sem er umfjöllun um einstaka starfsmenn og helstu áhugamál þeirra, notið mikilla vinsælda.

Rúmu ári eftir opnun síðunnar eru fylgjendur hennar orðnir um 1000 og að meðaltali nær hver færsla til ríflega 1000 notenda. Þá hafa í einhverjum tilvikum skapast umræður á síðunni og hafa þær í öllum tilvikum verið málefnalegar. Enn fremur hafa einhverjir nýtt sér þann möguleika að senda Fjármálaeftirlitinu spurningar í gegnum pósthólf síðunnar. Framtíkið þykir hafa gefist vel. Með því að vera á Facebook hefur Fjármálaeftirlitið opnað á nýja leið til að miðla upplýsingum til almennings og fyrirhugað er að halda verkefninu áfram.



3. Annáll ársins

3.1 Helstu atburðir frá maí 2017 til aprílloka 2018

Frumbrot í tengslum við peningaþvætti

Fjármálaeftirlitið vakti hinn 19. maí 2017 athygli á samantekt peningaþvættisskrifstofu héraðssaksóknara um frumbrot í tengslum við peningaþvætti. Jafnframt vakti stofnunin athygli á umfjöllun um efnið á eigin heimasíðu.

Brottfallnar reglur um starfsemi fjármálafyrirtækja og váttryggingafélaga

Vakin var athygli á því 29. maí 2017 að Fjármálaeftirlitið hefði birt auglýsingar um brottfall ýmissa reglna um starfsemi fjármálafyrirtækja og váttryggingafélaga. Þar væru tilgreindar allar þær reglur sem féllu brott í kjölfar breytinga á lögum um fjármálafyrirtæki og gildistöku reglugerðar um varfærniskröfur vegna starfsemi fjármálafyrirtækja, auk nýrra heildarlaga um váttryggingastarfsemi. Umræddar breytingar á banka- og

váttryggingamarkaða tengdust innleiðingu á evrópskri löggjöf CRD IV og Solvency II.

Tilkynning um fyrirhugaða yfirfærslu líftryggingastofns
Í lok maí 2017 var tilkynnt um fyrirhugaða yfirfærslu hluta líftryggingastofns frá Scottish Equitable Plc til Legal and General Assurance Society Ltd.

Fjármálaeftirlitið gefur út reglur um tæknilega staðla vegna CRD IV löggjafarinnar

Hinn 13. júní 2017 var sagt frá því á vef Fjármálaeftirlitsins að stofnunin hefði gefið út fimm reglur um tæknilega staðla vegna CRD IV löggjafarinnar. Reglurnar byggðu á ákvæðum CRR, þ.e. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, sem innleidd hefðu verið í íslenskan rétt með setningu reglugerðar um varfærniskröfur um starfsemi fjármálafyrirtækja, nr. 233/2017.

Tímabundið bann við gerð samninga um skortsölu með hlutabréf í Liberbank S.A.

Sagt var frá því 13. júní 2017 á heimasíðu Fjármálaeftirlitsins að Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitið (ESMA) hefði birt samþykjandi álit á tímabundnu banni spænska verðbréfamarkaðseftirlitsins Comisión Nacional del Mercado de Valores (CNMV) við gerð samninga um skortsölu eða að taka skortstöður með hlutabréf í Liberbank S.A. á grundvelli reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 236/2012 um skortsölu og tiltekna þætti skuldatrygginga. Bannið hefði tekið gildi fyrir opnun markaða 12. júní 2017 og gildi í einn mánuð.

Tilkynning um fyrirhugaða yfirfærslu á váttryggingastofni

Hinn 14. júní 2017 var tilkynnt um fyrirhugaða yfirfærslu á váttryggingastofni Ridgwell Fox & Partners í eigu Allianz IARD til Bothnia International Insurance Ltd.

Afturköllun innheimtuleyfis T-9 ehf.

Hinn 16. júní 2017 var sagt frá því að Fjármálaeftirlitið hefði afturkallað innheimtuleyfi T-9 ehf. með vísan til beiðni félagsins þess efnis.

Staða lífeyrissjóðanna við árslok 2016

Fjármálaeftirlitið birti samantekt um stöðu lífeyrissparnaðar, samtryggingar og séreignar við árslok 2016 þann 16. júní 2017.

Breytingar á lífeyrissjóðalögum - spurt og svarað

Þann 21. júní 2017 birti Fjármálaeftirlitið spurningar og svör á heimasíðu eftirlitsins í tengslum við lagabreytingar sem taka áttu gildi hinn 1. júlí með gildistöku laga nr. 113/2016, um breytingu á lögum nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, með síðari breytingum (fjárfestingarheimildir). Fjármálaeftirlitið hafði boðið lífeyrissjóðum og vörsluaðilum viðbótartryggingaverndar að senda spurningar vegna þessara lagabreytinga.

Fjármálaeftirlitið metur Adix ehf. hæft til að fara með virkan eignarhlut í Centra Fyrirtækjaráðgjöf hf.

Fjármálaeftirlitið sagði frá því á vef sínum 21. júní 2017 að stofnunin hefði hinn 8. júní komist að þeirri niðurstöðu að Adix ehf. væri hæft til að fara með virkan eignarhlut í Centra Fyrirtækjaráðgjöf hf., sem næmi allt að 20%, sbr. VI. kafla laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki.

Heildarniðurstöður ársreikninga fjármálafyrirtækja o.fl. 2016

Fjármálaeftirlitið gaf 23. júní 2017 út skýrslu með heildarniðurstöðum ársreikninga ársins 2016 hjá fjármálafyrirtækjum, þ.e. viðskiptabönkum, sparissjóðum og lánafyrirtækjum (einu nafni lánastofnanir), verðbréfafyrirtækjum, rekstrarfélögum verðbréfasjóða, ásamt upplýsingum um heildareignir verðbréfa- og fjárfestingarsjóða í rekstri einstakra rekstrarfélaga og

heildareignir fagfjárfestingsjóða í rekstri rekstrarfélaga og annarra rekstraraðila. Jafnframt eru í skýrslunni upplýsingar um Íbúðalánasjóð, greiðslustofnanir og innlánsdeildir samvinnufélaga.

Annar fundur fjármálastöðugleikaráðs á árinu 2017

Fjármálaeftirlitið sagði í frétt þann 26. júní frá öðrum fundi fjármálastöðugleikaráðs á árinu 2017 sem haldinn var þriðjudaginn 20. júní í fjármála- og efnahagsráðuneytinu. Þar stóð meðal annars: „Á heildina litið er áhætta í fjármálakerfinu enn fremur lítil. Frá síðasta fundi fjármálastöðugleikaráðs hefur þó gætt vaxandi áhættu á nokkrum sviðum líkt og vænst var. Viðnámsþróttur heimila og fyrirtækja hefur í meginatriðum haldið áfram að aukast með batnandi efnahagsaðstæðum. Viðnámsþróttur viðskiptabankanna er einnig mikill, hvort heldur horft er til eignagæða, eiginfjár- eða lausafjárstöðu. Merki eru um að uppsveifla skulda sé hafin en útlánvöxtur telst þó enn vera hóflegur.“

Fréttatilkynning EIOPA um niðurstöður mats á stöðu innleiðingar eigin áhættu- og gjaldþolsmats váttryggingafélaga (ORSA)

Fjármálaeftirlitið vakti 27. júní 2017 athygli á fréttatilkynningu Evrópsku váttrygginga- og lífeyrissjóða- eftirlitsstofnunarinnar (EIOPA) um niðurstöður mats á stöðu innleiðingar eigin áhættu- og gjaldþolsmats váttryggingafélaga (ORSA) og hvatti váttryggingafélög til að kynna sér niðurstöður EIOPA.

Reglugerð um skortsölu tekur gildi 1. júlí 2017

Fjármálaeftirlitið vakti 28. júní 2017 athygli á því að reglugerð Evrópusambandsins nr. 236/2012 um skortsölu og tiltekna þætti skuldatrygginga hefði verið innleidd í íslensk lög. Löggin tækju gildi 1. júlí 2017.

Tilkynning um óbreyttan sveiflujöfnunarauka

Fjármálaeftirlitið tilkynnti hinn 28. júní 2017 um óbreyttan sveiflujöfnunarauka í samræmi við tilmæli fjármálastöðugleikaráðs frá 20. júní.

Samsteyptar útgáfur nokkurra EES gerða á sviði fjármálaþjónustu

Sagt var frá því á vef Fjármálaeftirlitsins 6. júlí 2017 að EFTA skrifstofan í Brussel hefði útbúið samsteyptar útgáfur á ensku af nokkrum EES gerðum á sviði fjármálaþjónustu sem væru nú aðgengilegar á heimasíðu EFTA. Í útgáfunum hefði aðlögunartexti úr ákvörðunum sameiginlegu EES-nefndarinnar verið færður inn í texta gerðanna til hægðarauka fyrir notendur.

Um eftirtaldar gerðir væri að ræða:

Stofnreglugerðir evrópsku eftirlitsstofnananna (EBA, ESMA og EIOPA)

Stofnreglugerð evrópska kerfisáhætturáðsins (ESRB) CRA reglugerðin um lánshæfismatsfyrirtæki

EMIR reglugerðin um innviði fjármálamarkaða
Skortsölureglugerðin
AIFMD tilskipunin um sérhæfða sjóði

Fjármálaeftirlitið ítrekar að sjóðfélagar sem ráðstafa hluta í séreignasjóð ráða sjálfir í hvaða séreignasjóð það verður

Birt var frétt á vef Fjármálaeftirlitsins 7. júlí 2017 þar sem bent var á að undangengin mánaðamót hefðu tekið gildi breytingar á samþykktum hjá talsverðum fjölda lífeyrissjóða þar sem þeim var heimilað að taka á móti svokallaðri tilgreindri séreign í samræmi við kjarasamning milli aðildarféлага Alþýðusambands Íslands og Samtaka atvinnulífsins. Í frétt Fjármálaeftirlitsins sagði: „Vegna villandi frétttaflutnings og upplýsinga á heimasíðum lífeyrissjóða ákvað Fjármálaeftirlitið að senda lífeyrissjóðum dreifibréf þar sem ítrekað er að þeir sjóðfélagar sem ráðstafa hluta í séreignasjóð ráði sjálfir í hvaða séreignasjóð það verður.“ Dreifibréfið var birt með fréttinni.

Fjármálaeftirlitið gefur út drög að reglum um útreikning á vogunarhlutfalli og vegna CRR tæknistaðla

Sagt var frá því á vef Fjármálaeftirlitsins 10. júlí 2017 að Fjármálaeftirlitið hefði gefið út sjö umræðuskjöl, nr. 9 - 15/2017 sem innihéldu drög að reglum um útreikning á vogunarhlutfalli og drög að reglum til að innleiða tæknilega staðla sem fylgja reglugerð (ESB) nr. 575/2013 (CRR reglugerðinni), sbr. reglugerð um varfærniskröfur vegna starfsemi fjármálafyrirtækja, nr. 233/2017

Fjármálaeftirlitið setur reglur um hámark veðsetningarhlutfalls fasteignalána til neytenda

Fjármálaeftirlitið sagði frá því á vef sínum 20. júlí 2017 að stofnunin hefði sett reglur sem hámarkuðu leyfilegt veðsetningarhlutfall nýrra fasteignalána í samræmi við 1. mgr. 25. gr. laga um fasteignalán til neytenda nr. 118/2016. Í fréttinni sagði meðal annars: „Samkvæmt reglunum sem nú taka gildi skal veðsetningarhlutfall vera að hámarki 85% af markaðsverði fasteignar. Þegar um er að ræða fjármögnun kaupa á fyrstu fasteign verður heimilt að lána allt að 90% af markaðsverði en samkvæmt 2. mgr. 25. gr. laga um fasteignalán til neytenda skal heimila aukið svigrúm vegna lána til fjármögnunar kaupa á fyrstu fasteign.“

Ennfremur sagði í fréttinni: „Tilgangur reglnanna er að varðveita fjármálastöðugleika og treysta viðnámsþrótt lánveitenda og lántaka gagnvart mögulegum viðsnúningi á fasteignaverði, nú þegar vaxandi spennu gætir á húsnæðismarkaði. Fjármálaeftirlitið stuðlar að mildun áhættu vegna lánveitinga í atvinnuskyni með öðrum hætti, svo sem með viðeigandi eiginfjárkröfum til fjármálafyrirtækja.“

Svar við bréfi ASÍ og SA um tilgreindan séreignarsparnað
Fjármálaeftirlitið sagði frá því 21. júlí 2017 að stofnunin hefði svarað sameiginlegu bréfi Alþýðusambandsins og Samtaka atvinnulífsins frá 19. júlí vegna tilgreindar séreignar nokkurra lífeyrissjóða en sameiginlegt bréf samtakanna hafði verið umfjöllunarefni fjölmiðla fyrr í þeirri viku. Fjármálaeftirlitið sagðist hafa yfirfarið þau sjónarmið sem fram kæmu í bréfi ASÍ og SA og að það teldi ekki tilefni til að endurskoða efni dreifibréfs stofnunarinnar frá 7. júlí.

Fjármálaeftirlitið gefur út reglur um eðlilega og heilbrigða viðskiptahætti fjármálafyrirtækja og váttryggingafélaga

Á vef Fjármálaeftirlitsins var 27. júlí 2017 sagt frá því að stofnunin hefði gefið út reglur um eðlilega og heilbrigða viðskiptahætti fjármálafyrirtækja sem fjölluðu um hvað teldist til eðlilegra og heilbrigðra viðskiptahátta fjármálafyrirtækja skv. 19. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki og reglur um eðlilega og heilbrigða viðskiptahætti váttryggingafélaga sem fjölluðu um hvað teldist til eðlilegra og heilbrigðra viðskiptahátta váttryggingafélaga skv. 9. og 10. gr. laga nr. 100/2016 um váttryggingastarfsemi.

Uppfærð áætlun um setningu reglna og útgáfu leiðbeinandi tilmæla 2017 – 2018

Fjármálaeftirlitið sagði hinn 9. ágúst 2017 frá uppfærslu á áætlun eftirlitsins um setningu reglna og útgáfu leiðbeinandi tilmæla 2017 – 2018 og birti nýja áætlun á vef sínum. Um var að ræða nokkra breytingu frá fyrri áætlun, fyrst og fremst vegna breytts verklags Fjármálaeftirlitsins í tengslum við viðmiðunarreglur (e. guidelines).

Tilkynning um yfirfærslu váttryggingastofns

Fjármálaeftirlitið sagði 11. ágúst 2017 frá fyrirhugaðri yfirfærslu váttryggingastofns frá Congregational and General Insurance Company Plc til International Insurance Company of Hannover SE.

Tilkynning um yfirfærslu líftryggingastofns

Fjármálaeftirlitið sagði 11. ágúst 2017 frá fyrirhugaðri yfirfærslu líftryggingastofns frá Friends Life Limited og Friends Life and Pensions Limited og hluta líftryggingastofns Aviva Investors Pensions Limited til Aviva Life and Pensions UK Limited og Aviva Pension Trustees UK Limited.

Tilkynning um fyrirhugaða yfirfærslu váttryggingastofns

Fjármálaeftirlitið sagði 14. ágúst 2017 frá fyrirhugaðri yfirfærslu váttryggingastofns frá ERV Försäkringsaktiebolag (publ) til Europaeiske Rejseforsikring A/S.

Tilkynning um fyrirhugaða yfirfærslu líftryggingastofns
Fjármálaeftirlitið sagði 16. ágúst 2017 frá fyrirhugaðri yfirfærslu líftryggingastofns frá AXA Wealth Limited til Phoenix Life Limited.

Tilkynning um fyrirhugaða yfirfærslu váttryggingastofns
Fjármálaeftirlitið tilkynnti 17. ágúst 2017 um fyrirhugaða yfirfærslu frá KX Reinsurance Company Limited og OX Reinsurance Company Limited til Catalina London Limited.

Upplýsingar um áhættusöm ríki

Fjármálaeftirlitið vakti í frétt á vef stofnunarinnar, hin 1. september 2017, athygli á yfirlýsingu Financial Action Task Force (FATF) sem samþykkt var í kjölfar fundar hins alþjóðlega framkvæmdahóps hinn 23. júní 2017. Í yfirlýsingunni kom fram að ríki sem eru aðilar að FATF skuli grípa til sérstakra fyrirbyggjandi varúðarráðstafana gagnvart Norður-Kóreu, enda steðji viðvarandi ógn að hinum alþjóðlega fjármálamarkaði vegna aðgerðarleysis ríkisins gagnvart aðgerðum gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka.

Fjármálaeftirlitið metur Attestor Capital LLP og tengda aðila hæfa til að fara með virkan eignarhlut í Arion banka hf.

Fjármálaeftirlitið sagði hinn 15. september 2017 frá því að daginn áður hefði stofnunin tilkynnt Attestor Capital LLP og tengdum aðilum að þeir teldust hæfir til að fara með virkan eignarhlut í Arion banka hf. sem næmi allt að 20%, þ.m.t. dótturfélögunum Stefni hf., Valitor hf., Verði tryggingum hf. og Verði líftryggingum hf., sbr. VI. kafla laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki og X. kafla laga nr. 100/2016 um váttryggingastarfsemi.

Fjármálaeftirlitið metur Kviku banka hf. og Váttryggingafélag Íslands hf. hæf til að fara með virkan eignarhlut í Virðingu hf. og Rekstrarfélagi Virðingar hf.

Fjármálaeftirlitið birti hinn 19. september 2017 tilkynningu um að stofnunin hefði komist að þeirri niðurstöðu að Kvika banki hf. væri hæfur til að fara með virkan eignarhlut í Virðingu hf. sem næmi 100%, sbr. VI. kafla laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki. Í sömu tilkynningu kom fram að Fjármálaeftirlitið hefði einnig metið Kviku banka hf. hæfan til að fara með virkan eignarhlut í Rekstrarfélagi Virðingar hf., sem næmi 100%, með óbeinni hlutdeild í gegnum eignarhald í Virðingu hf.

Fjármálaeftirlitið metur Kaupþing ehf. hæft til að fara með virkan eignarhlut í Arion banka hf.

Fjármálaeftirlitið sagði frá því 22. september 2017 að Kaupþingi ehf. hefði þann sama dag verið tilkynnt að það teldist hæft til að fara með virkan eignarhlut í Arion banka hf. sem næmi allt að 33%, þ.m.t. dótturfélögunum Stefni hf., Valitor hf., Verði tryggingum hf. og Verði líftryggingum

hf., sbr. VI. kafla laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki og X. kafla laga nr. 100/2016 um váttryggingastarfsemi.

Fjármálaeftirlitið hefur metið Taconic Capital Advisors LP og tengda aðila hæfa til að fara með virkan eignarhlut í Arion banka hf.

Fjármálaeftirlitið tilkynnti í frétt 22. september 2017 að Taconic Capital Advisors LP og tengdum aðilum hefði þann dag verið tilkynnt að þeir teldust hæfir til að fara með virkan eignarhlut í Arion banka hf. sem næmi allt að 33%, þ.m.t. dótturfélögunum Stefni hf., Valitor hf., Verði tryggingum hf. og Verði líftryggingum hf., sbr. VI. kafla laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki og X. kafla laga nr. 100/2016 um váttryggingastarfsemi.

LEI kóði – auðkenni lögaðila í verðbréfavíðskiptum

Fjármálaeftirlitið birti hinn 26. september 2017 tilkynningu um að fjármálafyrirtæki með heimild til verðbréfavíðskipta samkvæmt lögum nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti, þyrftu að ganga úr skugga um að víðskiptavinir sem væru lögaðilar og auðkenna skyldi með LEI kóða, s.s. verðbréfa- og fjárfestingarsjóðir, lífeyrissjóðir, váttryggingafélög, sveitarfélög, stofnanir og félög, hefðu slíkan kóða áður en víðskipti með fjármálagerninga sem skráðir væru á skipulegan verðbréfamarkað væru framkvæmd fyrir þeirra hönd frá 3. janúar 2018.

Fjármálaeftirlitið opnar þjónustuborð vegna fjármálataekni (FinTech)

Fjármálaeftirlitið sagði frá því í frétt 27. september 2017 að það hefði opnað þjónustuborð vegna fjármálataekni (FinTech). Tilgangurinn með opnun þjónustuborðsins væri að stuðla að samskiptum við þá aðila sem veittu (eða hygðust veita) þjónustu á þessu sviði í því skyni að greina hvort umrædd þjónusta væri í samræmi við lög og hvort leyfi þyrfti til starfseminnar.

Þriðji fundur fjármálastöðugleikaráðs

Fjármálaeftirlitið sagði frá þriðja fundi fjármálastöðugleikaráðs á árinu 2017 í frétt sem birtist á vef Fjármálaeftirlitsins 12. október. Í fréttinni sagði meðal annars: „Á heildina litið er áhætta í fjármálakerfinu fremur lítil. Spenna ríkir á fasteignamarkaði, fasteignaverð er nálægt sögulegu hámarki og farið að víkja frá undirliggjandi efnahagsþáttum. Vísbendingar eru þó um að farið sé að hægja á verðhækkunum á fasteignamarkaði.“

Tilkynning um óbreyttan sveiflujöfnunarauka

Fjármálaeftirlitið sendi hinn 17. október 2017 frá sér tilkynningu um óbreyttan sveiflujöfnunarauka. Var það í samræmi við tilmæli fjármálastöðugleikaráðs frá 9. október 2017.

Undirbúningsfélag Verðbréfamiðstöðvarinnar hf. fær starfsleyfi til að starfa sem verðbréfamiðstöð

Fjármálaeftirlitið vakti athygli á því með frétt á vef sínum 26. október 2017 að fjármála- og efnahagsráðuneytið hefði veitt undirbúningsfélagi Verðbréfamiðstöðvarinnar hf. starfsleyfi til að starfa sem verðbréfamiðstöð samkvæmt lögum nr. 131/1997 um rafræna eignarskráningu verðbréfa.

Fjármálaeftirlitið metur Kviku banka hf. og Vátryggingafélag Íslands hf. hæf til að fara með virkan eignarhlut í Öldu sjóðum hf.

Frá því var skýrt á vef Fjármálaeftirlitsins 3. nóvember 2017 að 15. október hefði Fjármálaeftirlitið komist að þeirri niðurstöðu að Kvika banki hf. væri hæfur til að fara með virkan eignarhlut í Öldu sjóðum hf. sem næmi 100%, sbr. VI. kafla laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki.

Ný gjaldskrá Fjármálaeftirlitsins

Sagt var frá því 6. nóvember 2017 að ný gjaldskrá Fjármálaeftirlitsins nr. 924/2017 hefði tekið gildi. Gjaldskráin hefði verið birt í vefútgáfu Stjórnartíðinda þann 3. nóvember 2017. Jafnframt félli úr gildi gjaldskrá Fjármálaeftirlitsins nr. 161/2017.

Fjármálaeftirlitið metur Kviku banka hf. og Vátryggingafélag Íslands hf. hæf til að fara með virkan eignarhlut í Kortþjónustunni hf.

Sagt var frá því í frétt sem birtist 8. nóvember 2017 að fyrsta dag þess mánaðar hefði Fjármálaeftirlitið komist að þeirri niðurstöðu að Kvika banki hf. og Vátryggingafélag Íslands væru hæf til að fara með virkan eignarhlut í Kortþjónustunni hf. skv. VI. kafla laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki, sbr. lög nr. 120/2011 um greiðsluþjónustu.

Fjármálaeftirlitið hefur lokið könnunar- og matsferli hjá Arion banka hf., Íslandsbanka hf. og Landsbankanum hf.

Sagt var frá því á vef Fjármálaeftirlitsins 8. nóvember 2017 að stofnunin hefði lokið könnunar- og matsferli hjá Arion banka hf., Íslandsbanka hf. og Landsbankanum hf. Í fréttinni kom meðal annars fram að Arion banki hf., Íslandsbanki hf. og Landsbankinn hf. hefðu skilað Fjármálaeftirlitinu ICAAP/ILAAP-skýrslum, miðað við ársreikning 2016, í mars og apríl 2017. Fjármálaeftirlitið sendi bönkunum drög að niðurstöðum könnunar- og matsferlisins í júní 2017 þar sem bankarnir fengu tækifæri til að koma á framfæri andmælum, sbr. IV. kafla stjórnsýslulaga nr. 37/1993. Andmæli bankanna þriggja bárust í ágúst og september 2017. Fjármálaeftirlitið hefði nú lokið könnunar- og matsferlinu hjá bönkunum þremur og hefði sent þeim skýrslur um niðurstöður í september og október 2017.

Helsta niðurstaða ferlisins hefði verið að mælt hefði

verið fyrir um hærri eiginfjárgrunn en sem næmi 8% af áhættugrunni hjá bönkunum þremur. Ákvörðunin væri grundvöllur nýrrar lágmarkskröfu um eiginfjárgrunn sem hlutaðeigandi bönkunum bæri að fullnægja auk þess sem þeim bæri að viðhalda samanlagðri kröfu um eiginfjárauka. Þá beindi Fjármálaeftirlitið ýmsum athugasemdum og ábendingum til bankanna og fór fram á viðeigandi úrbætur í þeim tilvikum þegar gerðar voru athugasemdir.

Í lok fréttarinnar sagði: „Fjármálaeftirlitið birtir ekki upplýsingar um lágmarkskröfu stofnunarinnar um eiginfjárgrunn en hvetur bankana til að gera grein fyrir kröfunni opinberlega í tengslum við reglubundna birtingu þeirra á fjárhagsupplýsingum.“

Samruni Kviku banka hf. og Virðingar hf.

Fjármálaeftirlitið birti frétt þann 13. nóvember 2017 þar sem sagt var frá því að stofnunin hefði þann 10. nóvember samþykkt samruna Kviku banka hf. og Virðingar hf. á grundvelli 1. mgr. 106. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki.

Er FME að blása út?

Fjármálaeftirliti birti frétt á vef sínum 16. nóvember 2017 þar sem gerð var athugasemd við umfjöllun um aukinn eftirlitskostnað í ársriti Samtaka fjármálafyrirtækja (SFF) og umfjöllun Fréttablaðsins í framhaldi af því. Í fréttinni var bent á og það rökstutt að samanburður SFF væri rangur og villandi.

Fjármálaeftirlitið birtir rekstraráætlanir fyrir árabilið 2014-2018

Fjármálaeftirlitið benti á það með frétt 17. nóvember 2017 að stofnunin hefði gert rekstraráætlanir sínar fyrir árabilið 2014 til 2018 aðgengilegar á heimasíðu sinni. Í fréttinni var jafnframt bent á að rekstraráætlanir Fjármálaeftirlitsins hefðu fram til ársins 2014 verið birtar á vef Alþingis í tengslum við árlegar breytingar á lögum nr. 99/1999 um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi. Með breyttu verklagi fjármála- og efnahagsráðuneytisins við vinnslu fjárlaga fyrir árið 2014 hefði birtingu verið hætt á vef Alþingis. Því birti Fjármálaeftirlitið nú rekstraráætlanirnar frá og með 2014 og fram til næsta árs á heimasíðu eftirlitsins.

Umræðuskjal um uppfærð viðmið og aðferðafræði vegna könnunar- og matsferlis hjá fjármálafyrirtækjum

Fjármálaeftirlitið sagði í frétt 20. nóvember 2017 frá því að gefið hefði verið út umræðuskjal sem innihéldi drög að uppfærðum viðmiðum og aðferðafræði Fjármálaeftirlitsins vegna könnunar- og matsferlis hjá fjármálafyrirtækjum (SREP).

Upplýsingar frá FATF um áhættusöm ríki

Fjármálaeftirlitið vakti með frétt 22. nóvember 2017 athygli á yfirlýsingu Financial Action Task Force (FATF) sem samþykkt var í kjölfar fundar hins alþjóðlega framkvæmdahóps hinn 3. nóvember síðastliðins. Í fréttinni stóð meðal annars: „Í nefndri yfirlýsingu kemur fram að ríki, sem eru aðilar að FATF, skuli grípa til sérstakra fyrirbyggjandi varúðarráðstafa gagnvart Norður-Kóreu, enda steðji viðvarandi ógn að hinum alþjóðlega fjármálamarkaði vegna aðgerðarleysis ríkisins gagnvart aðgerðum gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka. Þá kemur fram að ríkin skuli ráðleggja fjármálastofnunum að beita aukinni áreiðanleikakönnun gagnvart einstaklingum og lögaðilum frá Íran vegna hættu á peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka.“

Breyting á álagningu dagsekta vegna reglubundinna gagnaskila

Fjármálaeftirlitið sagði frá því í frétt 22. nóvember 2017 að hinn 1. janúar 2018 yrði breyting á framkvæmd Fjármálaeftirlitsins við álagningu dagsekta á eftirlitsskylda aðila vegna dráttar á reglubundnum gagnaskilum. Fjárhæðir dagsekta myndu frá þeim tíma taka mið af stærð og fjárhagslegum styrkleika viðkomandi og nema frá 25.000 krónum til 100.000 krónum á dag.

Tilkynning um fyrirhugaða yfirfærslu líftryggingastofns

Fjármálaeftirlitið sagði í frétt sem birtist 28. nóvember 2017 frá fyrirhugaðri yfirfærslu líftryggingastofns frá Reliance Mutual Insurance Society Limited til LCCG New Lifeco Limited.

Fjármálaeftirlitið gefur út nýjar tæknistaðlareglur og reglur um útreikninga á vogunarhlutfalli fjármálafyrirtækja

Fjármálaeftirlitið sagði frá því í frétt 29. nóvember 2017 að stofnunin hefði gefið út sjö nýjar reglur um útreikning á vogunarhlutfalli fjármálafyrirtækja og tæknilega staðla vegna: markaðsáættu, notkunar á innri líkönum, vörpunar lánshæfismats við útreikning á eiginfjárkröfum vegna útlánaáættu, yfirfærðrar útlánaáættu vegna verðbréfunar, gagnaskila fjármálafyrirtækja (breytingareglur) og upplýsingaskyldu fjármálafyrirtækja (breytingareglur).

Tilkynningar um brot á fjármálamarkaði

Fjármálaeftirlitið sagði frá því í frétt 8. desember 2017 að stofnunin hefði opnað vefsvæði þar sem hægt væri að tilkynna stofnuninni um brot, grun um brot og tilraunir til brota á lögum og stjórnvaldsfyrirmælum sem giltu um aðila sem lytu opinberu eftirliti með fjármálastarfsemi. Væri þetta gert í samræmi við 13. gr. a laga nr. 87/1998 um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.

Endurbætur á Basel III regluverkinu samþykktar

Fjármálaeftirlitið sagði frá því í frétt hinn 8. desember 2017 að yfirstjórn Basel nefndarinnar um bankaeftirlit hefði samþykkt endurbætur á Basel III alþjóðlega regluverkinu með breytingum sem samþykktar voru þann 7. desember síðastliðinn. Endurbætur þessar hefðu verið í vinnslu allt frá fjármálakrísunni árið 2008. Samþykktin á endurbótunum væri talin mikilvægur áfangi til þess að stuðla að fjármálastöðugleika, bæta gagnsæi ásamt því að styrkja og auka tiltrú á alþjóðlega bankakerfinu. Bent var á í fréttinni að breytingarnar, sem taka myndu gildi á árunum frá 2022 til 2027, hefðu aðallega áhrif á starfsemi stærri alþjóðlegra banka og myndu því hafa takmörkuð áhrif á íslenska banka. Enn fremur sagði í fréttinni að fyrirhugaðar breytingar á regluverkinu myndu hvorki taka gildi né hafa áhrif á Íslandi fyrr en með samþykki á Evrópuvettvangi og gætu þær tekið einhverjum breytingum á þeim vettvangi.

Framsetning markaðsefnis og upplýsingagjöf til viðskiptavina

Fjármálaeftirlitið sagði frá því með frétt 11. desember 2017 að stofnunin hefði sent rekstrarfélögum verðbréfasjóða dreifibréf þar sem tilgreindar væru þær kröfur sem lög og reglur gerðu til framsetningar á markaðsefni og upplýsingagjöf til viðskiptavina. Tilgangur dreifibréfsins væri að ítreka mikilvægi þess að rekstrarfélög hefðu til hliðsjónar viðeigandi reglugerðir og lagaákvæði við gerð markaðsefnis og miðlun upplýsinga til viðskiptavina.

TRS II gagnaskil í raunumhverfi

Fjármálaeftirlitið sagði frá því í frétt 20. desember 2017 að opnað hefði verið fyrir TRS II gagnaskil í raunumhverfi til prófana fram að áramótum. Skilaskyldir aðilar væru hvattir til að prófa að senda gögn inn í gegnum raunumhverfið fyrir áramót. Að loknu prófunartímabili yrði lokað fyrir raunumhverfið þann 2. janúar 2018 og prófunargögn hreinsuð út.

Yfirlýsing ESMA vegna CFD samninga og tvíundarvalréttta sem bjóðast almennum fjárfestum

Fjármálaeftirlitið skýrði frá því 21. desember 2017 á vef sínum að Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitið (ESMA) hefði gefið út yfirlýsingu vegna vinnu sem fram færi vegna markaðssetningar CFD samninga (e. contracts for difference) og tvíundarvalréttta (e. binary options) sem bjóðust almennum fjárfestum. ESMA hefði haft markaðssetningu á þessum fjármálagerningum til skoðunar um nokkurn tíma og hefðu nokkur ríki innan Evrópusambandsins ákveðið að setja henni sérstakar skorður. Þrátt fyrir þær skorður teldi ESMA að öryggi fjárfesta væri ekki nægilega vel tryggt og hefði í hyggju að nýta sér 40. grein MiFIR reglugerðarinnar til að bæta úr

því. Nánar til tekið hygðist ESMA skoða leiðir til að: Banna markaðssetningu, dreifingu og sölu á tvíundarvalréttum til almennra fjárfesta og setja skorður á markaðssetningu, dreifingu og sölu á CFD samningum.

Uppreiknaðar evrufjárhæðir laga nr. 100/2016

Fjármálaeftirlitið birti 28. desember 2017 frétt þess efnis að stofnunin hefði uppreiknað evrufjárhæðir laga nr. 100/2016 um váttryggingastarfsemi í samræmi við fyrirmæli laganna. Fjármálaeftirlitið birti jafnframt uppreiknaðar evrufjárhæðir laganna.

Tilkynning um óbreyttan sveiflujöfnunarauka

Fjármálaeftirlitið tilkynnti hinn 5. janúar 2018 um óbreyttan sveiflujöfnunarauka í samræmi við tilmæli fjármálastöðugleikaráðs frá 22. desember 2017.

Nýtt skipurit Fjármálaeftirlitsins

Sagt var frá því í frétt á vef Fjármálaeftirlitsins 12. janúar 2018 að stjórn stofnunarinnar hefði staðfest nýtt skipurit fyrir stofnunina fyrr í vikunni. Markmið breytinganna væri meðal annars að skýra ábyrgðarlínur innan Fjármálaeftirlitsins og gera skipulag þess aðgengilegt fyrir þá sem ættu í samskiptum við stofnunina. Hið nýja skipurit félli ennfrémur betur að evrópska fjármálaeftirlitsumhverfinu, sem Fjármálaeftirlitið væri hluti af og gildandi stefnu þess en það eldra.

Umsagnarferli vegna fyrirhugaðrar íhlutunar ESMA vegna mismunasamninga og tvíundarvalréttta sem bjóðast almennum fjárfestum

Fjármálaeftirlitið kynnti umsagnarferli vegna fyrirhugaðrar íhlutunar ESMA vegna mismunasamninga og tvíundarvalréttta sem bjóðast almennum fjárfestum í frétt 18. janúar 2018. Vísað var til fréttar sem Fjármálaeftirlitið hafði birt 21. desember um yfirlýsingu Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsins (ESMA) vegna markaðssetningar mismunasamninga (e. contracts for difference) og tvíundarvalréttta (e. binary options) sem bjóðast almennum fjárfestum. Í fréttinni sagði að ESMA hefði nú sett af stað umsagnarferli þar sem aðilar gætu veitt umsagnir við umræðuskjal sem birt hefði verið á heimasíðu ESMA. Verðbréfafyrirtæki sem stunduðu sölu, dreifingu eða markaðssetningu fyrrgreindra fjármálagerninga, neytendahópar og fjárfestar væru sérstaklega hvattir til að lesa umræðuskjalið.

Uppfærð viðmið og aðferðafræði vegna könnunar- og matsferlis hjá fjármálafyrirtækjum

Fjármálaeftirlitið sagði frá því á vef sínum hinn 29. janúar 2018 að stofnunin hefði gefið út og birt uppfærð viðmið og aðferðafræði Fjármálaeftirlitsins vegna könnunar- og matsferlis hjá fjármálafyrirtækjum (SREP). Viðmiðin væru byggð á umræðuskjali nr. 16/2017.

Fyrsti fundur fjármálastöðugleikaráðs 2018

Fjármálaeftirlitið sagði í frétt í lok janúar 2018 frá fyrsta fundi fjármálastöðugleikaráðs á árinu 2018 sem haldinn var fimmtudaginn 18. janúar í fjármála- og efnahagsráðuneytinu. Þar stóð meðal annars: „Á heildina litið er áhætta í fjármálakerfinu fremur lítil. Spenna ríkir á fasteignamarkaði, fasteignaverð er í sögulegu hámarki og farið að víkja frá undirliggjandi efnahagsþáttum. Vísbendingar eru þó um að farið sé að hægja á verðhækkunum á fasteignamarkaði.“

Aðvörðun til almennings um sýndarfé (e. virtual currencies)

Fjármálaeftirlitið varaði síðasta dag janúarmánaðar 2018 almenning við þeirri miklu áhættu sem fylgdi viðskiptum með sýndarfé. Verð á sýndarfé, eins og Bitcoin, hefði sveiflast gríðarlega undanfarið ár og hefðu miklar lækkanir fylgt í kjölfarið á miklum hækkunum. Í aðvörðuninni stóð meðal annars: „Sýndarfé, og þá einkum Bitcoin, fylgir lögmálum spákaupmennsku og er mjög áhættusamt. Þeir sem kaupa sýndarfé eiga á hættu á að tapa stórum hluta fjárfestingar sinnar.“

Fjármálaeftirlitið metur RedRiverRoad ehf. hæft til að fara með virkan eignarhlut í Íslenskum fjárfestum hf.

Fjármálaeftirlitið sagði frá því í frétt 2. febrúar 2018 að hinn 23. janúar hefði Fjármálaeftirlitið komist að þeirri niðurstöðu að RedRiverRoad ehf. væri hæft til að fara með yfir 50% virkan eignarhlut í verðbréfafyrirtækinu Íslenskum fjárfestum hf., sbr. VI. kafla laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki.

Fjármálaeftirlitið veitir Inkasso ehf. innheimtuleyfi

Fjármálaeftirlitið sagði frá því í frétt 5. febrúar 2018 að það hefði þann 1. febrúar veitt Inkasso ehf. innheimtuleyfi samkvæmt innheimtulögum nr. 95/2008.

Yfirlýsing Norður- og Eystrasaltslandanna um fjármálastöðugleika

Sagt var frá því á vef Fjármálaeftirlitsins 9. febrúar 2018 að undirrituð hefði verið viljayfirlýsing („memorandum of understanding“) viðeigandi ráðuneyta, seðlabanka, fjármálaeftirlita og skilavalda (e. resolution authorities) á Norðurlöndunum og í Eystrasaltslöndunum um samvinnu landanna og samræmingu á sviði fjármálastöðugleika.

FinTech – Framtíð fjármálaþjónustu og eftirlits

Fjármálaeftirlitið hélt afar vel sóttan morgunverðarfund hinn 9. febrúar 2018 á Hilton Nordica Reykjavík undir yfirskriftinni FinTech – Framtíð fjármálaþjónustu og eftirlits. Á fundinum var meðal annars fjallað um þróun og framtíð fjármálaþjónustu, væntanlegar breytingar í lagaumhverfi fjármálamarkaðarins og samspil eftirlits og FinTech. Fyrirlesarar voru Jón Þór Sturluson, aðstoðarforstjóri Fjármálaeftirlitsins, sem talaði um

sýn FME á FinTech. Friðrik Þór Snorrason, forstjóri Reiknistofu bankanna talaði um ný greiðsluþjónustulög, „open banking“ og öryggi greiðslumiðlunar og Fríða Jónsdóttir, ráðgjafi hjá Deloitte í London, flutti erindi undir yfirskriftinni: FinTech og markaðssamvinna – horft til Norðurlandanna og Bretlands. Að erindum loknum stjórnáði Helena Pálsdóttir, sérfræðingur í áhættugreiningu hjá Fjármálaeftirlitinu, pallborðsumræðum sem Katrín Júlíusdóttir, framkvæmdastjóri Samtaka fjármálafyrirtækja, tók þátt í ásamt framsögumönnum.

Viðvörðun Evrópsku eftirlitsstofnananna vegna sýndargjaldeyriss

Sagt var frá því 12. febrúar 2018 á vef Fjármálaeftirlitsins að Evrópsku eftirlitsstofnanirnar á fjármálamarkaði, þ.e. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin (EBA), Evrópska váttrygginga- og lífeyrisseftirlitsstofnunin (EIOPA) og Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin (ESMA) hefðu gefið út sameiginlega viðvörðun vegna áhættu sem fylgt gæti viðskiptum með sýndarfé. Með fylgdi tilvísun í viðvörðun evrópsku eftirlitsstofnananna í heild sinni.

Kynning á viðmiðunarreglum EBA varðandi öryggi netgreiðslna

Fjármálaeftirlitið sagði frá því á vef sínum 19. febrúar 2018 að stofnunin hefði sent dreifibréf til greiðsluþjónustuveitenda þar sem viðmiðunarreglur EBA varðandi öryggi netgreiðslna væru kynntar. Í dreifibréfinu væri meðal annars bent á að Evrópska bankaeftirlitsstofnunin (EBA) hefði gefið út nokkurn fjölda viðmiðunarreglna (e. guidelines) sem vörðuðu starfsemi fjármálafyrirtækja og annarra greiðsluþjónustuveitenda, meðal annars viðmiðunarreglur varðandi öryggi netgreiðslna sem birtar hefðu verið á vef Fjármálaeftirlitsins.

Kynning á viðmiðunarreglum EBA varðandi áhættu vegna upplýsinga- og samskiptatækni

Fjármálaeftirlitið sagði frá því í frétt 21. febrúar 2018 að þann 6. mars næstkomandi kl. 10.00 færi fram kynning á viðmiðunarreglum EBA um áhættu vegna upplýsinga- og samskiptatækni í húsakynnum Fjármálaeftirlitsins.

EIOPA birtir gögn um rekstur váttryggingafélaga á EES

Sagt var frá því í frétt á vef Fjármálaeftirlitsins 23. febrúar að frá gildistöku Solvency II tilskipunarinnar (2009/138/EB sem innleidd hefði verið hér á landi með lögum nr. 100/2016), hefði Evrópska váttrygginga- og lífeyrisgjöldseftirlitsstofnunin (EIOPA) safnað gögnum frá eftirlitsstjórnvöldum EES ríkjanna. Frá 3. ársfjórðungi 2016 hefði hluti gagnanna verið birtur ársfjórðungslega á samandregnu formi fyrir einstök ríki á heimasíðu EIOPA.

Með gildistöku laga nr. 24/2017 um evrópskt eftirlitskerfi

á fjármálamarkaði hefði Fjármálaeftirlitinu verið heimilað að senda gögn um íslenskan váttryggingamarkað til EIOPA. Nýleg birting EIOPA fyrir 2. ársfjórðung 2017 sem vísað var til á síðunni, innhéldi í fyrsta skipti upplýsingar um íslenskan váttryggingamarkað. Með gögnunum mætti því bera íslenskan váttryggingamarkað saman við aðra markaði á EES svæðinu.

Tilkynning um fyrirhugaða yfirfærslu váttryggingastofns

Sagt var frá fyrirhugaðri yfirfærslu váttryggingastofns frá AXA Belgium SA til Portman Insurance SE í frétt á vef Fjármálaeftirlitsins 27. febrúar.

Þrír framkvæmdastjórnar nýrra eftirlitssviða ráðnir

Sagt var frá því í frétt á vef Fjármálaeftirlitsins 1. mars 2018 að gengið hefði verið frá ráðningu þriggja framkvæmdastjóra á nýjum eftirlitssviðum Fjármálaeftirlitsins, en störfin voru auglýst laus til umsóknar þann 13. janúar. Björk Sigurgísladóttir hefði verið ráðin framkvæmdastjóri hlítningar og úttekta, Finnur Sveinbjörnsson framkvæmdastjóri sviðs banka og Páll Friðriksson framkvæmdastjóri markaða og viðskiptahátta.

Sjálfsmat stjórnar

Sagt var frá því á vef Fjármálaeftirlitsins 5. mars 2018 að árið á undan hefði Fjármálaeftirlitið óskað eftir því að stjórnir tiltekinna banka, sparisjóða, váttryggingafélaga, lífeyrisjóða og Íbúðalánasjóðs gerðu sjálfsmat í því skyni að leggja mat á hvort stjórn eftirlitsskylda aðilans væri þannig samsett að hún byggi sameiginlega yfir fullnægjandi þekkingu, hæfni og reynslu til að skilja þá starfsemi sem eftirlitsskyldi aðilinn stundaði, þ.m.t. helstu áhættuþætti. Til að auðvelda stjórnnum eftirlitsskyldra aðila að framkvæma sjálfsmöt hefði Fjármálaeftirlitið útbúið form að sjálfsmati sem byggð væru á formi frá Evrópska bankaftirlitinu (EBA). Framangreind form hefðu verið birt á heimasíðu Fjármálaeftirlitsins.

Árni Reynisson ehf.

Sagt var frá því á vef Fjármálaeftirlitsins 20. mars 2018 að Árni Reynisson og Árni Reynisson ehf., sem höfðu starfsleyfi váttryggingamiðlara samkvæmt lögum nr. 32/2005, um miðlun váttrygginga, hefðu skilað inn starfsleyfum sínum í samræmi við 36. gr. fyrrgreindra laga. Í samræmi við tilkynningu þar um hefði Fjármálaeftirlitið felld aðilana út af váttryggingamiðlaraskrá og yrði tilkynning þess efnis birt í Lögbirtingablaði.

Neytendur á váttryggingamarkaði minntir á mikilvægi upplýstrar ákvörðunar við breytingu á líf- og/eða sjúkdómtryggingum.

Fjármálaeftirlitið minnti 20. mars 2018 á mikilvægi þess að um upplýsta ákvörðun væri að ræða þegar ákveðið væri að færa líf- og/eða sjúkdómtryggingar

milli váttryggingafélaga. Í fréttinni sagði meðal annars: „Þótt slíkar tilfærslur kunni að vera til góðs, bæði hvað varðar einstaka neytendur og samkeppni á markaði almennt, vekur Fjármálaeftirlitið athygli á mikilvægi þess að neytendur byrji á að kynna sér ítarlega þá váttryggingavernd sem þeir þegar hafa og beri hana vandlega saman við þá vernd sem til skoðunar er að kaupa. Í því sambandi ber m.a. að skoða markmið þess að váttryggingin er keypt, þau iðgjöld sem í boði eru, váttryggingafjárhæðir, váttryggingaverndina og skilmála almennt.“

Evrópska váttrygginga- og lífeyrissjóðseftirlitsstofnunin (EIOPA) kallar eftir áhugasömum aðilum af lífeyris- og váttryggingamarkaði sem vilja taka þátt í hagsmunanefndum á þeirra vegum

Sagt var frá því 23. mars 2018 á vef Fjármálaeftirlitsins að Evrópska váttrygginga- og lífeyrissjóðseftirlitsstofnunin (EIOPA) hefði kallað eftir áhugasömum aðilum af lífeyris- og váttryggingamarkaði sem vildu taka þátt í Insurance and Reinsurance Stakeholder Group (IRSG) og í Occupational Pensions Stakeholder Group (OPSG). Í fréttinni var vísað á hvar hægt væri að nalgast umsóknareyðublað á heimasíðu EIOPA.

ESMA bannar tvíundarvalrétti og setur skorður á mismunasamninga til að vernda almenna fjárfesta

Sagt var frá því á vef Fjármálaeftirlitsins 27. mars 2018 að Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitið (ESMA) hefði samþykkt að banna markaðssetningu, dreifingu og sölu á tvíundarvalréttum (e. binary options) til almennra fjárfesta. Að auki hefði ESMA sett skorður á markaðssetningu, dreifingu og sölu á mismunasamningum (e. contracts for difference). Vísað var í frétt Fjármálaeftirlitsins frá 21. desember og sagt að eins og þar hefði komið fram hefðu þessar aðgerðir verið í undirbúningi undanfarin misseri.

Ákvörðun Fjármálaeftirlitsins um tilgreiningu fjármálasamsteypu vegna hlutdeildar Váttryggingafélags Íslands hf. (VÍS) í Kviku banka hf. (Kviku).

Fjármálaeftirlitið fjallaði 28. mars 2018 um tilgreiningu fjármálasamsteypu vegna hlutdeildar Váttryggingafélags Íslands hf. (VÍS) í Kviku banka hf. (Kviku). Í fréttinni sagði: „VÍS eignaðist á árinu 2017 virkan eignarhlut í Kviku og er bankinn sem stendur hlutdeildarfélag VÍS. Í lögum nr. 61/2017 um viðbótareftirlit með fjármálasamsteypum er Fjármálaeftirlitinu falið að meta það hvort tilgreina beri fjármálasamsteypu, skv. 3.-5. gr. þeirra laga. Það er mat Fjármálaeftirlitsins að tilgreining fjármálasamsteypu í þessu tilfelli myndi ekki skila Fjármálaeftirlitinu viðbótarupplýsingum í samræmi við markmið með viðbótareftirliti og einnig að slík tilgreining hefði óverulega hagsmuni í för með sér fyrir viðbótareftirlit. Með hliðsjón af framangreindu hefur Fjármálaeftirlitið

ákveðið að nýta heimild í 2. mgr. 5. gr. laganna, til að ákveða að samstæðan teljist ekki fjármálasamsteypa í merkingu laganna.“

Fjármálaeftirlitið skráir Iceland Tax Free ehf. sem gjaldeyrisskiptastöð

Fjármálaeftirlitið sagði frá því 4. mars að það hefði skráð Iceland Tax Free ehf., sem gjaldeyrisskiptastöð hinn 27. mars 2018, sbr. 25. gr. a laga nr. 64/2006 um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka og reglur nr. 917/2009 um gjaldeyrisskiptastöðvar og peninga- og verðmætasendingarþjónustu.

Iceland Travel Assistance ehf. afskráð sem gjaldeyrisskiptastöð

Fjármálaeftirlitið sagði frá því á vef sínum 5. apríl 2018 að með vísan til 2. mgr. 25. gr. b laga nr. 64/2006, hefði það felld Iceland Travel Assistance ehf. af skrá yfir gjaldeyrisskiptastöðvar. Félagið uppfyllti ekki lengur skilyrði skráningar þar sem bú félagsins hefði verið tekið til gjaldþrotaskipta með úrskurði Héraðsdóms Reykjavíkur þann 7. mars sl.

Alþjóðlegur vinnuhópur um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka birtir skýrslu sem byggð er á úttekt hópsins á stöðunni hér á landi

Fjármálaeftirlitið sagði frá því á vef sínum 6. apríl 2018 að Financial Action Task Force (FATF) sem er alþjóðlegur vinnuhópur um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka hefði birt skýrslu sem byggð væri á úttekt hópsins á stöðunni hér á landi. Helstu niðurstöður skýrslunnar hefðu verið birtar á vef dómismálaráðuneytisins.

Annar fundur fjármálastöðugleikaráðs 2018

Sagt var frá öðrum fundi fjármálastöðugleikaráðs í frétt á vef Fjármálaeftirlitsins 16. apríl. Þar stóð meðal annars: „Á fundi ráðsins var rætt um áhættu í fjármálakerfinu sem er, enn sem komið er, innan hóflegra marka og merki eru um að spenna í þjóðarbúskapnum sé byrjuð að slakna. Þrátt fyrir það eru vísbendingar um að áhætta sé tekin að aukast í fjármálakerfinu. Skuldir tóku að aukast fyrir rúmu ári og vaxa um þessar mundir hraðar en nafnvirði landsframleiðslu. Merki aukinnar áhættusækni sjást í bankakerfinu og víðar.“

Kröfu í máli Eimskipafélagsins gegn Fjármálaeftirlitinu hafnað í héraðsdómi

Sagt var frá því frétt á vef Fjármálaeftirlitsins 23. apríl 2018 að niðurstaða héraðsdóms lægi nú fyrir í máli Eimskipafélags Íslands hf. gegn Fjármálaeftirlitinu vegna ákvörðunar stofnunarinnar frá því í mars 2017 um að leggja 50.000.000 króna stjórnvaldssekt á félagið vegna brota gegn 1. mgr. 122. gr. laga nr. 108/2007, um verðbréfavíðskipti. Öllum kröfum stefnanda hefði verið

hafnað, bæði varðandi ógildingu ákvörðunarinnar og einnig varðandi lækkun á sektarfjárhæð

Fjármálaeftirlitið veitir Fossum mörkuðum hf. aukið starfsleyfi

Sagt var frá því í frétt á vef Fjármálaeftirlitsins 25. apríl að Fjármálaeftirlitið hefði veitt Fossum mörkuðum hf. aukið starfsleyfi hinn 24. apríl 2018 á grundvelli laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki. Starfsleyfi Fossa markaða hf. næði nú einnig til ráðgjafar til fyrirtækja um uppbyggingu eigin fjár, stefnumótun og skyld mál og ráðgjafar og þjónustu varðandi samruna fyrirtækja og kaup á þeim.

Tilkynning um fyrirhugaða yfirfærslu hluta váttryggingastofns

Fjármálaeftirlitið tilkynnti í frétt 30. apríl um fyrirhugaða yfirfærslu hluta váttryggingastofns frá AXA Insurance UK Plc til Riverstone Insurance UK Limited og að fyrirhugðu yfirfærsla væri í samræmi við tilkynningu dags. 25. apríl 2018 frá breska fjármálaeftirlitinu Prudential Regulation Authority.

3.2 Yfirlit yfir ákvarðanir og gagnsæistilkynningar frá 1. maí 2017 til aprílloka 2018

- 4. maí 2017: Niðurstaða athugunar á framkvæmd áhættustýringar og störfum stjórnar Borgunar hf.
- 10. maí 2017: Niðurstaða athugunar á framkvæmd áhættustýringar og störfum stjórnar Valitor hf.
- 7. júlí 2017: Samkomulag um sátt vegna brots Landsbankans hf. á 1. mgr. 86. gr. laga nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti
- 8. ágúst 2017: Samkomulag um sátt vegna brots Borgunar hf. á 57. gr. a laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki (fftl.)
- 8. sept. 2017: Niðurstaða athugunar á markaðsefni Íslandssjóða hf.
- 8. sept. 2017: Niðurstaða athugunar á markaðsefni GAMMA hf.
- 8. sept. 2017: Samkomulag um sátt vegna brots Kviku banka hf. á 1. mgr. 19. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki og 4. mgr. 14. gr. laga nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti
- 14. sept. 2017: Niðurstöður athugunar á verðmati lausafjármuna við vörslusviptingu hjá Landsbankanum hf.
- 14. sept. 2017: Niðurstöður athugunar á verðmati lausafjármuna við vörslusviptingu hjá Íslandsbanka hf. (Ergo).
- 14. sept. 2017: Niðurstöður athugunar á verðmati lausafjármuna við vörslusviptingu hjá Arion banka hf.
- 21. sept. 2017: Samkomulag um sátt vegna brots GAMMA Capital Management hf. á 1. mgr. 59. gr., sbr. 30. gr. og 43. gr. laga nr. 128/2011
- 28. sept. 2017: Niðurstaða athugunar á innheimtuferli við frum- og milliinnheimtu hjá Arion banka hf., Íslandsbanka hf. og Landsbankanum hf.
- 29. sept. 2017: Niðurstaða athugunar á útlánum Íbúðalánasjóðs til leiguíbúða, sbr. 8. kafla laga nr. 44/1998 um húsnæðismál
 - 4. okt. 2017: Stjórnvaldssekt vegna brota Kletta Capital ehf. gegn a lið 6. tölul. 1. mgr. 3. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki
 - 5. okt. 2017: Stjórnvaldssekt og úrbótakrafa vegna kaupaukagreiðslna Arctica Finance hf.
- 16. okt. 2017: Samkomulag um sátt vegna brots Adix ehf. á 40. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki
- 19. okt. 2017: Niðurstaða athugunar á stofnun óumbeðinna krafna í netbanka hjá Arion banka hf., Íslandsbanka hf. og Landsbankanum hf.
- 17. nóv. 2017: Niðurstöður athugunar á verðmati lausafjármuna við vörslusviptingu hjá Lykli fjármögnun hf. (áður Lýsing hf.)
- 27. nóv. 2017: Samkomulag um sátt vegna brots á 57. gr. a laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki
- 29. nóv. 2017: Niðurstaða athugunar á hvort breytingar á stýrivöxtum hafi haft áhrif á þróun útlánavaxta hjá þremur bönkum og tveimur sparisjóðum
 - 1. des. 2017: Niðurstaða athugunar á fylgni fjárfestingarsjóðs í rekstri Júpíter rekstrarfélags hf. við tiltekna fjárfestingarheimildir laga
 - 1. des. 2017: Niðurstaða athugunar á fylgni tveggja sjóða í rekstri GAMMA Capital Management hf. við tiltekna fjárfestingarheimildir laga
 - 1. des. 2017: Niðurstaða athugunar á fylgni verðbréfasjóðs í rekstri Landsbréfa hf. við tiltekna fjárfestingarheimildir laga
 - 1. des. 2017: Niðurstaða athugunar á fylgni tveggja fjárfestingarsjóða í rekstri Stefnis hf. við tiltekna fjárfestingarheimildir laga
- 8 febr. 2018: Niðurstaða athugunar á fjárfestingum fyrir hönd víðskiptavina eignastýringar Kviku banka hf. og Virðingar hf.
- 22. feb. 2018: Samkomulag um sátt vegna brots á 1. mgr. 87. gr. laga nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti
 - 5. apr. 2018: Niðurstaða athugunar á aukagreiðslum Landsbréfa hf. til starfsmanna
 - 5. apr. 2018: Niðurstaða athugunar á aukagreiðslum Landsbankans hf. til starfsmanna
- 6. apríl 2018: Samkomulag um sátt vegna brots Origo hf. á 1. mgr. 122. gr. laga nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti
- 10. apríl 2018: Niðurstaða athugunar á ferli fjárfestingar Frjálsa lífeyrissjóðsins í Sameinuðu sílikoni hf.

3.3 Yfirlit yfir tölublöð Fjármála og greinar frá 1. maí 2017 til aprílloka 2018

Fjármál 2. tölublað 6. árgangur október 2017

Tæknin, internetið og fjármálaþjónusta – Hindranir fyrir FinTech aðila og hlutverk Fjármálaeftirlitsins
Helena Pálsdóttir, sérfræðingur í áhættugreiningu

Innviðafjárfestingar váttryggingafélaga

Katrín Gunnarsdóttir, fyrrverandi sérfræðingur í áhættugreiningu hjá Fjármálaeftirlitinu

Verði bankaáfall verður alltaf spurt: Hvar var Fjármálaeftirlitið?

Ragnar Hafliðason, fyrrverandi aðstoðarforstjóri Fjármálaeftirlitsins og sérstakur ráðgjafi forstjóra lítur til baka

Fjármál 3. tölublað 6. árgangur desember 2017

Kaupaukagreiðslur og hámark þeirra

Andrés Þorleifsson og Gísli Örn Kjartansson, lögfræðingar á eftirlitssviði

Mikilvægi þess að setja netöryggi í forgang

Stella Thors, sérfræðingur í áhættugreiningu

Richard H. Thaler og atferlishagfræðin: Tökum við alltaf skynsamlegar ákvarðanir varðandi eigin fjármál?

Hallsteinn Arnarson, sérfræðingur í áhættugreiningu

Fjármál 1. tölublað 7. árgangur mars 2018

Virk stýring hlutabréfasjóða

Finnur Tryggvi Sigurjónsson og Úrsúla Ingvarsdóttir, sérfræðingar í vettvangsathugunum

Samsettur áhættuvísir fyrir íslenska fjármálakerfið

Loftur Hreinsson, sérfræðingur í áhættugreiningu

Opinber birting upplýsinga um váttryggingastarfsemi

Jón Ævar Pálmason, sérfræðingur í áhættugreiningu

Hvenær öðlast PSD2 gildi hér á landi?

Hjálmar Stefán Brynjólfsson, lögfræðingur á sviði yfirlögfræðings



4. Aðilar undir eftirliti Fjármálaeftirlitsins

4.1 Fjöldi aðila undir eftirliti Fjármálaeftirlitsins

Flokkar aðila undir eftirliti í lok hvers árs	Skýr.	2013	2014	2015	2016	2017
<i>Starfsleyfisskyldir eða starfa skv. sérlögum:</i>						
Viðskiptabankar		4	4	4	4	4
Sparisjóðir		8	7	4	4	4
Lánafyrirtæki		6	6	5	5	5
Íbúðalánasjóður		1	1	1	1	1
Innlánsdeildir samvinnufélaga		1	1	1	1	1
Verðbréfafyrirtæki		10	9	10	10	9
Verðbréfamiðlanir		2	2	1	0	0
Rekstrarfélög verðbréfasjóða	1)	9	10	10	10	10
Fagfjárfestastjóðir - lögaðilar		7	9	14	22	20
Kauphallir		1	1	1	1	1
Verðbréfamiðstöðvar		1	1	1	1	2
Lífeyrissjóðir	2)	27	26	26	25	22
Vátryggingafélög		13	12	12	12	11
Vátryggingamiðlanir		11	9	9	9	9
Aðilar með innheimtuleyfi		5	6	8	8	7
Greiðslustofnanir		1	1	1	1	1
Gjaldeyrisskiptistöðvar			1	1	1	1
Tryggingarsjóðir		2	2	2	2	2
Skráðir lánveitendur		0	0	0	0	1
Samtals		109	108	111	117	110
<i>Aðrir aðilar háðir eftirliti:</i>						
Verðbréfasjóðir (ekki lögaðilar)	3)	57	53	50	47	42
Fjárfestingarsjóðir (ekki lögaðilar)	3)	44	48	53	60	60
Fagfjárfestastjóðir (ekki lögaðilar)	3)	63	65	71	84	91
Vörsluaðilar lífeyrissparnaðar	4)	14	13	8	8	8
Útgefendur skráðra hlutabréfa		18	17	20	21	20
Útgefendur skráðra skuldabréfa		57	60	60	57	65
Umboðsaðili erlendar greiðslustofnunar		1	1	1	1	2
Eignarhaldsfélög	5)	12	10	11	9	6
Fjármálafyrirtæki í slitameðferð		15	11	2	2	1
Alls		390	386	387	406	405

1) Sjá ennfremur fjölda verðbréfa- og fjárfestingarsjóða og fagfjárfestastjóða neðar í töflunni.

2) Margir lífeyrissjóðir eru deildaskiptir. Að meðtöldum deildunum yrði fjöldatalan yfir lífeyrissjóðina u.þ.b. 50 hærri fyrir hvert ár sem taflan sýnir.

3) Sjóðir sem ekki eru lögaðilar en starfræktir af rekstrarfélögum verðbréfasjóða. Sjá fjölda rekstrarfélaga ofar í töflunni. Nokkrir verðbréfa- og fjárfestingarsjóðir eru deildaskiptir og endurspeglast fjöldi deilda í tölunum í töflunni.

4) Viðskiptabankar og sparisjóðir. Allir einnig taldir í fjöldataölum ofar í töflunni nema erlendu vörsluaðilarnir.

5) Eignarhaldsfélög á fjármálasviði og vátryggingasviði og blönduð eignarhaldsfélög, skv. nánari skilgr. í l. nr. 161/2002 og l. nr. 56/2010. Um er að ræða virka hluthafa sem eiga meira en 50% í eftirlitsskyldum aðilum. Virkir hluthafar sem eiga á bilinu 10 - 50% eru ekki tilgreindir í töflunni.

4.2 Starfsemi erlendra aðila á Íslandi

Fjöldi aðila/félaga sem hafa heimild til að veita þjónustu á Íslandi á grundvelli reglna sem gilda á Evrópska efnahagssvæðinu.

Fjöldi í lok árs	2014	2015	2016	2017
Erlendir bankar (credit and financial institutions) án starfsstöðvar	254	263	274	337
Erlendar greiðslustofnanir án starfsstöðvar	193	266	299	343
Erlendar greiðslustofnanir með umboðsaðila	2	2	2	2
Erlend rafeyrisfyrirtæki án starfsstöðvar	38	49	84	147
Erlend rafeyrisfyrirtæki með dreifingaraðila	1	1	1	1
Verðbréfasjóðir (UCITS) (fjöldi deilda í sviga)	65 (410)	70 (518)	75(596)	93(807)
Verðbréfafyrirtæki/-miðlarar (Investment firms)	2280	2461	2512	2566
Vátryggingafélög með starfsstöð	2	2	2	2
Vátryggingafélög án starfsstöðvar	352	389	408	411
Vátryggingamiðlarar og vátryggingaumboðsmenn	5223	5055	5008	5960
Lánamiðlun				9



FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND